SKOÐUN Formaður Landverndar segir álver á Hafursstöðum afleita hugmynd. **19**

MENNING Grímuverðlaunin verða afhent í kvöld og leikárið hefur verið gjöfult. **28**

LÍFIÐ Mammút baðaði sig í alvöru kindablóði í nýjasta myndbandi sveitarinnar. **40**

SPORT Ísland er ekki eina þjóðin sem hefur komið á óvart í undankeppni EM. **34**

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Þriðjudagur
16. júní 2015
139. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014

FRÉTTIR

Mánaðaverk að vinda ofan af verkföllum

Himinháir skjalabunkar bíða afgreiðslu hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. Afgreiðslan á eftir að taka nokkurn tíma. **16**

Vilja útrýma risahvönn Bjarnarkló, sem telst til risahvanna, hefur stungið sér niður á Akureyri. Plönturnar geta brennt fólk illa. **2**

Stytta fannst á svölum Eðlilegt að verk í almannarými í stórborg verði fyrir núningi, segir Steinunn Þórarinsdóttir myndlistarkona. Stytta sem stolið var í Kaupmannahöfn er komin í leitirnar. **4**

Þokast í átt að samkomulagi Formenn þingflokka reyndu að ná saman um þingfrestun á Alþingi í gær. Samkomulag gæti verið í fæðingu. **6**

Kalla á flóttamannasjóð Mannréttindasamtökin Amnesty International segja ríki heims hafa brugðist illilega gagnvart flóttamannavandanum sem sé nú meiri en þekkst hafi frá lokum seinni heimsstyrjaldar. **10**

18

SÉRBLAÐ Fólk

Hundruð milljóna til eflingar byggð

Tillögur aðgerðahóps um að styrkja byggð í Grímsey hlaupa á hundruðum milljóna króna. Byggðakvóti, stórbættar samgöngur og ný húshitun meðal tillagna.

BYGGÐAMÁL Lagt er til að Grímsey verði gefinn 400 tonna byggðakvóti, ferjusiglingar og áætlunarflug verði stóreflt sem og að húshitun verði endurbyggð sem hluti af því að styrkja byggð í Grímsey. Undirstöðufyrirtæki í eynni ramba á barmi gjaldþrots og því þarf Íslandsbanki einnig að endursemja við útgerðarfyrirtæki og gefa eftir vaxtakostnað.

Beinn kostnaður hins opinbera af þessum hugmyndum hleypur á hundruðum milljóna króna.

Aðgerðahópur um að hjálpa atvinnulífi og byggð í Grímsey leggur þessa tillögu á borð forsætisráðherra. Í hópnum sátu Höskuldur Þórhallsson og Steingrímur J. Sigfússon sem þingmenn kjördæmisins, Ingi Björnsson og John Július Cariglia frá Íslandsbanka, Þorvaldur Lúðvíks Sigurjónsson frá Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar og lögmaður útgerðaraðila. Fulltrúi Akureyrar var Matthías Rögnvaldsson, forseti bæjarstjórnar.

Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri Akureyrar, segir það skipta miklu máli að ná lausn á þeim vanda sem byggð í Grímsey stendur frammi fyrir. „Búseta í eynni á sér um 800 ára sögu og ég trúi því að allir Íslendingar vilji viðhalda byggð í eynni. Það er einnig ljóst að allir þeir aðilar sem koma að borðinu þurfi að leggja sitt af mörkum til þess að það takmark náist," segir Eiríkur Björn.

> **Búseta í eynni á sér um 800 ára sögu og ég trúi því að allir Íslendingar vilji viðhalda byggð í eynni.**
>
> *Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri á Akureyri*

- sa / sjá síðu 4

Stjörnur safna í handarkrika:

Loðnir krikar næsta bylting

FÓLK „Ég myndi segja að þetta væri næsta skrefið í þessari jafnréttisbyltingu sem nú er í gangi," segir Inga Mekkin Guðmundsdóttir, sem heldur úti síðunni Loðin í kjól, um framtak Hollywood-stjarna á borð við Lenu Dunham, Jemima Kirk og Miley Cyrus sem keppast við að flagga hárvexti í handarkrikum.

INGA MEKKIN GUÐMUNDSDÓTTIR

Inga segist þess fullviss að einhverjum þyki þetta óþægilegt og jafnvel ógeðslegt, en það þurfi að ögra til að ná fram breytingum. „Einu sinni þótti óbærilegt að konur klæddust buxum," segir Inga, sem segist fullviss um að næsta bylting verði í hárvexti kvenna.

- ga / sjá síðu 40

Ákvæði um heimilisofbeldi í lög:

Nýtt frumvarp á næsta leiti

SAMFÉLAG Refsiréttarnefnd, sem starfar á vegum innanríkisráðuneytisins, er að leggja lokahönd á samningu frumvarps um breytingar á hegningarlögum. Breytingarnar lúta að nýju ákvæði um heimilisofbeldi.

SIGÞRÚÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR

Í íslenskum lögum er ekki að finna ákvæði sem tekur sérstaklega á ofbeldi sem beitt er í nánum samböndum heldur eru ákvæði almennra hegningarlaga látin nægja.

Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf, segir ótalmörgu þurfa að breyta í lögunum.

- ngy / sjá síðu 8

HANDTAKA Maður og kona frá Sviss sem farið hafa ránshendi um Strandir og víðar um land undanfarnar vikur voru handtekin í Norðurfirði á Ströndum í gærmorgun. Hér ræða lögreglumenn við fólkið og láta það gera grein fyrir góssi sem það hafði í tjaldi sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Lögregla hafði í gær hendur í hári þjófóttra ferðamanna á Ströndum:

Handtekin í þágu rannsóknar

LÖGREGLUMÁL Svissneska parið sem braust inn í Kaupfélagið í Norðurfirði í síðustu viku var handtekið í gærmorgun. Þetta staðfestir Hlynur Hafberg Snorrason, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á Vestfjörðum.

„Við höfum handtekið erlent par sem hefur haldið sig á Ströndum og það er verið að flytja það hingað til Ísafjarðar í þágu rannsóknar málsins. Ég get ekki sagt mikið meira að sinni enda er þetta mál í rannsókn," segir Hlynur.

Eins og áður kom fram er parinu gefið að sök að hafa stolið vörum úr Kaupfélaginu í Norðurfirði. Í framhaldinu faldi parið þýfið skammt frá Krossneslaug. Lögreglan hafði þó hendur í hári þess og viðurkenndi parið glæpinn. Nú hefur fólkið þó verið handtekið.

Í LEIFSSTÖÐ Fólkið sem handtekið var í gær hóf afbrotaferilinn strax við komuna til landsins í apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Parið sem um ræðir er sama par og stal fríhafnarpoka mæðgna sem buðu því far til Reykjavíkur í lok apríl.

Ferðamennirnir sáu þó að sér í því tilfelli og skiluðu pokanum auk afsökunarbeiðni til móðurinnar.

> **Við höfum handtekið erlent par sem hefur haldið sig á Ströndum og það er verið að flytja það hingað til Ísafjarðar í þágu rannsóknar málsins.**
>
> *Hlynur Hafberg Snorrason, yfirlögregluþjónn á Vestfjörðum*

- þea



YFIRBURÐIR

Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðallestur á tölublað 12–80 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, jan.– mar. 2015

Allt sem þú þarft ...

VEÐUR

Suðaustlæg átt í dag og víða dálítil væta. Hiti 8 til 16 stig, hlýjast fyrir norðan.

SJÁ SÍÐU 26

Pakki með 30 töflum af svefnlyfi kostar má kalla það sama og 10 töflur:

Vilja sporna við óhófi í sölu lyfja

HEILBRIGÐISMÁL Lyfjateymi Embættis landlæknis hefur skilað inn tillögum um breytt viðmiðunarverð til að bæta ávísanir ávanabindandi lyfja. Til að sporna við óhóflegum ávísunum þessara lyfja er það tillaga teymisins að töfluverð sem flestra ávanabindandi lyfja verði því sem næst óháð pakkningastærð, segir í frétt á vef embættisins.

Á Íslandi er notkun svefnlyfja, verkjalyfja, róandi og kvíðastillandi lyfja og þunglyndislyfja sú mesta á Norðurlöndunum.

Forsenda tillögunnar er sú staðreynd að munur á töfluverði vissra lyfja í mismunandi pakkningum er verulegur. Það veldur því að mun meira er selt af 30 stykkja pakkningum en 10 stykkja sem er oft á skjön við ráðlagða notkun þeirra. Engin almenn greiðsluþátttaka er fyrir svefnlyf af hálfu Sjúkratrygginga Íslands og því er hagur sjúklinga eingöngu háður verði úr apótekum og þar með viðmiðunarverðskrá.

„Eðlilegast væri að læknar væru ekki settir í þá stöðu að semja við sjúklinga um ávísanir ávanabindandi lyfja eftir því hvað þau kosta," segir embættið. - shá

SVEFNÞURFI Mun ódýrara er að kaupa meira magn vissra lyfja.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Á 14.000 nemar í vetur:

Átta þúsund sóttu um í HÍ

MENNTAMÁL Háskóla Íslands bárust liðlega átta þúsund umsóknir um grunn- og framhaldsnám fyrir komandi skólaár. Alls eru umsóknir um grunnnám tæplega 5.000 en að auki bárust skólanum rúmlega 3.000 umsóknir um að hefja framhaldsnám næsta haust.

Miðað við fjölda umsókna og ef mið er tekið af reynslu síðustu ára má búast við að nemendafjöldi við Háskóla Íslands verði hartnær sá sami og haustið 2014, eða á fjórtánda þúsund nemenda. - shá

OMAR AL BASHIR Súdansforseti er ásakaður um stríðsglæpi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Súdansforseta tókst að flýja í þotu sinni frá Suður-Afríku:

Náði að komast undan framsali

SUÐUR-AFRÍKA Omar Hassan al Bashir Súdansforseti fór með einkaþotu sinni frá Suður-Afríku í gær án þess að þarlend yfirvöld reyndu að stöðva hann.

Hæstiréttur landsins hafði farið fram á að hann yrði kyrrsettur vegna þess að Alþjóðlegi sakadómstóllinn í Haag hafði farið fram á framsal hans vegna ásakana um stríðsglæpi.

Bashir kom til Suður-Afríku til að taka þátt í leiðtogafundi Afríkubandalagsins um helgina. Suður-Afríka á aðild að stríðsglæpadómstólnum, en segir að leiðtogar Afríkubandalagsríkjanna njóti friðhelgi á fundum þeirra. - gb

Ítreka ábendingu sína:

Eftirlit sé með starfi erlendis

ÖRYGGISMÁL Ríkisendurskoðun hvetur innanríkisráðuneytið til að hafa eftirlit með því að verkefni Landhelgisgæslunnar erlendis komi ekki niður á getu hennar til að sinna lögbundnum skyldum sínum hér við land, segir í nýrri eftirfylgniskýrslu.

Ríkisendurskoðun telur óljóst með hvaða hætti innanríkisráðuneytið hyggst sinna eftirliti með áhrifum erlendra verkefna Landhelgisgæslunnar á lögbundna starfsemi hennar. Ábending um að það sé skýrt er því ítrekuð. - shá

Banaði fimm börnum sínum:

Í lífstíðarfangelsi fyrir morð

FINNLAND Þrjátíu og sex ára gömul kona var í gær dæmd í lífstíðarfangelsi í Finnlandi fyrir að bana fimm nýfæddum börnum sínum á árunum 2005 til 2013 og fela í frystikistu. AFP greinir frá.

Upp komst um glæpi konunnar í júní í fyrra þegar nágrannar kvörtuðu undan vondri lykt í fjölbýlishúsinu sem konan var nýflutt í með manni sínum.

Í ljós kom að konan hafði falið lík barnanna í ruslapokum í kjallara hússins. Konan neitaði sök í málinu. - ngy

Vilja útrýma risahvönn á Akureyri

Risahvönn er farin að dreifa sér víða á Akureyri. Komist safinn úr hvönninni í snertingu við húð geta myndast slæm brunasár, segir grasafræðingur. Í Stykkishólmi hófust aðgerðir gegn risahvönn fyrir sex árum. Eru fjarlægðar um leið og þær sjást.

NÁTTÚRA Risahvannir, sem geta valdið alvarlegum bruna, dreifa sér nú hratt á Akureyri. Grasafræðingar við Akureyrarsetur Náttúrufræðistofnunar Íslands vilja að risahvönninni þar verði útrýmt.

STARRI HEIÐMARSSON

„Það er nýbúið að kortleggja staðina þar sem risahvönn vex á Akureyri og hún er mjög víða," segir dr. Starri Heiðmarsson grasafræðingur en hann hefur ásamt dr. Pawel Wasovicz grasafræðingi fylgst með þeim tveimur tegundum risahvanna sem náð hafa fótfestu á Íslandi, það er bjarnarkló og tröllahvönn.

Starri segir risahvannir plöntur sem líklegt er að verði ágengar. Þær séu víða á Reykjavíkursvæðinu en einnig annars staðar á landinu.

„Fólk er með þetta sem fallega plöntu í görðum. Það gerist lítið fyrst en svo dreifa risahvannirnar sér hratt þegar þær hafa náð fótfestu og hver fullþroskuð planta gefur af sér mikið af fræjum. Það er enn möguleiki að bregðast við dreifingu þeirra og útrýma þeim á Íslandi en þá þarf að bregðast hratt við."

Safi risahvannar inniheldur mikið magn efnasambandsins fúranókúmarín, að því er Starri greinir frá.

„Komist safinn í snertingu við húð getur myndast alvarlegur bruni en efnasamböndin virkjast þegar þau verða fyrir sólarljósi. Sérstaklega skal varast að safinn komist í snertingu við augu en slíkt getur valdið tímabundinni og jafnvel varanlegri blindu."

Hann bendir á að þótt ýmsar aðrar innlendar og erlendar plöntur innihaldi svipuð efnasambönd þá séu risahvannirnar sérstaklega hættulegar vegna mikils styrks efnasambandanna og vegna stærðar þeirra.

„Fólk hefur fengið brunasár af risahvönn en börn eru náttúrlega í sérstakri hættu ef þau eru að leik þar sem risahvönn er."

Í Stykkishólmi hófust aðgerðir gegn risahvönn sumarið 2010. Felast þær í því að plantan er fjarlægð þar sem hún vex utan garða og það sama er gert í görðum þar sem samþykki garðeigenda fæst.

„Risahvannir eru fjarlægðar um leið og þær uppgötvast. Ef ég man rétt hefur hún fundist á 14 stöðum, þar af rúmlega helmingurinn í görðum. Það hefur fengist leyfi til eyðingar hjá öllum garðeigendum nema einum. Risahvönnin var ekki orðin útbreidd. Það er erfitt að eiga við hana ef hún er farin að dreifa sér. Þá verður þetta miklu stærra vandamál," segir Róbert Arnar Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands.

Grasafræðingar við Náttúrufræðistofnun Íslands vilja fylgjast með útbreiðslu risahvanna og má tilkynna um fund tegundanna á netfangið: agengartegundir@ni.is. ibs@frettabladid.is

BJARNARKLÓ Á AKUREYRI Bjarnarkló telst til risahvanna eins og tröllahvönn. Risahvannir er að finna víða á Reykjavíkursvæðinu og einnig annars staðar úti um landið.

BRUNASÁR AF VÖLDUM RISAHVANNA GRÓA HÆGT OG SKILJA EFTIR SIG DÖKKA HÚÐ.

MYNDIR: BOB KLEINBERG/NYSDEC

5. DAGUR | 6. DAGUR | 7. DAGUR | 8. DAGUR | 9. DAGUR | 5 MÁN.

> **Risahvannir eru fjarlægðar um leið og þær uppgötvast. Ef ég man rétt hefur hún fundist á 14 stöðum, þar af rúmlega helmingurinn í görðum. Það hefur fengist leyfi hjá öllum garðeigendum nema einum.**
>
> *Róbert Arnar Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands*

Golf R-Line lofar góðu.

Aukahlutir á mynd 18" felgur.

Við setjum í sólargírinn og bjóðum nokkra vel útbúna Golf R-Line á frábæru sumarverði.
Komdu í reynsluakstur til okkar í HEKLU og taktu á móti sumrinu í nýjum þéttbúnum Golf R-Line.
Við tökum hlýlega á móti þér.

Staðalbúnaður í R-Line 1.4 TSI sjálfskiptum

- 17" Dijon felgur
- Skyggðar rúður
- Sportinnrétting
- R-Line útlit
- Xenon ljós með LED dagljósum
- Panoramic sóllúga

Verð frá 4.030.000 kr.

Das Auto.

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

SPURNING DAGSINS

Dagur, þarf að fara fram mat á Hlemmi?

Já, ef við viljum að markaðurinn hafi eitthvert kjöt á beinunum.
Dagur B. Eggertsson borgarstjóri sér fyrir sér að matarmarkaður rísi á Hlemmi innan tíðar. Auglýst verður eftir rekstraraðilum á Hlemmi á næstunni.

Stolin stytta Steinunnar Þórarinsdóttur sást á svölum íbúðarhúss í Kaupmannahöfn síðasta sunnudag:

Tóku styttuna með sér heim í leigubíl

SAKAMÁL Höggmynd Steinunnar Þórarinsdóttur sem stolið var í síðustu viku í Kaupmannahöfn fannst á svölum íbúðar í borginni á sunnudag. Verkið hafði verið til sýnis á bekk við Amagertorg og var eitt af rúmlega tuttugu listaverkum Steinunnar sem eru nú til sýnis víðs vegar um borgina.

Útlit er fyrir að þjófarnir hafi skilið verkið eftir við Kóngsins nýjatorg en þaðan tók annar maður styttuna. Sá fór með hana heim til sín í leigubíl. Steinunn segir manninn líklega ekki hafa þorað að geyma verkið lengur eftir að málið komst í hámæli.

Málið vakti athygli eftir að myndir af upphaflega þjófnaðinum rötuðu í fjölmiðla. Myndina tók íslenskur ferðamaður sem átti leið hjá.

Eigandi íbúðarinnar hringdi loks í eiganda gallerísins sem sér um sýninguna ásamt borginni og tilkynnti um verknaðinn.

„Það er auðvitað eðlilegt að verk eins og þetta verði fyrir núningi þar sem það er sett upp í almannarými í stórborg og þá verður bara að taka á því. Kaupmannahafnarborg og Galleri Christoffer Egelund tóku myndarlega á málinu og svo auðvitað frábær íslensk kona sem var á Strikinu að nóttu til og tók myndirnar sem réðu úrslitum," segir Steinunn Þórarinsdóttir. Sýning hennar mun standa yfir í allt sumar. - þea

ÞJÓFNAÐUR Höggmynd eftir Steinunni Þórarinsdóttur var stolið af bekk í Kaupmannahöfn. MYND/STEINUNN ÓRARINSDÓTTIR

BRUNI Eldur kviknaði í húsnæði Bílaleigu Akureyrar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eldsvoði í Skeifunni í gær:

Kviknaði í út frá logsuðutæki

ELDSVOÐI Eldur kviknaði í húsi Bílaleigu Akureyrar í Skeifunni í gær þegar smiðir voru að vinna með logsuðutæki á efri hæð hússins. Loginn barst í þakpappa sem kviknaði í.

Slökkvilið var kallað á staðinn um klukkan þrjú og tókst vel að slökkva eldinn.

Bílaleiga Akureyrar er til húsa í Skeifunni 9 og stendur við hlið svæðisins þar sem eldurinn í þvottahúsinu og efnalauginni Fönn kviknaði fyrir um ári.

Skaðinn í þessum bruna varð þó öllu minni en í þeim bruna. - þea

Aukið svifryk í borginni:

Mengun yfir mörkum í gær

HEILBRIGÐISMÁL Svifryk var yfir heilsuverndarmörkum á höfuðborgarsvæðinu í gær. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur segir um að ræða ryk eða þurramistur sem berst af landinu til borgarinnar með austlægum áttum.

Eftir hádegi í gær mátti sjá hálftímagildi svifryks við mælistöðina á Grensásvegi yfir 320 míkrógrömm á rúmmetra. Í gærkvöldi voru loftgæði sögð slæm á öllum mælistöðvum í Reykjavík.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fylgist náið með loftgæðum í borginni og sendir frá sér viðvaranir og leiðbeiningar ef ástæða þykir til. - ngy

Vilja bráðaaðgerðir til bjargar byggð í Grímsey

Aðgerðahópur um að bjarga byggð í Grímsey hefur sent forsætisráðherra bréf með tillögum sem gætu rennt stoðum undir byggð í eynni. Lögð er til fjölgun ferju- og flugferða, bætt kynding og byggðakvóti handa Grímsey.

BYGGÐAMÁL Lagt er til að Grímsey verði gefinn 400 tonna byggðakvóti, að ferjusiglingum verði fjölgað umtalsvert sem og áætlunarflugi, húshitun í eynni verði endurbyggð sem og að Íslandsbanki afskrifi vaxtakostnað og endursemji um lán við sjávarútvegsfyrirtæki í eynni. Beinn kostnaður hins opinbera af þessum hugmyndum er áætlaður í kringum fimm hundruð milljónir króna.

EIRÍKUR BJÖRN BJÖRGVINSSON

Aðgerðahópur um að hjálpa atvinnulífi og byggð í Grímsey leggur þessa tillögu á borð forsætisráðherra. Í hópnum sátu Höskuldur Þórhallsson og Steingrímur J. Sigfússon sem þingmenn kjördæmisins, Ingi Björnsson og John Júlíus Cariglia frá Íslandsbanka, Þorvaldur Lúðvíks Sigurjónsson frá Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar og lögmaður útgerðaraðila. Fulltrúi Akureyrar var Matthías Rögnvaldsson, forseti bæjarstjórnar.

Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri Akureyrar, segir það skipta miklu máli að ná lausn á þeim vanda sem byggð í Grímsey stendur frammi fyrir. „Búseta í eynni á sér um 800 ára sögu og ég trúi því að allir Íslendingar vilji viðhalda byggð í eynni. Það er einnig ljóst að allir þeir aðilar sem koma að borðinu þurfa að leggja sitt af mörkum til þess að það takmark náist," segir Eiríkur Björn.

Lagt er til að Grímsey fái 400 tonna byggðakvóta og að Byggðastofnun og ráðuneyti atvinnumála móti reglur um hvernig veiðiheimildir nýtist sem best til að styrkja veiðar og vinnslu í Grímsey. Kvótinn er metinn á um 160 milljónir króna.

Einnig er lagt til að innanríkisráðuneytið leggi til fjárveitingu til að fjölga ferðum Sæfara sem siglir milli lands og eyjar allt árið um kring og að fjölga flugferðum milli Akureyrar og Grímseyjar.

Í þriðja lagi er lagt til að hafinn verði undirbúningur að því að byggja upp hitaveitu í Grímsey sem mun kosta um 80 milljónir króna.

Í fjórða lagi er lagt til að Akureyrarbær og Byggðastofnun starfi saman með málefni Grímseyjar og að fleiri tækifæri verði skoðuð fyrir byggð í eynni.

Matthías Rögnvaldsson segir vinnuna hafa gengið ágætlega. „Við í nefndinni skoðuðum til að mynda styrki við ferjuflutninga til Vestmannaeyja og við erum í raun að setja fram sams konar tillögur og er verið að vinna með þar," segir Matthías. sveinn@frettabladid.is

BROTHÆTT BYGGÐ Ef ekkert verður að gert er líklegt að byggð í Grímsey leggist af á næstu árum. Fyrirtæki eru yfirskuldsett og þurfa aðstoð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Við í nefndinni skoðuðum til að mynda styrki við ferjuflutninga til Vestmannaeyja og við erum í raun að setja fram sams konar tillögur.

Matthías Rögnvaldsson, forseti bæjarstjórnar á Akureyri

Héraðsskólinn að Núpi Dýrafirði 1907-1992

Kæru fyrrverandi nemendur, kennarar og starfsfólk.

Nú fer að koma að tímamótum, 110 ár frá stofnun Núpsskóla. Til stendur að gefa út bók af því tilefni og að eiga endurfundi á Núpi Jónsmessuhelgina 2017. Undirbúningur er hafinn í höndum stjórnar Hollvina Núpsskóla.

Við hvetjum ykkur til að gerast Hollvinir Núpsskóla og senda upplýsingar á póstfangið nupsskoli@nupsskoli.is með kennitölu, nafni, heimilisfangi og netfangi, svo við getum sent ykkur fréttabréf og nánari upplýsingar.

Með bestu kveðju.
Stjórn Hollvina Núpsskóla

Við megum engan mann missa, segir Páll Matthíasson, forstjóri LSH:

Á fimmta tug sögðu upp í gær

KJARAMÁL Yfir fjörutíu hjúkrunarfræðingar á Landspítalanum sögðu upp störfum í dag. Mikil ólga er meðal þeirra vegna lagasetningar á verkfall.

„Við höfum fengið staðfest og skjalfest 42 uppsagnarbréf í dag. Það bætist við 21 uppsögn sem áður var komin frá geislafræðingum, og það kann að vera að fleiri séu á leiðinni," sagði Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, í viðtali við fréttastofu í gær.

PÁLL MATTHÍASSON

Fjöldi hjúkrunarfræðinga til viðbótar er sagður íhuga að segja upp störfum, vegna lagasetningarinnar á verkfall þeirra. „Ég mun skila inn uppsögn. Ég er alveg ákveðin í því," segir Hrönn Hreiðarsdóttir svæfingarhjúkrunarfræðingur.

„Maður finnur það að fólk er reitt," segir Vigdís Árnadóttir skurðhjúkrunarfræðingur.

Páll segir mikið áhyggjuefni ef allar uppsagnirnar koma til með að standa. „Það er náttúrulega bara nokkuð sem ég vil ekki hugsa um," segir Páll. „Við megum engan mann missa og ég held að við eigum ekki að ganga út frá því að allt þetta frábæra starfsfólk hætti, heldur að ganga út frá því að fundin verði lausn og sátt. Þannig að allt okkar góða starfsfólk geti áfram unnið að uppbyggingu heilbrigðiskerfisins." - lvp

MÓTMÆLI Hjúkrunarfræðingar og félagsfólk BHM mótmælti á Austurvelli á föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

WWW.NISSAN.IS

NISSAN

Innovation that excites

NÝR NISSAN X-TRAIL

STÓRI BRÓÐIR NISSAN QASHQAI

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX

TÆKNILEGUSTU SPORTJEPPARNIR

Nýju sportjepparnir frá Nissan eru hlaðnir spennandi nýjungum, t.a.m. ÖRYGGISHJÚP, sem byggir á 360° MYNDAVÉLATÆKNI. Hann tekur við upplýsingum frá myndavélum á öllum hliðum bílsins og miðlar þeim til öryggiskerfa sem fylgjast með öllu sem gerist. Kerfin láta ökumann vita þegar eitthvað óvænt steðjar að sem valdið getur hættu.

360° MYNDAVÉLATÆKNI



NISSAN CONNECT

ÖRYGGISHJÚPUR

NISSAN HEFUR TEKIÐ FORSKOT

Nýju sportjepparnir frá Nissan hafa tekið forskot - því viðskiptavinir standast ekki glæsilegt útlit, ríkulegan búnað og hagstætt verð.

Við bjóðum ykkur velkomin að sjá og reynsluaka Nissan X-Trail og kynnast af eigin raun yfirburðum nýju sportjeppanna frá Nissan.

NISSAN X-TRAIL

ACENTA, SJSK., DÍSIL
Framhjóladrifinn

Verð: 5.490.000 kr.

Eyðsla 5,1 l /100 km*

NISSAN X-TRAIL

ACENTA, BSK., DÍSIL
Fjórhjóladrifinn

Verð: 5.890.000 kr.

Eyðsla 5,3 l /100 km*

ACENTA 360° myndavélakerfi, LED dagljósabúnaður, 17" álfelgur, handfrjáls símabúnaður Bluetooth
Nissan Connect kerfi: Íslenskur leiðsögubúnaður, þráðlaus afspilun á tónlist og tenging við snjallforritin Facebook, Google o.fl.

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM68133

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

VEISTU SVARIÐ?

1. Hver voru úrslitin í leik Íslands og Svartfjallalands í handbolta?
2. Hvað vill Dagur B. Eggertsson borgarstjóri fá á Hlemm?
3. Hvað hefur iðnaðar- og viðskiptaráðherra farið í margar utanlandsferðir frá 2013?

SVÖR:
1. 34-22 fyrir Ísland. **2.** Matarmarkað. **3.** 23.

Framkvæmdastjóri ABC barnahjálpar á Íslandi vísar ásökunum um mútur í Kenía til föðurhúsanna:

Illvígar deilur innan hjálparsamtaka ABC

SAMFÉLAG „Það skiptir mestu máli að skólagöngu barnanna verði ekki raskað á nokkurn hátt, en það byggir eingöngu á trausti almennings til okkar," segir Fríður Birna Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri ABC barnahjálpar á Íslandi.

Fréttablaðið greindi frá því á dögunum að deilur stæðu milli ABC barnahjálpar á Íslandi og ABC barnahjálpar í Kenía. Þórunni Helgadóttur, formanni samtakanna í Kenía, var sagt upp störfum fyrr á árinu en hún er föst á því að staða hennar í Kenía sé óbreytt, enda sé um tvö aðskilin félög að ræða. ABC á Íslandi heldur því hins vegar fram að félagið eigi ABC í Kenía.

Þá greindi Fréttablaðið frá því að Þórunn sakaði ABC á Íslandi um mútur í Kenía þar sem stjórnin beri fé á einstaka starfsmenn innan skólans í Kenía í þeim tilgangi að taka yfir skólann með valdi.

FRÍÐUR BIRNA STEFÁNSDÓTTIR

Aðspurð hvort ásakanir um mútur í Kenía eigi sér stoð svarar Fríður því neitandi. „Ég vísa ásökununum til föðurhúsanna. Við erum að hugsa um börnin númer eitt, tvö og þrjú og látum þau mál í forgang," segir Fríður og bætir við að framfærsla barnanna hafi borist í maí og júní. Þórunn segir hins vegar að engar greiðslur hafi borist í maí og júní.

„Mér sýnst Þórunn hafa unnið mjög gott starf í Kenía og mér finnst ekki í lagi að það sé búið að loka fyrir greiðslur til hennar," segir Matthildur Þórðardóttir, styrktaraðili barns í Kenía hjá ABC. „Enginn segir manni neitt. Ég veit ekki hvað verður um barnið sem ég er að styrkja. Verður það í skólanum hjá Þórunni eða ekki?" - ngy

70% á höfuðborgarsvæðinu:

Velta í fyrra var 3.500 milljarðar

VIÐSKIPTI Velta íslenskra fyrirtækja var langmest á höfuðborgarsvæðinu í fyrra samkvæmt tölum Hagstofunnar, eða yfir 70 prósent heildarveltunnar.

HALLDÓR HALLDÓRSSON

Halldór Halldórsson, formaður Sambands sveitarfélaga, segir tölurnar ekki gefa rétta mynd. „Það vill nú svo til að flest stór fyrirtæki, tryggingafélög, flutningafyrirtæki og stórar keðjur, eru með lögheimili í Reykjavík," segir hann. Veltan verði til á öllu landinu þótt í gögnum mælist hún bara í Reykjavík.

Af 3.500 milljarða heildarveltu árið 2014 mælast um 1.660 milljarðar í Reykjavík. Kópavogur, Hafnarfjörður og Garðabær koma í humátt þar á eftir. Fjórða stærsta sveitarfélagið hvað veltu fyrirtækja varðar er Akureyri. - sa

Fagna 100 ára kosningarétti:

Eingöngu kvenbæjarfulltrúar

AKUREYRI Eingöngu kvenbæjarfulltrúar munu sitja og stýra bæjarstjórnarfundi Akureyrarbæjar í dag klukkan fjögur. Þetta er gert í því tilefni að hundrað ár eru síðan konur fengu kosningarétt hérlendis. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu sem Akureyrarbær sendi frá sér í gær.

Allar konur sem hafa verið bæjarstjórnarfulltrúar á Akureyri eru hvattar til að mæta í bæjarstjórnarsalinn og hlýða á fundinn en að honum loknum munu bæði núverandi og fyrrverandi kvenbæjarfulltrúar borða saman til að fagna afmælinu. - þea

Þokast í samkomulagsátt

Þingflokksformenn reyndu að ná saman um þingfrestun í gær. Ekkert samkomulag náðist en mjakast í rétta átt. Framsóknarflokkurinn harðari á málum en Sjálfstæðisflokkurinn. Samkomulag gæti verið í fæðingu.

FRÉTTASKÝRING
Hvað líður þinglokum?

Enn ríkir fullkomin óvissa um hvernig þingstörfum verður háttað og hvaða mál verða að lögum fyrir þingfrestun. Hlé var gert á þingfundi í gær svo formenn þingflokka gætu reynt að ná saman. Ekkert áþreifanlegt kom út úr fundinum, en þó mjakast menn í átt til samkomulags.

Rammaáætlun og makríll eru enn helstu deilumálin, en þó er ágreiningur um fleiri mál.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins halda ráðherrar Framsóknarflokksins málum ríkisstjórnarinnar harðar fram en ráðherrar Sjálfstæðisflokksins. Hjá þeim síðarnefndu ríkir meiri vilji til samkomulags. Í dag eru 18 dagar síðan fresta átti þingi samkvæmt starfsáætlun, áætlun sem Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, lagði ríka áherslu á að allt þingið skyldi halda.

Samkomulag á þessu stigi gengur út á það að ríkisstjórnin leggur fram lista með þeim málum sem hún setur í forgang að klára. Stjórnarandstaðan mætir því með lista yfir þau mál sem hún gæti sæst á að yrðu að lögum. Og eins og alltaf þegar komast þarf að samkomulagi þurfa báðir aðilar að gefa eftir til að hægt sé að ná saman.

Það sem hefur einkennt stöðuna núna er að djúpt hefur verið á slíkum forgangslista frá stjórninni. Fyrir þinginu liggja á áttunda tug mála frá ráðherrum og stjórnarandstæðingar hafa kallað eftir forgangslista svo hægt sé að semja.

Þingmenn sem Fréttablaðið ræddi við sögðust í gær aldrei hafa upplifað annan eins hnút. Lítið hefur verið fundað og erfiðlega gengið að finna grundvöll að samkomulagi.

SÁTTAFAÐMUR Össur Skarphéðinsson og Bjarni Benediktsson á góðri stundu. Stjórnarandstaðan hefur kvartað yfir því að samningar um þingstörf gangi illa við stjórnarliða sem kvarta yfir því sama gagnvart stjórnarandstöðu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Málið er þó betur á veg komið eftir fundarhöld gærdagsins. Þeir bjartsýnustu töldu mögulegt að samkomulag næðist í dag. Það gerir þó málin flókin að semja þarf um allan þann fjölda mála sem fyrir liggur, að hnýta alla lausa enda. Þannig getur eitt mál sem út af stendur fellt samkomulagið, en á sama hátt vinnast mál hratt eftir að saman næst.

Þegar samkomulag er í höfn gæti þingið þurft nokkra daga til að ljúka almennum málum, en ekki er ólíklegt að haftafrumvörpin fái ítarlegri umræðu. Þingið gæti því verið að störfum út mánuðinn.

kolbeinn@frettabladid.is

➜ Bjartsýnustu menn telja ekki útilokað að semjist um þinglokin í dag. Eitt mál sem út af stendur gæti fellt samkomulagið. En náist saman gerast hlutir hratt.

LYFJA – Lifið heil

www.lyfja.is

20% afsláttur
af 100g og 150g Voltaren Gel í júní

Voltaren Gel

Lyfjaauglýsing

Lágmúla, Laugavegi, Nýbýlavegi, Smáralind, Smáratorgi, Borgarnesi, Grundarfirði, Stykkishólmi, Búðardal, Patreksfirði, Ísafirði, Blönduósi, Hvammstanga, Skagaströnd, Sauðárkróki, Húsavík, Þórshöfn, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Neskaupstað, Eskifirði, Reyðarfirði, Höfn, Laugarási, Selfossi, Grindavík, Keflavík

Landsvirkjun

Landsvirkjun hlýtur gull í Jafnlaunaúttekt PwC öðru sinni

Þegar Landsvirkjun var stofnuð fyrir 50 árum leit samfélag okkar öðruvísi út. Konur sóttu í auknum mæli út á vinnumarkað sem ekki virtist í stakk búinn til að taka á móti þeim og fengu lægri laun en karlar fyrir sömu vinnu. Síðan þá hafa framfaraskrefin verið mörg þó enn séu ýmis óstigin.

Landsvirkjun hefur unnið markvisst að því að tryggja jöfn laun karla og kvenna fyrir sömu störf. Fyrirtækið hefur nú hlotið gullmerki í jafnlaunaúttekt PwC annað árið í röð. Munur á grunnlaunum karla og kvenna mælist 0,1% sem er minnsti munur sem PwC hefur mælt í sínum úttektum.

SVONA ERUM VIÐ

4.375 lifandi börn fæddust á Íslandi árið 2014. Yfir sama tímabil fæddust 11 andvana börn hér á landi.

Vilja rannsókn á málinu:

Segja stjórnvöld beita mútum

ÁSTRALÍA Grunur leikur á að áströlsk stjórnvöld hafi nýtt opinbert skattfé til að múta skipstjórum flóttamannabáta til að snúa frá Ástralíu.

TONY ABBOTT

Stjórnarandstaðan í ástralska þinginu hefur kallað eftir rannsókn vegna málsins en Tony Abbott forsætisráðherra hefur hafnað ásökunum.

Sameinuðu þjóðirnar hafa lýst því yfir að ásakanirnar séu alvarlegar ef þær reynast réttar en starfsmenn Sameinuðu þjóðanna hafa heimildir um að skipstjórar hafi þegið allt að þúsund dollara fyrir að flytja flóttamenn til baka. - srs

Lagaákvæði er lýtur að heimilisofbeldi væntanlegt

Refsiréttarnefnd hefur samið lagafrumvarp um breytingar á hegningarlögum um nýtt ákvæði sem skilgreinir heimilisofbeldi. Innanríkisráðherra hyggst leggja frumvarpið fram næsta haust. Kvennaathvarfið fagnar vænt-anlegri breytingu og vonast til þess að með lagabreytingunni verði sérstaða ofbeldisins viðurkennd.

SAMFÉLAG Refsiréttarnefnd, sem starfar á vegum innanríkisráðuneytisins, er að leggja lokahönd á samningu frumvarps um breytingar á hegningarlögum. Frumvarpið lýtur að nýju ákvæði um heimilisofbeldi.

Á Íslandi er ekki að finna ákvæði sem tekur sérstaklega á ofbeldi sem beitt er í nánum samböndum heldur eru ákvæði almennra hegningarlaga látin nægja.

Refsiréttarnefnd semur frumvarpið að beiðni Ólafar Nordal innanríkisráðherra og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er nefndin að leggja lokahönd á gerð frumvarpsins.

„Ráðherra hefur ekki fengið frumvarpið á borð til sín og því getum við ekki sagt nákvæmlega hvaða breytingar verða gerðar á hegningarlögunum," segir Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, aðstoðarkona innanríkisráðherra.

Þórdís staðfestir þó að verið sé að vinna í umræddu frumvarpi og að ráðherra eigi eftir að fara yfir það. „Stefnt er að því að ráðherra leggi frumvarpið fram í haust," segir Þórdís Kolbrún.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins felst frumvarpið í því að endurskoða refsilöggjöfina með hliðsjón af Istanbúlsamningi sem Ísland er aðili að. Samningurinn er alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir og berjast gegn ofbeldi gagnvart konum og heimilisofbeldi. Með frumvarpinu er stefnt að því að mæta ákvæðum samningsins svo Ísland geti fullgilt hann. Þá hefur Fréttablaðið heimildir fyrir því að í frumvarpinu sé tekið á fyrningarreglum, en í dag er fyrningarfrestur vegna heimilisofbeldis sá sami og annarra ofbeldisbrota.

SIGÞRÚÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR

„Með frumvarpinu langar okkur að sjá ótalmargt og þá aðallega að lögin skilgreini betur ofbeldi í nánum samböndum," segir Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf, sem fagnar vænt-anlegum breytingum á hegningarlögunum. „Sök vegna heimilisofbeldis fyrnist eftir sömu reglum og gilda um ofbeldi milli ókunnugra og þar með er ekki tekið tillit til þess hve þungbært er að kæra ofbeldisverk maka og hve erfitt er að gera það meðan á sambandinu stendur," segir Sigþrúður sem segist vilja sjá breytingar á fyrningarreglum meðal annars.

HEIMILISOFBELDI Framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf segir þungbært að kæra ofbeldisverk maka og vill að tekið verði tillit til þess. NORDICPHOTOS/GETTY

Þá vill hún að umrætt lagaákvæði fjalli um heimilisofbeldi sem brotasamfellu en ekki sem einstakt afbrot hverju sinni eins og staðan sé í dag.

„Við viljum sjá að það sé horft á heimilisofbeldi sem heildarpakka og viljum einnig vernd eftir að sambandi lýkur, til dæmis breytingar á reglum um nálgunarbann," segir Sigþrúður og bætir við að þó að sambandi ljúki milli ofbeldismanns og fórnarlambs sé ekki þar með sagt að öll hætta sé úti.

Að lokum segist Sigþrúður vonast til þess að með lagabreytingunni verði sérstaða ofbeldisins viðurkennd. nadine@frettabladid.is

Fasteignaeigendur

Í pósthólfi ykkar á *mínum síðum* á **Ísland.is** er tilkynning um fasteignamat eigna ykkar sem gildir árið 2016.

Hægt er að skoða mat einstakra eigna á **Skrá.is.** Fasteignaeigendur geta einnig fengið matið sent í bréfpósti með því að hringja í síma 515 5300.
Frestur til athugasemda er til 1. september 2015.
Frekari upplýsingar er að finna á www.skra.is

ÞÍ 14052015 RRS

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS REGISTERS ICELAND | Sími 515 5300 | skra@skra.is | www.skra.is

TAÍLENSKUR FISKUR Stjórnvöld á Taílandi vinna að því að uppræta mansal í fiskiðnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

ORA fylgist með aðstæðum starfsfólks ytra:

Mansal er vandamál í útgerð á Taílandi

MANNRÉTTINDI Mansal hefur tíðkast í fiskiðnaði í Taílandi um árabil. Human Rights Watch og Anti-Slavery samtökin hafa greint frá slæmum aðstæðum starfsmanna á smábátum í Taílandi. Dæmi eru um að verkamenn frá Búrma gangi kaupum og sölum á milli skipstjóra.

ORA kaupir túnfisk frá Taílandi en Leifur Þórsson, framkvæmdastjóri ORA, leggur mikla áherslu á að starfsfólk sinna viðskiptavina búi við viðunandi starfsskilyrði.

„Það er líka þannig að allir sem stunda verslun við Evrópumarkað þurfa að vera með tilheyrandi starfsskilyrði og vottun. Og ef eitthvað er að er gerð úttekt á því að viðkomandi standist allar tilsettar kröfur."

Fyrr á árinu setti Evrópusambandið þau skilyrði að taílensk stjórnvöld ynnu markvisst gegn mansali í starfsgreininni og hótaði að setja innflutningsbann á fisk til ESB ef engar bætur yrðu á. Taíland er þriðja stærsta fiskútflutningsþjóð í heimi.

LEIFUR PÓRSSON

Í fyrra greindi The Guardian frá því að alþjóðlega fiskveiðifyrirtækið CP Foods frá Taílandi verslaði með afurðir sem veiddar hefðu verið af fórnarlömbum mansals.

„Við hjá ORA höfum síðustu áratugi keypt nær allan túnfisk sem við höfum selt hér á landi af taílenska framleiðandanum Thai Union. Allur túnfiskur sem seldur hefur verið í nafni ORA á smásölumarkaði hefur komið frá þeim framleiðanda."

Í tilfelli Thai Union höfðu viðskipti við mansalsmenn ekki átt sér stað en forsvarsmenn Thai Union hafa harðlega fordæmt ólöglega starfsemi af þeim toga.

Leifur leggur áherslu á viðunandi viðskiptavini. „Það skiptir okkur gífurlega miklu máli að þeir sem við stundum verslun við séu ábyrgir framleiðendur." - srs

ELLINGSEN

99 ára

1916-2015



VELKOMIN Í 99 ÁRA AFMÆLI ELLINGSEN!

Ávallt fyrirliggjandi allt til
útivistar, stangveiði & skotveiði

Ennfremur allskonar
reiðhjól, ferðavörur,
bátavörur & grill

– Fatnaður og skór fyrir börn og fullorðna í úrvali –

**Þér finnið vart betra verð en hjá
verzlun O. Ellingsen. Frábær afmælistilboð!**

**Vegleg afmælisveizla, sætindi
og kökur þriðjudaginn 16. júní.
Allir velkomnir.**

REYKJAVÍK	AKUREYRI	AFGREIÐSLUTÍMI
Fiskislóð 1	Tryggvabraut 1–3	Mán.–fös. 10–18
Sími: 580 8500	Sími: 460 3630	Lau. 10–16

Ellingsen
Fullt hús ævintýra

Skora á Ban Ki-moon:

Auka vitund um taugaskaða

FÉLAGSMÁL Tæplega 26 þúsund Íslendingar skrifuðu undir áskorun til Sameinuðu þjóðanna um að auka skilning á virkni taugakerfisins.

Undirskriftalistinn verður afhentur Ban Ki-moon, aðalritara Sameinuðu þjóðanna.

Áskorunin er hluti af átakinu „Stattu með taugakerfinu“ sem vakið hefur athygli hérlendis síðastliðnar fjórar vikur.

Taugaskaði er ein helsta ástæða fötlunar í heiminum. - snæ

Alexis Tsipras sýndi bata í íslensku efnahagslífi mikinn áhuga á ráðstefnu vinstri flokka í Aþenu í fyrra:

Segir íslensku leiðina ekki til samanburðar

EFNAHAGSMÁL „Þeir hafa verið mjög áhugasamir um efnahagsbatann á Íslandi og það hafa einhverjir nærri honum [Tsipras] áður haft samband til að grennslast fyrir um þessi mál,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, fyrrverandi fjármálaráðherra.

Hann segir ekkert formlegt samstarf vera á milli Vinstri grænna og Syriza en fólk á vinstri hliðinni í Evrópu hittist reglulega.

„Ég var þarna á Grikklandi fyrir ári á tveggja daga ráðstefnu til að

ALEXIS TSIPRAS

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

tala um þessi efnahagsmál. Þar tók ég meðal annars þátt í pallborði með Tsipras og ég hef hitt hann nokkrum sinnum. Við erum hvor öðrum kunnugir.“

The Telegraph greindi frá því á sunnudaginn að áhugi væri meðal þingmanna Syriza á að fara svokallaða íslenska leið við að glíma við skuldavanda Grikklands.

Fundir leiðtoga Grikklands og Evrópusambandsins báru engan árangur um helgina en í lok mánaðar gjaldfellur 1,5 milljarða evra lán frá AGS til Grikklands.

Alexis Tsipras neitar að verða við lánaskilyrðum Evrópusambandsins sem fela meðal annars í sér að skera niður í lífeyriskerfinu.

Steingrímur segir að fulltrúar innan Syriza hafi verið áhugasamir um íslensku leiðina fyrir stjórnarskipti í Grikklandi en hann varar við því að fólk standi í of miklum samanburði.

„Ég set á það mikla fyrirvara. Eins og ég hef sagt að þá er þetta algerlega ósambærilegt. Það getur verið áhugavert og gagnlegt að bera saman bækur en að yfirfæra lausnina er allt annar handleggur.“ - srs

VÍN Allt áfengið sem flutt var inn var 37,5 prósent að styrk. NORDICPHOTOS/GETTY

Reyndu að blekkja tollinn:

Fluttu inn vín og voru ákærðir

DÓMSMÁL Tveir menn hafa verið ákærðir fyrir fjársvik og blekkingu við innflutning á 7.224 flöskum af sterku áfengi árið 2012.

Mennirnir eru sakaðir um að hafa flutt áfengið inn á nafni Vínheima ehf. en síðar stílað reikning á félagið Valís ehf. Annar hinna ákærðu fékk áfengið tollafgreitt og ráðstafaði því þannig að ekkert af andvirði áfengisins rann til síðarnefnda félagsins.

Með þessu fengu mennirnir greiðslufrest á kröfu tollsins. Krafan nam rúmum 26 milljónum króna.

Málið var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Mennirnir neituðu báðir sök. - snæ

Verðmerkingar í ólagi:

Neytendastofa sektar bakarí

NEYTENDUR Neytendastofa hefur sektað þrjú bakarí, um samtals 275 þúsund krónur, vegna ónógra verðmerkinga. Stofnunin skoðaði ástand verðmerkinga í fjölda bakaría í febrúar og apríl.

Þau fyrirtæki sem höfðu gripið til aðgerða og lagað verðmerkingar sínar fyrir neytendur sluppu við sektargreiðslur. Sveinsbakarí, Fjarðarbakarí og Bakarameistarinn höfðu hins vegar ekki gætt að sér og þurfa því að greiða sekt í ríkissjóð. - sa

Segja ríki heims þurfa að stofna flóttamannasjóð

Mannréttindasamtökin Amnesty International segja ríki heims hafa brugðist illilega gagnvart flóttamannavandanum, sem nú er orðinn verri en þekkst hefur frá lokum seinni heimsstyrjaldar. Fimm nágrannalönd Sýrlands eru að sligast undan vandanum og engar líkur á því að flóttafólkið geti snúið aftur til Sýrlands í bráð.

BRETLAND Meira en fjórar milljónir manna hafa hrakist frá Sýrlandi frá því vopnuð átök þar hófust vorið 2011. Langflestir þeirra hafast nú við í fimm nágrannaríkjum Sýrlands, sem eru að sligast undan vandanum.

„Flóttamannavandinn er eitt helsta verkefni 21. aldarinnar, en viðbrögð alþjóðasamfélagsins hafa verið til skammar,“ segir Shalil Shetty, framkvæmdastjóri mannréttindasamtakanna Amnesty International, í tilefni af útgáfu nýrrar skýrslu um ástandið. „Umheimurinn getur ekki lengur setið hjá og fylgst með löndum á borð við Líbanon og Tyrkland taka á sig þetta stórar byrðar.“

Samtökin segja nauðsynlegt að stokka rækilega upp í þeim leiðum, sem alþjóðasamfélagið svonefnda hefur farið til þess að bregðast við vandanum. Móta þurfi nýja stefnu og stunda önnur vinnubrögð en hingað til.

Meðal annars leggja samtökin til að stofnaður verði alþjóðlegur flóttamannasjóður, sem gæti veitt myndarlegan stuðning til þeirra ríkja sem taka við mörgum flóttamönnum. Þá þurfi að efna til alþjóðlegrar ráðstefnu þar sem einkum verði horft til ábyrgðar ríkja heims og leiða til að taka í sameiningu á vandanum.

Samtökin segja að leiðtogar helstu ríkja heims hafi í raun dæmt milljónir flóttamanna til þess að búa við óbærilegar aðstæður og þúsundir manna til dauða með því að útvega ekki nauðsynlega mannúðarvernd.

Tilboð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um að taka við 20 þúsund flóttamönnum til viðbótar, sem fái hæli í löndum sambandsins, er engan veginn nóg til þess að slá á vandann.

Engar líkur virðast á því að þær milljónir flóttamanna, sem hrakist hafa frá Sýrlandi, geti snúið þangað aftur á næstu misserum. Samtökin segja að alþjóðasamfélaginu beri skylda til að sinna þessum flóttamönnum. Alltof fáum þeirra hafi boðist hæli og mikið vanti upp á að óskum mannúðarsamtaka um fjármögnun aðgerða hafi verið sinnt.

Að mati Amnesty International er þörfin slík, að 300 þúsund flóttamenn þurfi að fá hæli í öðrum löndum á ári hverju næstu fjögur árin.

gudsteinn@frettabladid.is

HANDAN GRYFJUNNAR Kúrdar í norðanverðu Sýrlandi bíða við landamæri Grikklands í von um að komast yfir gryfjuna, sem skilur á milli. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Flóttamannavandinn í tölum

- Meira en 50 milljónir manna í heiminum eru á vergangi innan eða utan heimalands síns.
- Meira en helmingur íbúa Sýrlands hefur hrakist að heiman.
- 4 milljónir Sýrlendinga hafa hrakist úr landi.
- 95 prósent flóttafólks frá Sýrlandi eru nú í fimm löndum: Tyrklandi, Líbanon, Jórdaníu, Írak og Egyptalandi.
- Meira en 3 milljónir þeirra eru í Tyrklandi og Líbanon.
- 1 af hverjum 5 íbúum Líbanons er flóttamaður frá Sýrlandi.
- Önnur lönd hafa boðist til þess að taka við 90 þúsund flóttamönnum frá Sýrlandi, sem eru aðeins 2,2 prósent flóttafólks í þessum heimshluta.
- 33 prósent þeirra flóttamanna sem koma yfir Miðjarðarhafið til Evrópu eru frá Sýrlandi.
- 1.865 flóttamenn hafa látið lífið á leiðinni yfir Miðjarðarhafi það sem af er þessu ári, en 3.500 á síðasta ári.
- 166 þúsund manns var bjargað til Ítalíu á síðasta ári.
- 3 milljónir flóttamanna koma frá átakasvæðum sunnan Sahara, í löndum á borð við Suður-Súdan, Sómalíu og Mið-Afríkulýðveldið.

17. JÚNÍ KÓPAVOGI

14.00–18.00 Hátíðar- og skemmtidagskrá á Rútstúni

Kynnar eru Gísli Einarsson og Sóli Hólm

Hátíðardagskrá hefst kl: 14.00

-Skólahljómsveit Kópavogs spilar undir stjórn Össurar Geirssonar.
-Formaður bæjarráðs, Theodóra S. Þorsteinsdóttir flytur ávarp.
-Nýstúdent flytur ræðu.
-Fjallkona flytur ljóð.

Skemmtidagskrá hefst kl: 14.30

-Margrét Eir syngur lög úr Frosin
-Lína Langsokkur
-María Ólafsdóttir
-Gunni og Felix
-Íþróttaálfurinn og Solla Stirða
-Ragnheiður Gröndal
-Herra Hnetusmjör og Joe Frazier
-Rythmatík, sigurvegari Músíktilrauna 2015

Sundlaugar opnar

8.00–18.00 Sundlaug Kópavogs og Salalaug verða opnar í tilefni af 60 ára afmælisári bæjarins. Hópar á vegum Skólahljómsveitar Kópavogs spila fyrir sundlaugagesti. Athugið að vegna hátíðarhaldanna verða götur næst Sundlaug Kópavogs lokaðar fyrir umferð og er gestum laugarinnar bent á bílastæði á milli Kópavogskirkju og Gerðarsafns.

Á Rútstúni og víðar

-Götuleikhús Kópavogs verður á flakki með alls kyns sprell.
-Leiktæki, barnatjald fyrir 0–5 ára, hoppu kastalar, veltibíll, andlitsmálun og fleira.
-Íþróttafélögin verða með söluskála á Rútstúni.
-Hjálparsveit skáta í Kópavogi verður við enda Vallargerðisvallar. Klifurveggur og sveitin sýnir tæki og búnað.

10.00–11.00 17. júní hlaup fyrir börn í 1.–6. bekk á Kópavogsvelli.

13.30 Skrúðganga frá Menntaskólanum í Kópavogi að Rútstúni. Skátafélagið Kópar og Skólahljómsveit Kópavogs. Nýstúdent og Fjallkona leiða gönguna. Skrúðgangan leggur af stað klukkan 13.30.

Gerðarsafn og listatúnið

-Gerðarsafn verður opið kl. 11–17.
-Leiksvæði fyrir börnin.
-Skapandi sumarhópar úr Molanum standa fyrir fjölbreyttum uppákomum.
-Andlitsmálun og fleira.

Félagsmiðstöðin Gjábakki kl.14.00–17.00

-Hátíðarkaffi í félagsmiðstöðinni Gjábakka.
-Atriði frá Skapandi sumarhópum Molans.
-Tónlistaratriði: Ragnheiður Gröndal

Kvöldtónleikar á Rútstúni kl: 19.30–22.00

TONERON – GÍSLI PÁLMI – JÚNÍUS MEYVANT
BUBBI – AMABADAMA

Kópavogsbær

GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

Skoðaðu úrvalið á

bilaland.is

ALLT AÐ 90% FJÁRMÖGNUN

NISSAN JUKE ACENTA
Nýskr. 11/13, ekinn 25 þús. km.
dísil, beinskiptur.
Rnr. 120697.

Frábært verð!
3.150 þús.

SUBARU OUTBACK LUX
Nýskr. 11/13, ekinn 49 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 5.770 þús.
Rnr. 142834.

TOYOTA YARIS HYBRID
Nýskr. 07/12, ekinn 52 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.490 þús.
Rnr. 282357.

RENAULT MEGANE
Nýskr. 06/13, ekinn 62 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.890 þús.
Rnr. 102409.

NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 06/13, ekinn 36 þús. km.
dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 3.990 þús.
Rnr. 282179.

HYUNDAI i30 CLASSIC
Nýskr. 03/12, ekinn 39 þús. km.
dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 2.450 þús.
Rnr. 120687.

RENAULT CLIO DYNAMIC
Nýskr. 06/14, ekinn 12 þús. km.
dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 2.990 þús.
Rnr. 191823.

bílaland

Kletthálsi 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
facebook.com/bilaland.is

ÓSAMMÁLA Oddvitar meirihluta- og minnihlutaflokkanna eru ósammála um fjárhagsstöðu bæjarins. Núverandi meirihluti telur þetta ákveðinn fortíðarvanda en fyrrverandi meirihluti telur óvarlegt að leggja út frá þessum tölum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stendur ekki undir rekstri að öllu jöfnu

Skýrsla Íslandsbanka um fjármál sveitarfélaga sýnir að Hafnarfjörður, Breiðdalshreppur og Reykjanesbær eru verst settu sveitarfélög landsins. Oddvitar meiri- og minnihluta í bæjarstjórn Hafnarfjarðar eru ósammála um túlkun skýrslunnar.

HAFNARFJÖRÐUR Rekstur Hafnarfjarðarkaupstaðar stendur ekki undir sér ef marka má skýrslu Íslandsbanka um fjármál sveitarfélaga. Sveitarfélagið sé yfirskuldsett og daglegur rekstur þess standi ekki undir skuldaálaginu að öllu jöfnu. Er Hafnarfjörður í sömu stöðu og Breiðdalshreppur og Reykjanesbær hvað þetta varðar.

Athygli vekur að Íslandsbanki gerði sams konar úttekt á stöðu sveitarfélaganna í apríl í fyrra. Þá lágu til grundvallar ársreikningar fyrir árið 2013 og var þá Hafnarfjarðarkaupstaður talinn geta staðið vel undir öllum sínum skuldbindingum. Nú, þegar ársreikningar ársins 2014 eru teknir til skoðunar, kemur í ljós að staðan hefur versnað og samkvæmt sérfræðingum bankans lendir sveitarfélagið í erfiðleikum verði ekki tekið í taumana.

Rósa Guðbjartsdóttir, formaður bæjarráðs Hafnarfjarðar, segir þessa niðurstöðu Íslandsbanka staðfesta það sem sjálfstæðismenn hafi sagt á síðasta kjörtímabili um fjárhagsástand bæjarins. „Þetta kemur okkur ekki á óvart og staðfestir það sem við höfum verið að segja um fjárhagsstöðu bæjarins. Hér erum við að eiga

„Hér erum við að eiga við þann fortíðarvanda sem blasir við okkur og hefði ég svo sannarlega viljað taka við betra búi frá fyrrverandi meirihluta.

Rósa Guðbjartsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokks í Hafnarfirði

„Þetta er mæling á stöðunni eins og hún var í árslok 2014 sem er ekki endilega lýsandi fyrir getu sveitarfélagsins til að standa undir skuldum.

Gunnar Axel Axelsson, oddviti Samfylkingar í Hafnarfirði

við þann fortíðarvanda sem blasir við okkur og hefði ég svo sannarlega viljað taka við betra búi frá fyrrverandi meirihluta. En við munum leggja allt kapp á að haga málum þannig næstu misserin og árin að fjárhagsstaðan styrkist," segir Rósa.

Gunnar Axel Axelsson, oddviti Samfylkingar í minnihluta bæjarstjórnar, telur óvarlegt að draga of miklar ályktanir af þessari greiningu einni og sér og segir ástandið betra en skýrslan gefi til kynna.

„Þetta er mæling á stöðunni eins og hún var í árslok 2014 sem er ekki endilega lýsandi fyrir getu sveitarfélagsins til að standa undir skuldum og skuldbindingum til lengri tíma litið. Í því samhengi er rétt að benda á að skuldaviðmiðið var 176 prósent í lok árs 2014 samanborðið við 221 prósent 2012 og afkoman árið 2013 var mjög góð," segir Gunnar Axel.

„Það sem þarna ræður mestu eru áhrif dóms Hæstaréttar í mars sl. sem þýddi að 333 milljónir króna voru gjaldfærðar á árinu 2014 og um 500 milljóna króna viðbótarhækkun á lífeyrisskuldbindingu sveitarfélagsins. Undirliggjandi rekstur Hafnarfjarðar er eftir sem áður mjög sterkur og málaflokkar innan áætlana," segir Gunnar Axel.

sveinn@frettabladid.is

Birgjar og verslanir virðast vera byrjuð að bregðast við kjarasamningum:

Launahækkanir hækka verðið

NEYTENDAMÁL „Þetta er að mínu mati bæði taktlaust, getur stórskaðað og verðbólgan farið á flug," segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna. Borið hefur á því að birgjar hafi hækkað verð á vörum sínum til að bregðast við nýjum kjarasamningum.

Sem dæmi má nefna að kjötvinnslan Norðlenska hefur hækkað verð á kjöti um tvö til þrjú prósent. Þá hefur heildsalan Tradex hækkað fiskvörur um 5,8 prósent. Hvort tveggja skýrist af launahækkunum starfsfólks.

Jóhannes segir skilaboð Neytendasamtakanna til birgja og verslana vera að leita eigi allra leiða til að hagræða. „Dembið þessu ekki

JÓHANNES GUNNARSSON

beint út í verðlagið með því að láta neytendur borga."

Jóhannes telur að afkoma verslunarinnar hafi verið það góð að svigrúm ætti að vera til að bregðast við launahækkunum með öðrum hætti en verðhækkunum.

- snæ

KJÖT Norðlenska hefur hækkað verð á kjöti vegna nýrra launahækkana. Aðrir birgjar hafa meðal annars hækkað verð á kjötbollum og annarri kælivöru. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

SUMAR TAX FREE

af sláttuvélum og garðhúsgögnum

TVÖFALT TAX FREE af sumarblómum

Opið 17. júní í Skútuvogi kl. 10-17

Tax free jafngildir 19,35% afslætti. Tvöfalt Tax free jafngildir 38.7% afslætti

Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs. Gildir 16.-21. júní meðan birgðir endast.
*Gildir ekki af tilboðsvörum og „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar". Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

ÍSLANDSLAMB

Stolt kjötmeistarans

1998 kr. kg.

ÍSLANDSLAMB (blandaðar)
Grill-lambalærisneiðar

1698 kr. kg.

ÍSLANDSLAMB
Grill-lamba sirloinsneiðar

2298 kr. kg.

ÍSLANDSLAMB
Grill-lambalærisneiðar 1.fl.

2498 kr. kg.

ÍSLANDSLAMB **Grill lambakótilettur**

3798 kr. kg.

Íslandslamb **Lambafillet ferskt ókryddað**

1598 kr. kg.

STJÖRNUGRÍS **Beinlausar kótilettur**

1598 kr. kg.

STJÖRNUGRÍS **Grísa-hryggjafille**

2998 kr. kg.

Íslandslamb **Lambaprime ferskt ókryddað**

1598 kr. kg.

STJÖRNUGRÍS **Grísa-hryggjasneiðar**

1598 kr. kg.

STJÖRNUGRÍS **Grísahnakka-fillet**

2798 kr. kg.

KJARNAFÆÐI **Kofareykt Hangilæri úrb.**

1998 kr. kg.

KJARNAFÆÐI **Kofareyktur Hangiframpartur úrb.**

598 kr. kg.

ALI **Ferskur grísabógur**

1298 kr. kg.

ALI **Ferskar kryddaðar grísakótilettur**

17.JÚNÍ Í BÓNUS

AFGREIÐSLUTÍMI Í BÓNUS 17.JÚNÍ

10:00 - 18:00

Verð í þessari auglýsingu
Gilda a.m.k. til 21. júní

VALITOR

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

69 kr. 330ml

98 kr. stk.
Íslenski fáninn

198 kr. stk.
Stór sykur snuð

EUROSHOPPER SÚKKULAÐI
100 grömm

98 kr. 100g

Snapple
Sumardrykkurinn í Bónus
Lemonade & Pink Lemonade

279 kr. 473ml

169 kr. 2 ltr.

598 kr. 4 x 2 ltr.

598 kr. 3 x 200g

98 kr. 200g
EUROSHOPPER **Steiktur laukur** 200g

459 kr. 10 stk.
MYLLU **Tilbúnar pönnukökur** 10 stk.

598 kr. 10 stk.
MYLLU **Upprúllaðar pönnukökur** m/sykri 10 stk.

1198 kr 1 kg.
BÓNUS **Súkkulaðitertan 1 kg.**

359 kr. 10 stk.
BÓNUS **Vínarpylsur 10 stk** 485g

159 kr. 5 stk.
BÓNUS **Fimm pylsubrauð**

VALITOR

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Verð í þessari auglýsingu
Gilda a.m.k. til 21. júní

Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

Gæti tekið vikur og mánuði að vinda ofan af verkföllunum

Það gæti tekið mánuði að vinda ofan af verkföllum starfsfólks í aðildarfélögum BHM hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu og hjá Matvælastofnun. Slátrun er hafin og von er á nautakjöti aftur í verslanir um næstu helgi. Fjárhagsstaða svínabænda er sögð grafalvarleg.

KJARAMÁL Margar vikur, jafnvel mánuði, mun taka að vinda ofan af þeim uppsafnaða vanda sem skapast hefur vegna verkfalla hjá dýralæknum Matvælastofnunar og lögfræðingum hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. Starfsmenn mættu aftur til vinnu í gær eftir verkfall sem staðið hafði frá því í apríl.

Jón Gíslason, forstjóri Matvælastofnunar, segir mestan tíma taka að greiða úr þeim vanda sem skapast hefur í tengslum við inn- og útflutning. „Við erum búin að bæta við starfsfólki á inn- og útflutningsskrifstofunni. Við munum reyna að afgreiða það eins og hratt og hægt," segir Jón en það muni þó taka tíma enda skipti óafgreidd mál hundruðum. „Það getur tekið einhverjar vikur að koma þessu í rétt horf," segir Jón.

Byrjað var að slátra nautgripum í gær eftir langt hlé í gær. Baldur Helgi Benjamínsson, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda, segir að von sé á nautakjöti í verslanir um næstu helgi. „Kjötið þarf að fá eðlilegan meyrnunartíma," segir Baldur.

Svína- og kjúklingakjöt hefur verið aðgengilegt í verslunum undanfarnar vikur þar sem undanþágur hafa fengist til slátrunar. Verkfallið hefur þó reynst svínakjöts- og kjúklingaframleiðendum dýrt. „Þetta hefur kostað okkur yfir 50 milljónir," segir Matthías Hannes Guðmundsson, framkvæmdastjóri kjúklingaframleiðandans Reykjagarðs.

Reykjagarður hefur fengið leyfi til að slátra tvisvar í viku að undanförnu en í venjulegu árferði er slátrað fjórum til fimm

Það getur tekið einhverjar vikur að koma þessu í rétt horf.

Jón Gíslason, forstjóri Matvælastofnunar

sinnum í viku að sögn Matthíasar.

Hörður Harðarson, formaður Svínaræktarfélags Íslands, segir stöðuna hjá svínabændum grafalvarlega og gjaldþrot svínabænda gætu verið fram undan. Hörður segir brýnt að komið verði í veg fyrir að sambærileg verkföll endurtaki sig.

Þuríður Árnadóttir, staðgengill sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, segir að nú standi yfir vinna við að skipuleggja umfang vandans og hvernig hann verði leystur. „Það þarf að skipuleggjast með tilliti til hve mikið fólk getur bætt við sig vinnu, sumarleyfa og fleira," segir Þuríður. Sú skipulagsvinna muni standa yfir næstu daga. Til stendur að ráða starfsfólk aukalega til að takast á við vandann.

Tæplega ellefu þúsund skjöl bíða þinglýsingar hjá sýslumanni. „Þess utan eru önnur mál á borð við fullnustugerðir, nauðungaruppboð, aðfarargerðir, fjölskyldumál og dánarbú sem ekki hafa verið afgreidd," segir Þuríður. Lögum samkvæmt verði að afgreiða þinglýsingar og fullnustugerðir í þeirri röð sem þær berast. Því fari þau mál sem komi á borð sýslumanns í þessari viku aftast í röðina.

ingvar@frettabladid.is

SKJALABUNKAR Tæplega ellefu þúsund skjöl bíða þinglýsingar hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. Þuríður Árnadóttir, staðgengill sýslumanns, segir að verið sé að skipuleggja hvernig tekist verði á við vandann.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Greitt af þremur íbúðum vegna verkfalls

Hjónin Þórgnýr Thoroddsen, varaborgarfulltrúi Pírata í Reykjavík, og Rúna Vala Þorgrímsdóttir táknmálstúlkur hafa greitt af þremur íbúðum í ríflega tvo mánuði vegna verkfalls lögfræðinga hjá Sýslumannsembættinu á höfuðborgasvæðinu þar sem engum kaupsamningum hefur verið þinglýst.

„Við keyptum íbúð tveimur vikum áður en verkfallið skall á. Við seldum aðra íbúðina í vikunni eftir að verkfallið hófst og þá seinni seldum við fyrir mánuði," segir Þórgnýr. Afborganir hjónanna af lánum hækkuðu því úr 169 þúsund krónum á mánuði í 350 þúsund krónur á mánuði. „Við erum að lenda svolítið harkalega í því," segir Þórgnýr. Hann segir þó að sem betur fer séu hjónin á ágætis launum þessa dagana. „Fyrir einu ári hefði þetta gengið frá okkur fjárhagslega."

ÞÓRGNÝR THORODDSEN

Bosch

WAP 28498SN

Tekur mest 8 kg. Orkuflokkur A+++.
Hámarksvinduhraði 1400 sn./mín.

Mjög hljóðlátur, kolalaus og sparneytinn mótor („EcoSilence Drive") með 10 ára ábyrgð.

Sérkerfi: Dúnkerfi, dökkur þvottur, skyrtur, íþróttafatnaður, mjög stutt kerfi (15 mín.), húðverndarkerfi (ECARF gæðavottun), blandaður þvottur, viðkvæmt/silki og ull.

Sjálfhreinsandi þvottaefnishólf.

VarioPerfect: Hægt að stytta tímann eða spara orku á þvottakerfum án þess að það komi niður á þvottahæfni.

Tilboð: 119.900 kr.

Fullt verð: 157.900 kr.

BOSCH

BÚÐIN

Hlíðasmára 3 · Sími 520 3090

www.bosch.is

Opið virka daga frá kl. 11 - 18.

HIMINLIFANDI Kristrún Elsa Harðardóttir, lögmaður manns frá Úsbekistan sem nú hefur fengið dvalarleyfi hér á landi, segir fréttirnar af afgreiðslu máls hans vera frábærar.

MYND/DIKALÖGMENN

Fékk dvalarleyfi vegna sérstakra tengsla við Ísland:

Tókst það sem allir sögðu vera vonlaust

DÓMSMÁL Eiginmaður úsbeksku konunnar sem fékk dvalarleyfi hérlendis og Fréttablaðið sagði frá í síðustu viku fékk einnig dvalarleyfi á grundvelli sérstakra tengsla við landið í gær.

Maðurinn á með konunni dóttur sem kom hingað til lands sem flóttamaður með manni sínum og tveimur börnum. Dóttirin eignaðist með manni sínum eitt barn hérlendis.

Maðurinn beitti dótturina ofbeldi. Þegar hún kærði ofbeldið flúði maðurinn land og skildi hana eftir eina með þrjú börn.

Móðir hennar kom til landsins í framhaldinu til að sinna dótturinni og þremur barnabörnum sínum en eftir rúmlega tveggja ára vist hérlendis ákvað Útlendingastofnun að endurnýja ekki dvalarleyfi hennar. Þeim úrskurði hnekkti kærunefnd útlendingamála og fékk konan dvalarleyfi.

Nú hefur faðirinn, afi barnanna, fengið dvalarleyfi á sömu forsendum og móðirin, á grundvelli sérstakra tengsla við landið.

Þetta erur frábærar fréttir fyrir minn umbjóðanda og fjölskylduna alla. Ég heyrði í dótturinni í morgun sem var himinlifandi og sagði að mér hefði tekist það sem allir sögðu vera vonlaust.

Kristrún Elsa Harðardóttir héraðsdómslögmaður

„Þetta erur frábærar fréttir fyrir minn umbjóðanda og fjölskylduna alla. Ég heyrði í dótturinni í morgun sem var himinlifandi og sagði að mér hefði tekist það sem allir sögðu vera vonlaust," segir Kristrún Elsa Harðardóttir, lögmaður mannsins.

- þea

SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ

TAKK FYRIR DAGINN!

Það var frábær þátttaka í Sjóvá Kvennahlaupi ÍSÍ á laugardaginn.

Um 14.000 konur tóku þátt í hlaupinu á 82 stöðum um land allt og á 16 stöðum erlendis. Við þökkum ykkur fyrir þátttökuna í ár. Sjáumst hressar á næsta ári.

SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ
13. JÚNÍ 2015

SJÓVÁ

SKOÐUN

Ráðherrar verða að taka ábyrgð á eigin gjörðum:

Hlutlausir áhorfendur eigin verka

Merkilega lítið fór fyrir Kristjáni Þór Júlíussyni, ráðherra heilbrigðismála, í aðdraganda lagasetningar á verkföll Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og aðildarfélaga BHM. Svo lítið að hann flutti ekki einu sinni frumvarpið, heldur kollegi hans í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu. Það er merkilegt að metnaðargjarn stjórnmálamaður skuli láta setja sig jafn freklega til hliðar og Kristján Þór gerði í þessu máli, sem ber annaðhvort vott um yfirnáttúrulega auðmýkt eða tilhneigingu til að skorast undan ábyrgð.

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is

Skýrsla landlæknis um stöðuna er grundvallarplaggið sem liggur undir röksemdum ríkisstjórnarinnar fyrir lagasetningunni og á máli ráðherra og stjórnarliða má ljóst vera að það er fyrst og fremst hagur sjúklinga sem þeir segjast bera fyrir brjósti. Hvernig stendur þá á því að ráðherra þeirra málaflokks stendur ekki fyrir aðgerðum sem munu hafa bein áhrif á hans eigin málaflokk?

Kristján Þór var spurður út í það á Alþingi í gær hvernig hann hygðist bregðast við þeirri grafalvarlegu stöðu að fjölmargir hjúkrunarfræðingar hafa sagt upp og æ fleiri boðað uppsagnir, að yfirmenn heilbrigðisstofnana segja hrun yfirvofandi í íslenska heilbrigðiskerfinu.

„Þetta er sá veruleiki sem stofnanir okkar í kerfinu standa frammi fyrir," sagði ráðherra, „með því er ég á engan hátt að vísa allri ábyrgð á þessari stöðu yfir til stofnana." Nei, ekki að fullu, segir ráðherra, sem er þá að viðurkenna að hann geri það að einhverju leyti. Æðsti yfirmaður heilbrigðiskerfisins ætti kannski frekar að tala sem ráðherra í ríkisstjórn allrar þjóðarinnar, tala um vanda heilbrigðiskerfisins sem vanda okkar allra, ekki einhverra stofnana sem hægt er að gera embættismenn ábyrga fyrir.

Þegar Jón Þór Ólafsson, þingmaður Pírata, ræddi fjárveitingar til heilbrigðismála í gær, hvort þær væru nægar, hvort þyrfti að bæta í, kallaði Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra úr sæti sínu að það væri Alþingi sem færi með fjárlagavaldið. Þetta er athyglisverð yfirlýsing frá manninum sem í raun fer með samningsumboð við alla ríkisstarfsmenn, en framselur nefnd það umboð.

Hvað átti fjármálaráðherra við með framíkallinu? Er hann að biðla til Alþingis um að fólk þar taki sig nú til og semji við hjúkrunarfræðinga? Leysi vandann í heilbrigðiskerfinu? Hefði ekki verið nær að hann og sessunautur hans í þingsal, Kristján Þór Júlíusson, ráðherra heilbrigðismála, ræddu þau mál, frekar en að hrópa að þingmanni Pírata að hann og félagar hans hefðu fjárveitingavaldið?

Lagasetning sem afnemur verkfallsrétt er grafalvarlegt mál. Að reyna að skjóta sér undan ábyrgðinni á afleiðingum hennar er ekki síður alvarlegt mál. Forsætisráðherra sá sér ekki einu sinni fært að vera viðstaddur atkvæðagreiðslu um málið.

Ráðherrar í ríkisstjórn Íslands geta ekki látið eins og þeir séu hlutlausir áhorfendur. Þeir verða að taka ábyrgð á gjörðum sínum. Ef það vantar fjármuni í heilbrigðiskerfið er það á ábyrgð ráðherranna. Ef starfsfólk ríkisins segir upp í hrönnum vegna óánægju er það á ábyrgð ráðherranna. Ef heilbrigðiskerfið ónýtist er það á ábyrgð ráðherranna.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Sorgin
fer ekki í sumarfrí

Opið hús hjá Nýrri dögun, samtökum um sorg og sorgarviðbrögð
þriðja fimmtudag hvers mánaðar kl. 20:00
í Safnaðarheimili Háteigskirkju neðri hæð.

18. júní, 16. júlí og 20. ágúst

Opið hús er vettvangur fyrir syrgjendur til að deila reynslu sinni með öðrum sem eru í sömu sporum.

Allir hjartanlega velkomnir.

NÝ DÖGUN
Samtök um sorg og sorgarviðbrögð

www.nydogun.is • www.sorg.is • sorg@sorg.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Sáttur við grínið
Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra lét ekki slá sig út af laginu þegar netmiðlarnir birtu í gær popplag sem hafði verið samið við ræðu ráðherrans á föstudaginn. Popplagið vakti mikla hrifningu hjá ráðherranum sjálfum sem velti upp þeirri spurningu hvort þarna væri kominn sumarsmellurinn í ár. Það voru Þorsteinn Baldvinsson og fréttavefurinn Nútíminn sem stóðu að gerð myndskeiðsins. Smellurinn fylgir í kjölfarið á lagabút sem sömu aðilar gerðu um Sveinbjörgu Birnu og á þessari stundu ku vera alls óvíst hvort fleiri fylgi í kjölfarið.

Tónlistarferill fram undan?
Miðað við niðurstöður skoðanakannana upp á síðkastið er útlit fyrir að Gunnar Bragi vermi ekki ráðherrasætið mikið lengur en út þetta kjörtímabil. Miðað við útkomuna á fyrrgreindu myndskeiði er auðvitað spurning hvort Gunnar Bragi, Þorsteinn og Nútíminn geti tekið höndum saman og byggt upp alvöru tónlistarferil. Gunnar Bragi á Secret Solstice 2017 er auðvitað eitthvað sem mætti velta fyrir sér.

Útúrsnúningur
Að öðru og öllu alvarlegra máli, því eðli málsins samkvæmt hefur mikið verið rætt um lagasetningu á verkfall BHM og hjúkrunarfræðinga. Ekki síst eftir að Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM, hefur boðað málssókn vegna ólögmætrar lagasetningar. En það er merkilegt hvernig stundum tekst að afbaka umræðuna og snúa henni upp í eitthvað sem engu máli skiptir. Þannig hefur verið reynt að halda því fram að lagasetningin sé einhvers konar árás á konur. Með sömu rökum hefði kannski mátt reyna að sannfæra mann og annan um að lögin sem sett voru á verkfall starfsmanna Herjólfs á sínum tíma hafi verið atlaga að miðaldra karlmönnum. En auðvitað datt engum það í hug.

jonhakon@frettabladid.is

HALLDÓR

Hugmynd sett í framkvæmd – stóru orðin standa

STJÓRNMÁL

Hjálmar Bogi Hafliðason
þingmaður Framsóknarflokks

Það er draumur hvers manns að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd. Öll fáum við hugmyndir sem okkur langar til að verði að veruleika en aðeins brot af öllum þeim birtist okkur í raunveruleikanum. Allir stjórnmálamenn eiga sér drauma og setja þá fram í von um fylgi við málstað sinn. Eitt er að setja fram hugmynd og eiga drauma en hitt að sjá málstað sinn verða að veruleika.

Ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar tók við völdum fyrir tveimur árum og ljóst að margt hefur áunnist á þeim tíma, unnið að öðru og ýmislegt sem betur mátti fara. Það breytir því ekki að einu stærsta hagsmunamáli þjóðarinnar hefur verið hrint í framkvæmd og til stendur losun gjaldeyrishafta. Slíkt var draumur og hugmyndir margra stjórnmálamanna.

Stór orð um losun gjaldeyrishafta féllu fyrir alþingiskosningar árið 2013. Þau orð standa. Ríkisstjórn Sigmundar Davíðs hefur komið hugmyndum margra stjórnmálamanna og draum annarra í framkvæmd. Ríkisstjórn Sigmundar Davíðs hyggst verja hagsmuni þjóðarinnar með

➜ Stór orð um losun gjaldeyrishafta féllu fyrir alþingiskosningar árið 2013. Þau orð standa. Ríkisstjórn Sigmundar Davíðs hefur komið hugmyndum margra stjórnmálamanna og draum annarra í framkvæmd.

hagsmuni allra að leiðarljósi en ekki sérhagsmuni. Hótun um stöðugleikaskatt tryggir stöðu stjórnvalda og þrýstir á kröfuhafa að fallast á skilyrði stjórnvalda. Þessi leið er skynsamleg og leiðir til jafnvægis í kerfinu. Leið sem á sér ekki fordæmi í samtímanum og út fyrir hefðbundnar leiðir í efnahagsmálum. Sigmundur Davíð forsætisráðherra reynist því maður orða sinna, stóru orðanna sem aðra stjórnmálamenn dreymdi og höfðu hugmyndir um. Stóru orðin standa sama hvaða skoðun og viðhorf fólk hefur.

Þessi áætlun felur í sér mikil tímamót og eftir mikla vinnu forsætis- og fjármálaráðuneytis, Seðlabanka Íslands og ýmissa sérfræðinga hefur henni verið hrint í framkvæmd.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **PRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

Tímamót í íslensku tónlistarlífi?

MENNTUN

Jakob Frímann Magnússon



Víkingur Heiðar Ólafsson

tónlistarmenn

Málefni tónlistarskóla hafa verið nokkuð í umræðunni undanfarið. Sveitarfélög sjá lögum samkvæmt um rekstur tónlistarskóla á grunn-, mið- og framhaldsstigi. Togstreitu hefur þó gætt í fjölda ára milli sveitarfélaga og ríkisins um kostnað vegna nemenda sem stunda nám á framhaldsstigi. Togstreitan hefur komið harkalega niður á þeim skólum sem öðru fremur hafa sinnt lengra komnum nemendum. Nú er svo komið að fjárhagsstaða téðra skóla er orðin svo bágborin að í sumum þeirra ríkir óvissa um hver mánaðamót hvort unnt sé að greiða kennurum laun. Þessi grafalvarlega staða bitnar að sjálfsögðu á öllu starfi skólanna og á nemendum í formi síhækkandi skólagjalda, takmörkunar á námsmöguleikum, skorts á nauðsynlegu viðhaldi o.fl.

Tilraun var gerð til að leysa þessa deilu með tímabundnu samkomulagi ríkis og sveitarfélaga árið 2011 um eflingu tónlistarnáms. Samkomulagið hefur því miður ekki reynst til þess fallið að leysa vandann.

Nýr valkostur

Menntamálaráðuneyti skoðar nú möguleika á því að stofna nýjan tónlistarskóla sem hugsaður væri fyrir nemendur á framhaldsstigi sem hefðu áhuga á að leggja tónlist fyrir sig. Skólinn yrði rekinn af ríkinu og rökin fyrir honum eru allrar athygli verð að mati undirritaðra. Skólinn myndi bjóða upp á hágæðanám í sígildri og nýgildri tónlist með áhugaverðri skörun tónlistargreina og fjölbreyttum möguleikum á skapandi samstarfsverkefnum. Boðið yrði upp á sterkari tengingu við menntaskólanám en nú er fyrir hendi og skólagjöldum yrði stillt í hóf. Aukin þjöppun lengra kominna nemenda myndi leiða til jákvæðra hvata til náms og skólinn gæfi kost á samstarfi við skóla á landsbyggðinni í formi hljóðfærakennslu og fjarnámskennslu. Umfram allt myndi slík stofnun geta hraðað mjög framförum nemenda á því aldursskeiði sem af mörgum er talið mikilvægast á þroskaferli tónlistarmannsins.

➜ Togstreitan hefur komið harkalega niður á þeim skólum sem öðru fremur hafa sinnt lengra komnum nemendum.

Þessi tíðindi gefa undirrituðum tilefni til að ætla að nú standi loks til að blása til sóknar í málefnum tónlistarskólanna. Við fögnum því frumkvæði menntamálaráðherra að koma til móts við lengra komna tónlistarnemendur og leysa deilumál sem staðið hafa allt of lengi. Margt þarf auðvitað að koma til, og ber þar sérstaklega að nefna samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um að áfram verði boðið upp á framhaldsstigsnám í öðrum tónlistarskólum.

Áhugavert verður að fylgjast með þeirri stefnumótunarvinnu sem framundan er, en slíkur skóli gæti markað merk tímamót í íslensku tónlistarlífi og menntun tónlistarnemenda.

Álver á Hafursstöðum – afleit hugmynd

UMHVERFISMÁL

Snorri Baldursson

líffræðingur og formaður Landverndar

Sveitarfélögin á Norðurlandi vestra hafa undirritað samstarfssamning við Klappir Development ehf. um uppbyggingu og rekstur 120.000 tonna álvers á fyrirhuguðu iðnaðarsvæði við Hafursstaði í Skagabyggð. Sveitarfélögin sem um ræðir eru Blönduósbær, Húnavatnshreppur, Húnaþing vestra, Sveitarfélagið Skagaströnd, Skagabyggð og Sveitarfélagið Skagafjörður.

Samkvæmt fréttinni er stækkun möguleg í allt að 220.000 tonn. Það þýðir á mannamáli að nauðsynlegt verður að stækka álverið að minnsta kosti sem þessu nemur til að arðsemi þess verði viðunandi fyrir kínverska eigendur. Orkuþörf fyrsta áfanga er sögð 206 megavött (MW) og þá væntanlega 412 MW þegar seinni áfangi rís. Fullbyggt álver þyrfti því orku sem samsvarar þremur Blönduvirkjunum eða 10 Skrokkölduvirkjunum svo nefndur sé virkjunarkostur sem mikið hefur verið í umræðunni. Orka Blönduvirkjunar er að mestu fullnýtt og Blönduveita sem er í nýtingarflokki rammaáætlunar gefur aðeins um 30 MW. Svonefndur Blöndulundur, vindmyllugarður sem enn er á hugmyndastigi, gæfi að hámarki 100 MW.

Til að knýja 220.000 tonna álver á Hafursstöðum þarf því órugglega að virkja jökulsárnar í Skagafirði við Skatastaði. Tvær útfærslur Skatastaðavirkjunar eru í biðflokki rammaáætlunar, 143 og 153 MW. Báðar byggja á stóru uppistöðulóni á hálendinu norðan Hofsjökuls. Minni virkjunina, Skatastaðavirkjun D, má bæta upp með svonefndri Villinganesvirkjun (33 MW) sem fengi vatn úr miklu uppistöðulóni í mynni Austur- og Vesturdals. Augljóst er að virkjunum þessum mun fylgja gríðarlegur fórnarkostnaður fyrir víðernin upp af Skagafirði, ásýnd héraðsins og fyrrnefndra dala, líf á flæðilöndunum við Hegranes og fljótasiglingar á Austari Jökulsá, svo eitthvað sé nefnt.

Hvernig dettur ábyrgum sveitarfélögum þetta í hug þegar fullljóst er að stóriðja er einhver allra versti atvinnukostur sem hugsast getur sé tekið mið af fjárfestingu á bak við hvert starf, arði sem eftir verður í landinu og ekki síst óásættanlegum umhverfisáhrifum iðjuversins og virkjananna sem þarf til að knýja það?

Mesti fjársjóðurinn

Að einhverju leyti er sveitarstjórnarmönnum vorkunn þegar þess er gætt að stóriðja með tilheyrandi hafnarmannvirkjum virðist eina leiðin til að fá verulegan opinberan stuðning við atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni. Milljarðarnir sem ríkið leggur í Bakka og til Helguvíkur eru sjálfsagt öfundsverðir og skilaboðin skýr; við drögum bara upp stóra veskið fyrir stóriðju, ekki ferðaþjónustu, smáiðnað eða þekkingarstarfsemi. Ríkisvaldið reynir að kúga sveitarfélögin inn á þessa braut.

➜ Samkvæmt fréttinni er stækkun möguleg í allt að 220.000 tonn. Það þýðir á mannamáli að nauðsynlegt verður að stækka álverið að minnsta kosti sem þessu nemur til að arðsemi þess verði viðunandi fyrir kínverska eigendur.

En samt, gróin sveitarfélög hafa valkosti. Geta Norðlendingar í alvöru hugsað sér allar þessar fórnir fyrir miklar framkvæmdir í 2–3 ár og 240 einhæf langtímastörf? Vill fólk úti á landi ekki frekar atvinnustarfsemi sem virðir móður náttúru? Þannig uppbygging er möguleg, eins og gríðarlegur vöxtur ferðaþjónustunnar á undanförnum árum sýnir. Ferðamönnum fylgja vissulega umhverfisáhrif en þau eru smámunir miðað við stóriðju og þau má lágmarka með góðu skipulagi. Ferðaþjónustan er orðin langstærsta atvinnugrein landsins, hún skapar um 14% landsmanna störf, á móti 1% í áliðnaði, og hún skilur mikinn virðisauka eftir í heimabyggð meðan virðisauki áliðnaðarins flæðir að mestu úr landi.

Einstök náttúra landsins er okkar mesti fjársjóður og henni má ekki spilla meir en orðið er á fölskum forsendum. Sameinumst því um þá kröfu náttúruverndar- og útivistarsamtaka að hlífa miðhálendi Íslands, hjarta landsins, fyrir frekari stórframkvæmdum.

Vísindin að baki Silicor

Í umræðu um fyrirhugaða sólarkísilverksmiðju Silicor á Grundartanga hafa komið fram spurningar er varða Silicor-ferlið, framleiðsluferlið sem verksmiðjan mun byggja á. Þær hafa meðal annars snúið að því hvort reynsla og prófanir á ferlinu séu fullnægjandi til að byggja á jafn stóra verksmiðju og áætlað er.

IÐNAÐUR

Alain Turenne
tæknistjóri Silicor Materials

Clemens Hofbauer
framkvæmdastjóri rekstrar Silicor Materials

dr. Matthias Hauer
veitir rannsóknamiðstöð Silicor í Berlín forstöðu

Rótgróin vísindi

Silicor-ferlið byggir á vísindaþekkingu sem á rætur sínar að rekja til ársins 1833 þegar Hugh Lee Pattinson fann upp aðferð til þess að vinna silfur úr blýi. Fyrstu hugmyndir um að nota „Pattinson-ferlið“ til að hreinsa kísil úr áli, með aðferð sem líkist Silicor-ferlinu, komu fram á sjötta áratug síðustu aldar og síðan aftur á áttunda og níunda áratugnum. Út frá vísindalegu sjónarmiði hafa þær hreinsunaraðferðir sem notaðar eru í Silicor-ferlinu verið þekktar lengi og eru sannreyndar á sviði málmvinnslu.

250 mannár í rannsóknir og þróun

Silicor varð til við samruna tveggja fyrirtækja, fyrirtækis sem sérhæfði sig í hreinsunartækni og fyrirtækis sem sérhæfði sig í framleiðslu sólarhlaða. Þessi sameining ásamt um 250 mannárum í rannsóknum og þróun auk 33 milljarða kr. fjárfestingar gerði Silicor kleift að bæta margreyndar aðferðir til þess að hanna ferli til að hreinsa kísil til notkunar í sólarhlöðum.

Öflugt 25 manna teymi hefur starfað á vegum Silicor í sjö ár við þróun ferlisins. Í fyrstu verksmiðju Silicor, sem reist var í Kanada árið 2006, störfuðu 150 manns og þar hafa verið framleidd meira en 700 tonn af sólarkísli. Framleiðsla verksmiðjunnar hefur verið seld á almennum markaði til stórra, rótgróinna og viðurkenndra framleiðenda sólarhlaða til framleiðslu yfir 20 milljóna sólarhlaða. Framleiðsla verksmiðjunnar hefur frá upphafi verið undir eftirliti verkfræðingateyma í Ontario, Kaliforníu og Berlín.

Það eru viðskiptavinir okkar sem gera hörðustu kröfurnar og þeir hafa gert afar krefjandi prófanir á sólarkíslinum okkar til þess að tryggja að sólarhlöðin sem framleidd eru uppfylli fyllstu gæðakröfur. Þessar prófanir hafa staðfest með óyggjandi hætti að okkar framleiðsla uppfyllir allar kröfur og bíða viðskiptavinir nú í ofvæni eftir framleiðslunni. Að auki hefur tækni Silicor farið í gegnum röð tæknilegra áreiðanleikakannana hjá mörgum alþjóðlega viðurkenndum verkfræðifyrirtækjum, þar á meðal CH2MHILL, Hatch og McLellan. Tæknin hefur einnig verið rækilega rannsökuð af stærstu birgjum okkar, þar á meðal hjá alþjóðlega tækja- og verksmiðjuframleiðandanum SMS Siemag.

Líta má á verksmiðju Silicor á Íslandi sem þrjár minni verksmiðjur, hlið við hlið. Fjórum til fimm sinnum stærri en upprunalega verksmiðjan okkar í Kanada. Tækni okkar byggir á ferli, sem krefst einungis hefðbundins búnaðar sem er algengur og margreyndur í málmiðnaði og er það þýska fyrirtækið SMS Siemag, sem á sér langa sögu í málmiðnaði, sem mun sjá verksmiðju okkar á Grundartanga fyrir honum.

→ Öflugt 25 manna teymi hefur starfað á vegum Silicor í sjö ár við þróun ferlisins.

Þekking og reynsla

Fyrir liggur að Silicor-ferlið byggir á áratuga rannsóknum og þróun auk þess sem á grunni þess hefur verið framleiddur sólarkísill sem notaður hefur verið í sólarhlöð um allan heim. Á grunni viðamikillar þekkingar og reynslu Silicor og samstarfsaðila verður verksmiðjan á Grundartanga byggð og rekin á traustan og öruggan máta.

Kosningaréttur kvenna á Norðurlöndunum

Bók Mary Wollstonecraft Réttlæting fyrir réttindum kvenna sem kom út árið 1792 og Kúgun kvenna eftir John Stuart Mill sem kom út árið 1869 höfðu mikil áhrif meðal kvenna í Evrópu og víðar um heim og vakti konur til umhugsunar um hin bágu kjör þeirra og réttindaleysi. Kvenrithöfundar, bækur þeirra og bæklingar juku einnig á vitund kvenna um hve léleg réttarstaða þeirra var. Nokkrar konur voru óháðar körlum þar sem þær voru ógiftar, voru kennarar, ráku greiðasölu eða verslun og greiddu skatta til samfélagsins. Barátta kvenna á Norðurlöndum fyrir kosningarétti hófst á seinni hluta 19. aldar. Norður var fyrsta fullvalda ríkið til að veita konum kosningarétt árið 1913. Ástralía og Nýja-Sjáland höfðu veitt konum kosningarétt áður en þau ríki voru hins vegar í Breska heimsveldinu og Finnar, sem veittu konum kosningarétt árið 1906 voru á þeim tíma stórhertogadæmi undir stjórn Rússakeisara. Í Danmörku og á Íslandi fengu konur kosningarétt árið 1915 og í Svíþjóð árið 1919.

JAFNRÉTTI

Kolbrún S. Ingólfsdóttir
sagnfræðingur og lífeindafræðingur

Konur fengu almennt að kjósa fyrr í sveitarstjórnarkosningum en til þjóðþinga. Konur þurftu að berjast lengi til að fá þessi sjálfsögðu mannréttindi og oft fylgdi ekki kjörgengi um leið. Karlar höfðu ekki heldur allir rétt til að kjósa þar sem kosningaréttur var oft háður aldri, búsetu, eignum, skattgreiðslum og stétt. Konur sem greiddu skatta eða voru í iðnaðarmannagildum í Finnlandi og Svíþjóð fengu takmarkaðan kosningarétt á árunum 1718-1771 en þá var hann afnuminn. Árið 1862 gátu sænskar konur sem greiddu skatta kosið en það voru aðallega ógiftar konur eða ekkjur. Árið 1906 gátu giftar konur kosið til bæjarstjórna í Svíþjóð og árið 1909 gátu allar konur kosið í bæjarstjórnarkosningum.

Árið 1863 fengu ógiftar konur og ekkjur í Noregi að kjósa ef þær voru eldri en 30 ára og væru myndugar. Árið 1898 höfðu allir karlar fengið kosningarétt og konur fengu rétt til að kjósa til sveitarstjórna. Noregur varð sjálfstætt konungsríki árið 1905 og tveimur árum síðar gátu konur sem voru eldri en 25 ára gamlar og áttu eignir eða greiddu skatta kosið í bæjar- og sveitarstjórnarkosningum og boðið sig fram til þings. Kjörgengi þeirra var því víðtækara en kosningarétturinn sem þær fengu árið 1913.

Þegar Danir sömdu nýja stjórnarskrá árið 1849 fengu þeir karlar kosningarétt sem voru orðnir 30 ára gamlir og áttu eigið heimili og höfðu hvorki verið vinnuhjú eða þegið fátækrahjálp. Danskar konur gátu kosið til sveitarstjórna árið 1908 ef þær voru orðnar 25 ára gamlar eða eldri og greiddu skatta eða eiginmenn þeirra. Fyrstu konurnar sem settust á þing á Norðurlöndunum voru 19 finnskar konur sem kosnar voru árið 1907. Ein kona settist á þing í Noregi árið 1911 og árið 1918 settust níu konur á danska þingið og þremur árum síðar voru fimm konur kosnar á þing Svía. Fyrsti norræni kvenráðherrann var Nina Bang sem settist í ríkisstjórn í Danmörku árið 1924 og varð hún menntamálaráðherra.

→ Konur fengu almennt að kjósa fyrr í sveitarstjórnarkosningum en til þjóðþinga. Konur þurftu að berjast lengi til að fá þessi sjálfsögðu mannréttindi og oft fylgdi ekki kjörgengi um leið.

Magna Carta í 800 ár

Í þessari viku eru réttar átta aldir liðnar frá því Magna Carta var samið, eitt mikilvægasta lagaskjal allra tíma. Það er mikið í það vitnað (reyndar oft á rangan hátt) og því haldið á lofti sem einum af hornsteinunum í þróun hins vestræna réttarríkis. Nelson Mandela, Thomas Jefferson, Winston Churchill og ótal aðrir hafa sótt innblástur í þennan merka miðaldatexta. Magna Carta var innsiglað hinn 15. júní 1215. Markaði sá atburður fyrsta áfangann að þróun þingræðis í Bretlandi og skjalfestum réttindum einstaklingsins, sem er grunnurinn að gildum okkar og mörgum þeirra stjórnarskrárbundnu réttinda sem breskir borgarar njóta nú á dögum.

RÉTTARRÍKI

Stuart Gill
sendiherra Bretlands á Íslandi

En hvað er svona merkilegt við skjal, sem ritað var nærri þremur öldum eftir að Alþingi Íslendinga var stofnað? Hvað átti sér stað þegar Jóhann I., þáverandi Englandskonungur, og nokkrir óstýrilátir aðalsmenn söfnuðust saman á afskekktum grasvelli í Suður-Englandi? Í stuttu máli sagt voru þeir að reyna að útkljá ágreiningsmál sín. Barónarnir voru reiðir konungi vegna þess sem þeir töldu ósvífna skattheimtu og hneigð konungs til að stela landi þeirra og drepa óvini sína. Jóhann konungur var ekki þekktur fyrir löghlýðni. Reyndar taldi hann sig sjálfan standa ofar lögunum. Einmitt þarna lá vandinn. Í augum barónanna hafði konungurinn gengið endalaust á rétt þeirra árum saman og nú vildu þeir sjá breytingar.

Magna Carta – eða „Samningurinn mikli“ – var um 3.500 orða langur latneskur texti sem setti völdum konungs skorður. Sumir sagnfræðingar hafa skemmt sér við að gera lítið úr ýmsum ákvæðum Magna Carta, en fáein ákvæði hafa sannarlega staðist tímans tönn, ekki síst þetta: „Engan frjálsan mann má handtaka, fangelsa, svipta eigum sínum eða gera útlægan, né eyðileggja á nokkurn hátt, […] nema að undangengnu réttarhaldi jafningja sinna eða hann sé dæmdur að landslögum.“ Og: „Engum munum vér selja né neita um rétt eða réttmætt réttarhald.“

Með nokkrum pennastrikum höfðu hinar hatrömmu deilur konungs og landeignaraðals Englands fætt af sér grundvallarreglu réttarríkisins og þá meginreglu að enginn væri ofar lögunum – ekki einu sinni konungurinn.

Átta öldum síðar er ánægjulegt að geta haldið því til haga að þessar meginreglur eru í heiðri hafðar enn í dag í löndum okkar. Við deilum þessum gildum og vinnum saman að því að viðhalda þeim.

Um leið og ég óska lesendum til hamingju með afmælisviku Magna Carta vil ég hvetja þá til að kynna sér ítarefni á samfélagsmiðlagáttum sendiráðsins á Facebook og Twitter, UkinIceland.

→ Magna Carta – eða „Samningurinn mikli“ – var um 3.500 orða langur latneskur texti sem setti völdum konungs skorður.

22. júní er síðasti dagurinn sem þú hefur til að hafa áhrif á niðurstöður í atkvæðagreiðslunni um kjarasamningana

Sýnum ábyrga afstöðu

Greiðum atkvæði um kjarasamningana

FLÓABANDALAGIÐ

EFLING STÉTTARFÉLAG

V.L.F. HLÍF

VS FK

ATH! Atkvæði póstleggist í síðasta lagi 18. júní

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 15-1302

Jafnlaunavottun VR

Arion banki hlaut nýverið Jafnlaunavottun VR. Við erum stolt af því að vera stærsta og fjölmennasta fyrirtækið og jafnframt fyrsti bankinn sem fengið hefur slíka vottun.

Undanfarið ár hefur farið fram öflugt starf við að ná þessu markmiði. Jafnlaunavottun VR felur í sér ítarlega úttekt á launum starfsfólks og þeim þáttum sem hafa áhrif á kjör. Við höfum innleitt gæðakerfi sem á að tryggja að starfsfólki, sem vinnur sambærileg störf, sé ekki mismunað í launum.

Um leið og við fögnum því að Jafnlaunavottunin er í höfn heitum við því að leggja hart að okkur að viðhalda þessum árangri og gera enn betur, starfsfólki, viðskiptavinum og samfélaginu öllu til hagsbóta.

Arion banki

JAFNLAUNA-
VOTTUN VR

VR-15-024

TÍMAMÓT

MERKISATBURÐIR

1551 Jón Arason og synir eru dæmdir landráðamenn á Oddeyri við Eyjafjörð, að undirlagi danskra sendimanna.

1877 Blaðið Ísafold prentað í fyrsta sinn í eigin prentsmiðju.

1909 Vatni hleypt á dreifikerfi Vatnsveitu Reykjavíkur úr Elliðaám.

1940 Sovétríkin leggja Eistland undir sig.

1943 Strandferðaskipið Súðin verður fyrir loftárás þýskrar orrustuflugvélar á Skjálfandaflóa og tveir menn falla í árásinni.

1944 Alþingi heldur fund í Reykjavík, fellir niður sambandslög Íslands og Danmerkur og tekur nýja stjórnarskrá í gildi.

1946 Hátíðahöld eru í tilefni 100 ára afmælis Menntaskólans í Reykjavík.

1980 Gufuneskirkjugarður í Reykjavík er tekinn í notkun.

1982 Lögreglan staðfestir að hafa lagt hald á 189 kíló af maríjúana frá Jamaíka.

2008 Ísbjörn (Hraunsbirnan) kemur á land við Hraun á Skaga. Þetta er öldruð birna sem er felld næsta dag, 17. júní.

ÞETTA GERÐIST 16. JÚNÍ 1940

353 mönnum bjargað undan Ingólfshöfða

Skipshöfnin á togaranum Skallagrími bjargaði 353 mönnum af breska skipinu Andia þennan mánaðardag árið 1940. Andia var vopnað kaupfar í þjónustu breska flotans sem þýskur kafbátur sökkti suður af Ingólfshöfða. Togarinn Skallagrímur var á leið í söluferð til Hull og var út af Vestmannaeyjum þegar breskt skip kom aðvífandi og bað um aðstoð við leit að áhöfn Andia, sem sökkt hefði verið á þessum slóðum. Eftir nokkra leit kom Skallagrímur að hinu sökkvandi skipi og tókst að bjarga allri áhöfn þess. Skipverjar voru komnir í björgunarbáta og komust allir um borð í Skallagrím. Eins og nærri má geta varð þar þröng á þingi. Andia sökk skömmu eftir að Skallagrímur kom á staðinn. Hann hélt áfram ferð sinni til Bretlands með hinn dýrmæta farm innanborðs. Þrjátíu og sex stundum eftir björgunina kom breskur tundurspillir og sótti skipbrotsmennina.

Heimild: Ísland í aldanna rás

---

†

Ástkær faðir okkar, sonur, bróðir, frændi og vinur,

ÞORSTEINN ELÍAS ÞORSTEINSSON
frá Vestmannaeyjum,

sem lést mánudaginn 8. júní, verður jarðsunginn frá Landakirkju í Vestmannaeyjum laugardaginn 20. júní kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á styrktarreikning dætra hans, nr. 0536-14-401744, kt. 1103062880.

Kolfinna Þorsteinsdóttir
Kristín Elsa Þorsteinsdóttir
Þorsteinn Sigtryggsson — **Anna Kristín Hauksdóttir**
Snæborg Þorsteinsdóttir — **Agnar Torfi Guðnason**
Guðlaug F. Þorsteinsdóttir
Hrefna Haraldsdóttir
og systrabörn.

---

†

Ástkær eiginmaður minn og faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

HARALDUR ELLINGSEN
viðskiptafræðingur,
Stakkahlíð 17,
105 Reykjavík,

lést á Landspítalanum þriðjudaginn 9. júní síðastliðinn. Útför fer fram frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 18. júní kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Barnaspítala Hringsins.

Ásbjörg Ellingsen
Erling Ellingsen
María Ellingsen
Elín Ellingsen
Erla Ellingsen Magane — **Sean Magane**
Örn Ellingsen — **Dhvani Ellingsen**
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

REBEKKA GUÐMANN
Holtateigi 14, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri mánudaginn 8. júní. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 18. júní kl. 13.30.

Hermann Sigtryggsson
Anna R. Hermannsdóttir — **Björgvin Steindórsson**
Edda Hermannsdóttir — **Andrew Kerr**
Birkir Hermann Björgvinsson — **Ágústa Sveinsdóttir**
María Björk Björgvinsdóttir — **Sverrir Karl Ellertsson**
Rebekka Elizabeth Kerr
Freyja Dögg, Kristjana Birta og Aníta Bríet.

---

†

Ástkær eiginmaður minn,

GUNNAR HELGASON
Kleppsvegi 62, Reykjavík,

lést 4. júní síðastliðinn. Hann verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju 18. júní klukkan 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

Fyrir hönd aðstandenda,
Katrín Magnúsdóttir

---

†

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir okkar,

GYLFI GUNNARSSON
Neskaupstað,

lést á Borgarspítalanum í Reykjavík föstudaginn 12. júní. Útför hans fer fram frá Fella- og Hólakirkju föstudaginn 19. júní kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á samtökin Heilaheill.

Ásdís Hannibalsdóttir
Ásta Sigrún Gylfadóttir
Gísli Gylfason — **Hrafnhildur Geirsdóttir**
Heimir Snær Gylfason
Unnar Þór Gylfason
tengdabörn, barnabörn, barnabarnabörn og systkini.

---

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

GUTTORMUR ARNAR JÓNSSON
frá Sauðárkróki,
Reykjanesvegi 16, Ytri-Njarðvík,

andaðist á heimili sínu 6. júní. Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju föstudaginn 19. júní kl. 14.00.

Sigurbjörg A. Guttormsdóttir — **Haraldur Auðunsson**
S. Harpa Guttormsdóttir — **Orri Brandsson**
Soffía Guttormsdóttir — **Sighvatur Halldórsson**
Alma Björk Guttormsdóttir — **Björgvin Björgvinsson**
Elfa Hrund Guttormsdóttir — **Einar Ásbjörn Ólafsson**
og afabörn.

---

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

ÁSLAUG SÓLBJÖRT JENSDÓTTIR
frá Núpi í Dýrafirði,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir föstudaginn 12. júní. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Börn, tengdabörn, ömmubörn og langömmubörn.

---

†

Fyrir hönd aðstandenda viljum við þakka fyrir stuðning, kveðjur og auðsýnda samúð í tilefni af láti

MAGNÚSAR PÁLSSONAR

Sylvia Briem
Helgi Briem Magnússon — **Þóra Emilsdóttir**
Páll Briem Magnússon — **Anna G. Gunnarsdóttir**
Iðunn Magnúsdóttir — **Valgarður Guðjónsson**
Sæunn Magnúsdóttir — **Friðjón Hólmbertsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Lífsins ljós, einstök eiginkona, móðir, dóttir, systir, frænka, tengdadóttir, vinur og snillingur ýmissa kúnsta,

HULDA HREIÐARSDÓTTIR
Efstasundi 81, Reykjavík,

varð bráðkvödd á heimili sínu föstudaginn 5. júní. Útför fer fram frá Fossvogskirkju, föstudaginn 19. júní kl. 13.00.

Halldór Hrafn Jónsson
Ólafur Hrafn, Hreiðar Hrafn og Heiða Björk
foreldrar og systkin.

---

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

KOLBEINN HELGASON
fyrrv. skrifstofustjóri,
Hrafnistu í Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum í Fossvogi fimmtudaginn 11. júní. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 22. júní kl. 13.00.

Guðrún Emilía Kolbeinsdóttir — **Einar Indriðason**
Indriði Helgi Einarsson
Kristín Kolbeinsdóttir
Kolbeinn Vormsson
Vormur Þórðarson
Yngvild Svendsen
Sindre Einarsson
Freyr Einarsson

---

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

ELÍNBORG STEFÁNSDÓTTIR
fóstra,
frá Fáskrúðsfirði,

sem lést á Hrafnistu í Hafnarfirði síðastliðinn fimmtudag, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju föstudaginn 19. júní kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Félag aðstandenda Alzheimersjúklinga eða Tækjakaupasjóð Hrafnistu í Hafnarfirði.

Steindór Guðmundsson — **Inga Jóna Jónsdóttir**
Áslaug Guðmundsdóttir — **Sigurður Thorarensen**
Þórunn Guðmundsdóttir
Guðrún Guðmundsdóttir — **Ari Eggertsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Elskulegur sambýlismaður og faðir,

HALLDÓR HALLDÓRSSON
blaðamaður,

lést á heimili sínu 11. júní.

Fyrir hönd annarra vandamanna,
Ingibjörg Tómasdóttir
Hrafnhildur Halldórsdóttir

---

†

Faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,

SIGURÐUR ÞORKELSSON
Grænagarði, Garðabæ,

lést sunnudaginn 14. júní sl. í Sóltúni. Jarðarför verður auglýst síðar.

Bjarney Sigurðardóttir — **Þór Sverrisson**
Hólmfríður Sigurðardóttir — **Ágúst Þór Gunnarsson**
Jóhann Sigurðsson — **Ingibjörg St. Sigurðardóttir**
Guðrún Þorkelsdóttir — **Jón Helgason**
og afkomendur.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

Með hjólabakteríu
Ágústa Edda Björnsdóttir er ein þeirra fjölmörgu sem taka þátt í Wow-Cyclothoninu í ár.
SÍÐA 2

Samspil
Í sumar verður boðið upp á ókeypis íþróttaæfingar í Efra-Breiðholti.
SÍÐA 4

VATTJAKKAR
MARGIR LITIR

20% afsláttur

Skoðið laxdal.is/yfirhafnir

Vertu vinur á Facebook

BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • S:551 4422

VIRKAR STRAX Á VERKI OG EYMSLI

GENGUR VEL KYNNIR *Sore No More er náttúrulegt og fljótvirkt verkjastillandi gel sem hentar einstaklega vel til þess að lina þráláta verki og eymsli án þess að taka töflur.*

Í þúsundir ára hafa frumbyggjar í Mexíkó notað plöntukjarna til þess að lina og lækna verki og þjáningar. Sore No More er náttúrulegt og fljótvirkt verkjastillandi gel sem er án alkóhóls, kemískra íblöndunarefna, rotvarnarefna og parabena. Sore No More hita- eða kæligel henta einstaklega vel til þess að lina líkamlega verki og eymsli.

VERKURINN SNARMINNKAÐI MEÐ SORE NO MORE

„Ég lenti í bílslysi 2010 og slasaðist á baki. Í kjölfarið hef ég fundið fyrir verkjum í baki sem eru til staðar oftar en ekki og inntaka verkjalyfja hefur ekki gagnast mér neitt. Ég prufaði Sore No More kuldakremið í fyrra og þetta krem hefur algjörlega bjargað mér! Á morgnana og eftir langan vinnudag er þetta krem hrein snilld! Verkurinn snarminnkar þegar ég ber það á mig! Ég mæli hiklaust með þessari vöru,“ segir Ína Jóhannsdóttir.

KÆLIMEÐFERÐ

- Hjálpar til við að lina bráða verki vegna byltu eða höggs
- Frábært eftir æfingar
- Gott sem kælimeðferð eftir meðferð hjá kírópraktor/sjúkraþjálfara/nuddara
- Öflug kælivirkni án þess að valda óþægindum og ofkælingu á húð

HITAMEÐFERÐ

- Virkar best á þráláta verki t.d. liðagigt, sinabólgur, tennisolnboga, frosna öxl, sinadrátt, vefjagigt, bólgur og þessháttar eymsli
- Hjálpar til við að auka hreyfigetu, eykur blóðrás og náttúrulegan lækningamátt líkamans
- Mjög hentugt til að hita upp og mýkja stífa vöðva fyrir æfingar

Sore No More fæst í flestum apótekum,heilsubúðum og heilsuhillum valdra verslana. Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is

HEFUR REYNST MJÖG VEL Ína Jóhannsdóttir lenti í bílslysi árið 2010 og hefur síðan glímt við verki í baki. Eftir að hún fór að nota Sore No More kælikremið hefur verkurinn snarminnkað.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

Garðsláttuvélar og traktorar
Mikið úrval sláttuvéla, garðtraktora og ásetusláttuvéla

Cub Cadet

ÞÓR HF

Reykjavík: Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500
Akureyri: Lónsbakka, 601 Akureyri, Sími 568-1555
Vefsíða: www.thor.is
Opnunartími: Opið alla virka daga frá kl 8:00 -18:00, Lokað um helgar

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar |** Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson |** Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

Meðferð við hárræðasliti - Tilboð

10% afsláttur af 2 × 30 mín.meðferð
15% afsláttur af 3 x 30 mín.meðferð
20% afsláttur af 4 x 30 mín.meðferð
Miðast við samfelldan meðferðartíma.

Hljóðbylgjumeðferð
Fjarlægir hárræðaslit í andliti, hárræðastjörnur, blóðblöðrur og skemmdir í húð eftir rósroða.

Hversu margar meðferðir þarf?
Algengt er 2-4 skipti, en misjafnt er hversu margar meðferðir þarf til að fjarlægja hárræðaslit endanlega.

Snyrtistofan Hafblik

Ármúla 21, 2. hæð • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com

Betra blóðflæði
Rauðrófu kristall 100% náttúrulegt
Einstök virkni og gæði - þú finnur muninn

Eftir fertugt framleiðir líkaminn **50%** minna **Nitric Oxide.** SUPER**BEETS** örvar **Nitric Oxide** framleiðslu strax. Bætt blóðflæði og aukin súrefnisupptaka hefur jákvæð áhrif á alla starfsemi líkamans, þ.m.t. hjarta og æðakerfi.
ATH: Breyting nítrats úr fæðu í **Nitric Oxide. (NO)** byrjar í **munni,** þess vegna er Super**Beets** tekið inn í vökvaformi, en ekki töfluformi.

Íslensk vottun á virkni NO³
Sýni rannsóknarstofa - Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Nitric Oxide Superbeets
allt að 5 sinnum öflugri
1. dós superbeets jafngildir
30 flöskum af 500 ml rauðrófusafa

Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum

Nánari upplýsingar WWW.SUPERBEETS.is Umboð: vitex ehf - Upplýsingasími 896 6949

Á ERFITT MEÐ AÐ HJÓLA HÆGT

HJÓLREIÐAR *Hjólabakterían heltók Ágústu Eddu Björnsdóttur þegar hún fékk reiðhjól í afmælisgjöf fyrir ári. Í ár fékk hún aftur hjól í afmælisgjöf, alvöru racer, og er komin í keppnislið. Hún tekur þátt í WOW-cyclothoninu í ár.*

„Ég held að hann hafi ekki grunað hvað hann var að koma sér út í," segir Ágústa Edda Björnsdóttir, félagsfræðingur og fyrrverandi landsliðskona í handbolta, en maðurinn hennar gaf henni í sakleysi sínu reiðhjól í afmælisgjöf fyrir ári. Ágústa kolféll fyrir hjólasportinu, svo hressilega að fjölskyldan gaf henni annað hjól í afmælisgjöf í ár, alvöru racer, og mun Ágústa hjóla kringum landið í WOW-cyclothoninu.

„Ég byrjaði aðeins að hjóla þegar ég fékk hjólið og fann fljótlega að mig langaði til að verða betri. Þetta ýtti við keppnismanneskjunni í mér og ég fór að mæta á æfingar hjá hjólafélaginu Tindi. Fljótlega fann ég líka að nýja hjólið dugði skammt, ef maður ætlar að eiga eitthvert erindi verður maður að eiga racer. Eftir að ég fékk hann í afmælisgjöf, um miðjan apríl í vor, gerðust hlutirnir hratt. Þá fór ég alveg á kaf í þetta," segir Ágústa. Nú liggur hún í hjólreiðabókum og les allt um hjólreiðar sem hún kemst yfir á netinu.

„Hjólreiðar eru það síðasta sem ég hugsa um áður en ég sofna á kvöldin. Í síðustu viku fékk ég að prófa fjallahjól í keppni en ég hafði aldrei stigið á fjallahjól áður. Nú er ég komin með fjallahjólabakteríuna líka og er farin að safna mér fyrir fjallahjóli," segir hún hress.

En er þetta ekki tímafrekt sport?

„Jú, mig langar bara til að taka mér frí í vinnunni til að hjóla," segir hún hlæjandi. „Ég reyni bara að púsla lífi mínu saman kringum þetta. Ég hjóla í vinnuna og vel lengri leiðina og lengri leiðina heim. Svo hjóla ég líka seint á kvöldin þegar börnin eru sofnuð. Ég á auðvitað skilningsríkan mann, það var nú hann sem kom mér út í þetta," segir Ágústa en eiginmaðurinn tók sjálfur þátt í cyclothoninu í fyrra og þekkir því ástríðuna að baki.

„Við vorum einmitt að fá okkur hjólafestingar á bílinn. Nú getum við farið að hjóla úti á landi. Eftir nokkur ár sé ég fyrir mér að öll fjölskyldan hjóli saman," segir Ágústa.

En hvað er svona skemmtilegt við hjólreiðarnar?

„Hvað maður kemst hratt yfir. Mér fannst alltaf gaman að hlaupa en get það ekki út af slæmu hné en hjólreiðarnar fara vel með líkamann. Svo er líka svo skemmtilegur félagsskapur í hjólreiðunum. Mér var boðið að vera með í liði í cyclothoninu sem heitir Team Kría, tíu stelpur sem tengjast Kríubúðinni en þar kaupi ég allt mitt hjóladót. Æfingarnar ganga vel. Ég hlakka mikið til þó auðvitað verði þetta erfitt, lítill sem enginn svefn og hjólað á fullu gasi. En þetta er áskorun sem gaman er að takast á við."

En eru rólyndis lystitúrar á hjólinu ekkert fyrir þig?

„Jú, jú, ég fer líka á hjólinu á kaffihús og til að fá mér ís. En ég samt mjög erfitt með að hjóla hægt." ■ **heida@365.is**

KEPPNISMANNESKJA Ágústa Edda Björnsdóttir er með hjólreiðabakteríu á háu stigi en hún fékk hjól í afmælisgjöf fyrir ári. Nú er hún hluti af Team Kría, keppnisliði í WOW-cyclothoninu og hjólreiðar eru það síðasta sem hún hugsar um fyrir svefninn.

MYND/GVA

Gjöf handa þér og þínum

Tékk KRISTALL www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



VINVEITTIR GERLAR

Dagleg inntaka vinveittra gerla styrkir ónæmiskerfið. Optibac fæst í öllum apótekum og heilsuverslunum á Íslandi. Nánari upplýsingar á www.raritet.is og www.facebook.com/optibaciceland

FLATUR MAGI Á SJÖ DÖGUM

RARITET KYNNIR *OptiBac-meltingargerlarnir henta þeim sem þjást af óþægindum í maga. Þeir hjálpa til við niðurbrot mjólkursykurs og sterkju í meltingarvegi. One Week Flat dregur úr lofti í maga og gerir þaninn kvið flatari.*

Ég stunda strangar æfingar alla daga og það útheimtir mikla orku. Ég þarf að byggja upp orkuna bæði fyrir æfingarnar og til að eiga eitthvað afgangs fyrir fjölskylduna og daglegt líf. Það reynir verulega á líkamann að standast álagið sem fylgir því að vera dansari og keppa á meðal þeirra bestu," segir Hanna Rún Bazev Óladóttir dansari.

Algengt er að fólk fái pestir, svo sem kvef og flensu eða í magann, þegar líkaminn er undir miklu álagi. Því er mikilvægt að huga vel að mataræðinu og taka inn OptiBac-meltingargerla en 60% af ónæmiskerfisfrumunum er að finna í meltingarveginum. Vinveittar bakteríur úr OptiBac styrkja varnarkerfi líkamans.

FÆST Í ÖLLUM HELSTU APÓTEKUM OG HEILSUVÖRUVERSLUNUM

VIÐKVÆM Í MAGA

Hanna Rún kynntist nýlega OptiBac-meltingargerlunum. OptiBac – One Week Flat er sjö daga kúr sem inniheldur vinsamlegar bakteríur eins og acidophilus og prebiotics-trefjar.

„Ég er sjálf með magavandamál. Ég þoli illa glúten, brauð og mjólk og er alltaf í miklum vandræðum þegar kemur að keppnum. Þá þarf ég að passa mjög vel hvað ég læt ofan í mig. Það er dagamunur á mér, stundum get ég vel borðað brauð án þess að finna fyrir neinu en aðra daga fer það rosalega illa í mig. Við ferðumst líka mjög mikið í tengslum við keppnir og þá er ég kannski að borða öðruvísi mat en ég er vön. Það kemur oft fyrir að maginn á mér þenst út, mér verður illt og lít nánast út fyrir að vera komin nokkra mánuði á leið. Það er erfitt að keppa í þröngum kjól með útblásinn maga," segir Hanna Rún.

„Meðan á blæðingum stendur þenst kviðurinn líka gjarnan út og þá er mjög erfitt að halda maganum inni. One Week Flat kemur sér vel þá daga sem þær standa yfir."

ÞARF EKKI AÐ GLEYPA PILLUR

„Það er líka stór kostur við One Week Flat að það er í duftformi en ekki í töflum. Ég hef alltaf átt mjög erfitt með að gleypa töflur, sama hversu litlar þær eru. Þess vegna líst mér sérstaklega vel á að One Week Flat er í duftformi, ég get þá bara hrært það út í vatn," segir Hanna Rún.

ONE WEEK FLAT

- OptiBac-meltingargerlarnir henta vel fyrir þá sem þjást af óþægindum vegna lofts í maga sem getur stafað af mataróþoli eða vanvirkni í meltingarstarfsemi.
- One Week Flat er sjö daga kúr sem inniheldur vinsamlegar bakteríur eins og acidophilus og prebiotics-trefjar.
- Gerlarnir hjálpa til við niðurbrot mjólkursykurs og sterkju í meltingarvegi og koma í veg fyrir óþægindi sem tengjast fæðuóþoli.
- One Week Flat dregur úr lofti í maga og gerir þaninn kvið flatari.
- Vörurnar frá OptiBac innihalda blöndu sýruþolinna meltingargerla sem komast örugglega og lifandi gegnum magasýrur smáþarma, þar sem þeim er ætlað að virka.

HEILBRIGÐ MELTING
„Ég mæli með því að nota vandaða meltingargerla eins og frá OptiBac Probiotics til að viðhalda heilbrigðri meltingu og bæta almenna heilsu," segir Hanna Rún Bazev Óladóttir dansari.
MYND/ERNIR

VERUM FRÍSK Í FRÍINU

„For travelling abroad" verndar bakteríuflóru líkamans og styrkir ónæmiskerfið á ferðalögum

Helmingur þeirra sem ferðast til útlanda finnur fyrir óþægindum í maga. Með því að taka inn vinveitta meltingargerla er unnt að minnka verulega hættu á hvers kyns meltingarvanda, svo sem niðurgangi, hægðatregðu og matareitrun.

„For travelling abroad" er tvívirk bakteríuformúla til að taka með í fríið. Hún inniheldur hátt hlutfall góðra baktería, svo sem lactobacillus og bifidobacterium, sem eru verndandi fyrir meltingu og þarmaflóru. Auk þess inniheldur hún saccharomyces boulardii sem losar þarmaflóruna við óæskilegar bakteríur og dregur verulega úr líkum á magakveisum og niðurgangi.



LYFJA
– Lifið heil

Revolution
Macalibrium macarót
fyrir hormónajafnvægi karlmanna

Kannastu við
þessi einkenni?
- Þreytu og orkuleysi
- Minni kynlöngun
- Þyngdaraukningu
- Svefntruflanir
- Depurð



www.lyfja.is

SAMSPIL Eva Dögg er hugmyndasmiður Samspilsverkefnisins sem verður í gangi í Efra-Breiðholti í sumar. Þar geta krakkar komið og prófað ýmsar íþróttir undir leiðsögn reyndra þjálfara. MYND/ERNIR

Svefnvandi, kvíði, depurð

MAGNOLIA
OFFICINALIS

- Heilbrigður svefn
- Upphaf svefns
- Samfelldur svefn
- Þunglyndi og kvíði

Börkur af plöntunni MAGNOLIA OFFICINALIS, sem vex í fjallahéruðum Kína, hefur verið notaður við svefnvandamálum, kvíða og þunglyndi í yfir 2000 ár í Asíu.

"Hjálpar þér að losna úr vítahringnum og ná stjórn á svefninum"
Dr. Michael Breus
www.thesleepdoctor.com

Heilbrigður svefn

Fáanlegt í nær öllum apótekum landsins, Heilsuhúsið, Hagkaup, Fjarðarkaup, Orkusetrið, Lifandi Markaður, Heilsuver, Heilsuhornið Blómaval, Heilsulausn.is og Heimkaup

BALSAM

ÓKEYPIS ÍÞRÓTTIR Í BREIÐHOLTI Í SUMAR

ÍÞRÓTTAHLAÐBORÐ *Í sumar mun verkefnið Samspil bjóða upp á ókeypis íþróttaæfingar í Efra-Breiðholti í annað sinn. Æft er tvisvar í viku á skólalóð Hólabrekkuskóla. Æfingar eru ætlaðar börnum í þriðja til áttunda bekk.*

„Íþróttir eru alþjóðlegt tungumál. Í gegnum þær kynnumst við á allt annan hátt, í gegnum líkamstjáningu í stað tungumáls," segir Eva Dögg Guðmundsdóttir sem heldur utan um verkefnið Samspil í samstarfi við Þjónustumiðstöð Breiðholts, ÍR og Leikni en verkefnið er styrkt af ÍTR.

Hugmyndin vaknaði hjá Evu þegar hún skrifaði mastersritgerð sína en hún stundaði þverfaglegt nám í menningar- og innflytjendafræðum og uppeldis- og menntunarfræðum frá háskólanum í Hróarskeldu. Í ritgerðinni lagði hún mat á verkefni í Danmörku sem snerist um að flytja íþróttaæfingar út í hverfi þar sem íþróttaþátttaka var ekki nógu mikil, og bjóða upp á æfingar undir berum himni. „Þó margt hafi verið vel gert í þessu verkefni var ýmislegt sem mér fannst mega betur fara," segir Eva Dögg. „Til dæmis vildi ég ekki að greitt væri fyrir æfingarnar eins og var gert þar. Þá vildi ég bæta inn fræðslu og lífsleikniæfingum," segir Eva Dögg sem hefur haldið fyrirlestra um hugmyndir sínar sem forsvarsmenn þjónustumiðstöðvarinnar og íþróttafélaganna í Breiðholti höfðu haft spurnir af. Þeir tóku því vel í tillögu Evu Daggar um að setja upp svipað verkefni í Breiðholti. Samspili var þannig hrundið af stokkunum síðastliðið sumar og boðið er upp á það í annað sinn nú í ár.

GAMAN AÐ PRÓFA Krakkarnir fá að prófa margar íþróttir á æfingunum sem fram fara á lóð Hólabrekkuskóla.

FYRIR BÖRN Í ÞRIÐJA TIL ÁTTUNDA BEKK

„Breiðholtið varð fyrir valinu þar sem íþróttaþátttaka þar er mun minni en í öðrum hverfum borgarinnar," útskýrir Eva Dögg og segir reynsluna frá því í fyrrasumar nokkuð góða. „Það komu tæplega 90 börn á æfingarnar okkar en þó hefðum við viljað hafa fleiri þátttakendur. Rigningin gerði okkur erfitt fyrir en í ár eigum við athvarf inni í íþróttahúsi ef veðrið er að stríða okkur."

Æfingar eru haldnar tvisvar í viku á skólalóð Hólabrekkuskóla. Æfingarnar eru ætlaðar börnum í þriðja til áttunda bekk. „Öll börn eru velkomin hvort sem þau eru vön að stunda íþróttir eða ekki."

ÍÞRÓTTAHLAÐBORÐ

Fyrsta æfing sumarsins var í gær en lítið mál er að mæta á næstu vikum. „Krakkarnir geta bara mætt á staðinn og fá þá með sér heim skráningarblað sem þau fylla út með foreldrunum," segir Eva Dögg en boðið verður upp á fjölbreyttar æfingar. „Þetta verður nokkurs konar íþróttahlaðborð. Við verðum með handbolta, fótbolta, körfubolta, frjálsar íþróttir og keilu," lýsir Eva Dögg og því ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Vonir standa einnig til að áhugi krakkanna á áframhaldandi æfingum í vetur muni vakna með þessu átaki.

Íþróttakennarar frá Leikni og ÍR halda utan um íþróttaæfingarnar en Eva Dögg mun sjá um lífsleikniæfingar. Hún leggur áherslu á að fræða krakkana um fordóma, staðalímyndir, einelti og valdeflingu. „Það er mikilvægt að byrja snemma að fræða krakka um fordóma enda fæðumst við fordómalaus en lærum að dæma hluti með aldrinum," segir hún.

ÆFINGAR

Æfingarnar verða á mánudögum og miðvikudögum á eftirfarandi tímum:
Kl. 15-16.15 – 3.-5. bekkur
Kl. 16.15-17.30 – 6.-8. bekkur
Æfingum lýkur um mánaðamótin júlí/ágúst.

365.is | Sími 1817 365

GULL BYLGJAN

BÍLAR & FARARTÆKI

NISSAN Almera acenta. Árgerð 2006, ekinn 76 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 950.000. Rnr.107177. allt að 100 % visa euro lán Bílamarkaðurinn S:567 1800

SKODA Octavia ambiente combi. Árgerð 2012, ekinn 114 Þ.KM, dísel, 5 gírar. álfelgur , leiðsögukerfi ofl Verð 2.690.000. SKIPTIVERÐ 2.990.000 KR Rnr.107171. Bílamarkaðurinn S567-1800

LAND ROVER Discovery 4 7 manna. Árgerð 2011, ekinn 87 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.990.000. skoðar skipti Rnr.223567. Bílamarkaðurinn S:567-1800

JEEP Grand cherokee srt 8. Árgerð 2007, ekinn 97 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.750.000. Rnr.104634. Bílamarkaðurinn s:567-1800

Bílamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46E, Kópavogi
Sími: 567 1800

NÝ HJÓLHÝSI 2015

Niewiadow hjólhýsin hafa verið frábær og traustur ferðafélagi Íslendinga í áratugi! Frábært verð á nýjum hjólhýsum aðeins 2.490þ.!!! Skipti möguleg. Allt að 80% lán mögulegt. Rnr.126608. Erum með hjólhýsin á staðnum tilbúin til afhendingar. Til sýnis og sölu á Bílalíf s:562-1717.

Bílalíf
Kletthals 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opið 10-18 virka daga
www.bilalif.is

SUZUMAR GÚMMÍBÁTAR.

Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til i stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

SUZUKI UMBOÐIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
http://www.stora.is

2015 NÝIR DODGE RAM 3500

Nýtt útlit, flottari innrétting og Fáanlegur með loftpúðafjöðrun að aftan, Dísel, Komdu og kynntu þér málið útvegum allar gerðir, erum að taka niður pantanir, Kíktu á síðuna okkar www.isband.is

Íslensk-Bandaríska ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ
Sími: 534 4433
Opið 10-18.00 virka daga. Lokað á laugard.
http://www.isband.is

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

BÍLL DAGSINS !!!

TOYOTA Land cruiser 120 lx „38". Árgerð 2008, ekinn 210 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.990.1 eigandi og tilbúinn á fjöll Rnr.210638.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is

Palomino Colt 6/2006 - Fortjald með dúk - Svefntjöld x2 - Grjótgrind - Ný rafgeymir - Ný pólýhúðuð trappa og felgur - Upphækkað - Lækkað verð úr 1090 þús - Tilboðsverð 990 þús - Er á staðnum raðnr 192056.

Rockwood Freedom 190 XR Rafmagns upplyfting - Sólarsella - Fortjald - ísskápur - Truma - Geymslupallur á beisli - Ásett verð 1690 þús - Tilboðsverð 1390 þús - Er á staðnum raðnr 118976.

100 bílar ehf
Í miðbæ Mosfellsbæjar, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið 10-18.00, Lau 11-15
www.100bilar.is

Bílar til sölu

Opel Astra til sölu, ,03 árgerð, túrbó dísel, 16 skoðun, ný dekk, nýr olíufilter, 320þús S: 6162597

ÓDÝR VINNUBÍLL.

Kangoo 1999 Ný tímareim,ný vatnsdæla sko ,15. Verð 185þ. uppl. 787-8768

250-499 þús.

LÍTIÐ KEYRÐUR YARIS

TOYOTA YARIS 00 ek. aðeins 103 þús, með tímakeðju, 3ja dyra beinsk, sk 16, einn eigandi síðan ,00 verð 490 þús möguleiki á 100% vísaláni s.841 8955

LÍTIÐ KEYRÐUR - TILBOÐ 390 PÚS

RENAULT LAGUNA II, 12/01 ek.121 þús, sk.16, beinskiptur 1600 eyðir mjög litlu og mjög gott að keyra, ásett verð 590 þús tilboð 390 þús möguleiki á 100% vísaláni s.841 8955

500-999 þús.

DÍSEL SPARIGRÍS !

Peugeot 207 1.4 Dísel. árg ,07. ek 134þús km. nýleg tímareim. ný sk. góð dekk. 5dyra. eyðir ca 4-5L/100km. Ásett v:1.390þús. Tilboðsverð 890þús stgr. möguleiki á vísalán eða bílaláni. uppl í s:659-9696

EKINN AÐEINS 55PÚS KM !

Opel corsa 1.2 árg ,06 ek aðeins 55þús km. skoðaður. góð dekk. einn eigandi frá upphafi. smurbók. 5dyra. hiti í sætum. bsk. virkilega heill og góður bíll sem að eyðir litlu. Tilboðsverð aðeins 890þús. vísalán í boði. uppl í s:659-9696

TILBOÐSVERÐ AÐEINS 690PÚS !

Subaru Impresa station 2.0 árg ,04 ek 176þús km. Sjálfskiptur. Ný skoðaður ,16. Ný heilsársdekk. Smurbók frá upphafi. Ásett v:890þús. Tilboðsverð aðeins 690þús. Möguleiki á allt að 100% vísaláni. Uppl í s:659-9696

FRÁBÆR FJÖLSK. BÍLL. TILBOÐ 590 PÚS

FORD FOCUS C-MAX 2004 ek.148 þús, ný skoðaður 16, ný kúpling, ný dekk ofl.dráttarkrókur, rúmgóður og skemtilegur fjöldskyldubíll ásett verð 850 þús TILBOÐ 590 PÚS möguleiki á 100% vísaláni í 36 man s.841 8955

1-2 milljónir

DÍSEL OCTAVIA !

Skoda Octavia 2.0 dísel. árg ,06. ek 172þús km. skoðaður. beinskiptur. mjög eyðslugrannur og flottur bíll. góð dekk. filmur. ásett verð 1.490þús. Tilboðsverð aðeins 1.190þús. möguleiki á vísaláni. uppl í s:659-9696

Bílar óskast

KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!

Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

---

BÍLL ÓSKAST Á 25-250PÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Jeppar

TIL SÖLU VOLVO XC 90 DÍSELJEPPI

ný yfirfarinn og skoðaður athugasemdalaust. Ný tímareim og nýleg heilsárs harðkornadekk. ek. 235 þús. km. Verð 2,4 millj. Uppl. í s. 896 1981 Guðmundur

Sendibílar

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Reiðhjól

Fellihýsi

Bátar

Hjólbarðar

FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

skemmtanir

Varahlutir

JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA
Erum að rífa flestar teg. frá asíu og evrópu árg. ,99-13. Kaupum flestar teg. bíla. Opið 8-18 virka Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

Garðyrkja

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, nýsmíði, viðgerðir og viðhald. Uppl. í s. 858 3300

Nudd

NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

Spádómar

908 1888
Spásími Daddýar

Rafvirkjun

Rafinn ehf. Löggiltur rafverktaki, tek að mér töfluskipti og almenn rafvirkjastörf. Uppl. í s. 557 4020/892 3429

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Trésmíði

INNRETTINGAR.IS
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

KEYPT & SELT

Til sölu

Samskipti sér um skönnum verkteikninga, ljósmynda , stóra veggspjalda, og OCR skönnun. S: 5807820 eða sendu okkur fyrirspurn á sala@samskipti.is

SPARAÐU ÞÉR SPORIN!
Rafskutla á 4 hjólum, 50 km á hleðslu, 4 litir, svalt útlit. Skemmtilegt og virkilega þægilegt! V. 329 þús 783-3003

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

HEILSA

Nudd

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

atvinna

SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

HANDAFL EHF s. 777 2 333

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

WWW.LEIGUHERBERGI.IS
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
gsm 777 1313

leiga@leiguherbergi.is

Lítil tveggja herbergja íbúð TIL LEIGU Þingholtsstræti í RVK. Uppl. í síma 8659611

Geymsluhúsnæði

SUMARTILBOÐ GEYMSLULAUSNIR.IS
Verð frá 2900kr.mán Sækjum og sendum. S: 615-5005

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

GEYMSLUR.COM
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

ATVINNA

Atvinna í boði

HÚSASMIÐIR
Framsækið verktakafyrirtæki óskar eftir smiðum í vinnu.

Umsóknir sendist á verk.job@gmail.com

GINGER
óskar eftir starfsfólki í hlutastörf kvöld og helgar, 2-3 sinnum í viku.

Ef þú ert íslenskumælandi, samviksusöm/ur, reyklaus og yfir 18 ára hafðu þá samband við Brynju í Ginger Síðumúla 17 milli kl. 14-16 virka daga eða sendu umsókn með ferilskrá á brynja@ginger.is

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

tilkynningar

Fjóla Kristjánsdóttir
Brennan heilun
Útskrifuð úr 4 ára námi frá Barbara Brennan School of Healing
Bóka tíma: **692 9215**
Nánari upplýsingar á
heilandi.is

Aðalfundur
Kópavogsdeildar Búmanna

Fundurinn verður haldinn að Blásölum 24, Kópavogi í samkomusal á jarðahæð.
Fundurinn verður þriðjudaginn 23. júní 2015 og hefst kl. 17.00.
Dagskrá samkvæmt samþykktum félagsins. Félagsmenn og aðrir áhugasamir Kópavogsbúar eru velkomnir á fundinn.

Stjórnin.

Aðalfundur
Reykjavíkurdeildar Búmanna

Fundurinn verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík Sigtúni 38 í sal hótelsins er Gullteigur nefnist.
Fundurinn verður miðvikud. 24. júní 2015 og hefst kl. 17.00.
Dagskrá samkvæmt samþykktum félagsins. Félagsmenn og aðrir áhugasamir Reykvíkingar eru velkomnir á fundinn.

Stjórnin.

atvinna

Vinnslustöðin hf. auglýsir eftir 1 - 2 háskólanemum til starfa

Starfið felst í sumarvinnu með aðstoð við stjórnun, skráningar og utanumhald um rekstur félagsins í ýmsum deildum þess. Með starfinu gefst nemum tækifæri á að kynna sér alla þætti sjávarútvegs, veiðar, vinnslu, sölu- og markaðsmál ásamt stýringu mannafla og tækja auk uppbyggingu véla og búnaðar. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í sumar.

Ef þú hefur áhuga á sjávarútvegi og stundar eða hyggur á háskólanám í einhverjum af eftirtöldum greinum:
- Verkfræði eða öðrum tæknigreinum
- Viðskiptafræði eða tengdum greinum s.s. markaðsfræði
- Matvælafræði, vöruþróun eða öðrum tengdum greinum
- Sjávarútvegsfræði eða öðrum greinum sem nýtast innan sjávarútvegsins, þá viljum við skoða þær með opnum huga.

Áhugasömum nemum er boðinn styrktarsamningur á meðan á námi stendur. Í styrktarsamningi felst:
- peningastyrkur til nema á hverri önn.
- að nema verði tryggð vinna á námstíma.
- að nemi vinni verkefni tengd sjávarútvegi í námi sínu.
- að nema verði tryggð vinna að námi loknu.

Nánari upplýsingar veitir Lilja Björg Arngrímsdóttir, lilja@vsv.is / s: 893-1144. Þú sækir um með því að senda tölvupóst á vsv@vsv.is. **Umsóknarfrestur rennur út sunnudaginn 21. júní nk.**

Vinnslustöðin hf
Hafnargötu 2, 900 Vestmannaeyjar
Sími 488 8000 • vsv@vsv.is • www.vsv.is

Vinnslustöðin er í hópi stærstu sjávarútvegsfyrirtækja landsins. Rekstrartekjur félagsins námu 13 milljörðum króna á árinu 2014. Starfsmenn Vinnslustöðvarinnar eru nú um 340 talsins og hefur fjölgað á hverju ári. Fyrirtækið greiddi tæpa þrjá milljarða króna í laun á árinu 2014. Vinnslustöðin á og gerir út alls níu skip til uppsjávarveiða, togveiða og netaveiða. Fyrirtækið stundar vinnslu uppsjávarfisks, saltfiskverkun, humarfrystingu og bolfiskvinnslu, auk þess að reka fiskimjölsverksmiðju. Félagið flytur árlega út 35 – 45 þúsund tonn af afurðum.

fasteignir

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

OPIN HÚS Í DAG

Spítalastígur 7

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45

Glæsileg 63,3 fm. íbúð á 2. hæð með rúmgóðum svölum auk um 5,0 fm. sér geymslu á jarðhæð, í mjög góðu bárujárnsklæddu þríbýlishúsi á einstökum stað við Spítalastíg í hjarta miðborgarinnar. Baðherbergi er nýlega endurnýjað og húsið var allt endurnýjað fyrir um 10-15 árum síðan. Björt stofa með gluggum til norðurs og suðurs og útgengi á svalir. Lóðin er mjög falleg með hellulagðri sameiginlegri verönd. **Verð 34,9 millj. Verið velkomin.**

Stóragerði 27

Mjög fallegt og vel skipulagt 205,9 fm. tvílyft sérbýli auk 25,7 fm. bílskúrs. Samliggjandi bjartar stofur með gluggum í tvær áttir. Rúmgott sjónvarpshol. 5 herbergi. Flísalagðar svalir til vesturs og austurs. Lóðinni er skipt á milli tveggja eigenda í húsinu og fylgir þessum eignarhluta stór lóð til suðurs með viðarverönd og skjólveggjum auk austurlóðar og helmings lóðar til norðurs. Innkeyrsla er nýlega hellulögð. **Verð 56,9 millj.** Virkilega góð staðsetning miðsvæðis í borginni og stutt í skóla og aðra þjónustu. **Verið velkomin.**

Glæsileg fjögurra herbergja penthouse íbúð á efstu hæð við
Hrísmóar 1

Nánari upplýsingar veitir
Jórunn Skúladóttir
sölufulltrúi
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur fasteignasali

Stórglæsileg íbúð að stærð 108,9 fm
Hellulagðar þaksvalir í hálfhring
Einstakt útsýni
Rúmgóðar stofur
Lyftuhús

Verð: **46,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

TRAUSTI fasteignasala

Kristján Baldursson hdl.
Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari

Brávallagata 16A - 101 Reykjavík

OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAG 16. JÚNÍ KL. 17:00-17:30
- Fjögurra herbergja íbúð á þessum vinsæla stað.
- Fyrsta hæð.
- Eignin er laus til afhendingar við kaupsamning.

Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík

Veðurspá

Priðjudagur

Suðaustlæg átt í dag og víða dálítil væta. Hiti 8 til 16 stig, hlýjast fyrir norðan.



Priðjudagur			Miðvikudagur		
Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri	Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
9°	7°	15°	9°	8°	9°
↖10	↖4	↑3	↑5	↖4	↗2
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir	Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
10°	8°	6°	14°	10°	4°
↖8	←8	↑12	↘1	↑2	↑6

KROSSGÁTA



LÁRÉTT
2. ónæði, **6.** í röð, **8.** sóða, **9.** fugl, **11.** fæddi, **12.** samfokinn fönn, **14.** fíflagangur, **16.** tveir eins, **17.** skrá, **18.** hamfletta, **20.** ullarflóki, **21.** slæma.

LÓÐRÉTT
1. elds, **3.** samtök, **4.** súlur, **5.** frostskemmd, **7.** pergament, **10.** poka, **13.** húðsepi milli táa, **15.** að auki, **16.** vafi, **19.** málmur.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. rask, **6.** áb, **8.** ata, **9.** lóm, **11.** ól, **12.** skafl, **14.** flipp, **16.** ee, **17.** tal, **18.** flá, **20.** rú, **21.** illa.
LÓÐRÉTT: 1. bals, **3.** aa, **4.** stólpar, **5.** kal, **7.** bókfell, **10.** mal, **13.** fit, **15.** plús, **16.** efi, **19.** ál.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Margeir Pétursson (2.529) hafði svart gegn Theon Pierre (2.149) í lokaumferð Sardiníu-mótsins.

Svartur á leik

38....e2! 39. He4 Hc4! 40. Hxc4 e1D+ 41. Hc8+ Kh7 42. Rg5 Kh6 43. Hh8+ Kg7 og hvítur gafst upp. Mótið á Sardiníu var fyrsta kappskákmót Margeirs í 17 ár!

www.skak.is Hannes og Lenka í Teplice.

Myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Øverli

GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SUDOKU

LÉTT

			4			1		
		6		2	1		3	
8		2	5		3			7
9	2			8	4	3		
4		3						9
		7				4		2
6			3	1				
1	5		6	4				
			9	7		5	6	

MIÐLUNGS

4	1			5		9	2	
			9		2	7		5
2			6				1	
			2	7				9
1								
3				9	5			4
8	5					3	9	
		3		8				
	6		7				8	

PUNG

		2	5		1			
			4					
3		8					4	6
7		5	3	4				
6						7		
	3	4	6	1		9		
			1	5		2		
	7				3		5	
5				7			8	

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

6	8	3	7	9	4	1	2	5
4	5	9	1	6	2	3	7	8
1	2	7	8	5	3	4	9	6
5	3	4	2	1	7	6	8	9
7	1	2	9	8	6	5	3	4
8	9	6	3	4	5	7	1	2
3	6	1	4	2	9	8	5	7
9	4	8	5	7	1	2	6	3
2	7	5	6	3	8	9	4	1

7	5	2	1	6	4	3	8	9
6	8	4	2	3	9	7	5	1
9	1	3	7	5	8	4	6	2
8	4	5	9	7	3	1	2	6
1	3	9	6	8	2	5	7	4
2	7	6	4	1	5	8	9	3
3	2	7	8	4	6	9	1	5
4	9	8	5	2	1	6	3	7
5	6	1	3	9	7	2	4	8

8	9	5	1	3	6	2	4	7
6	1	3	2	7	4	5	9	8
7	2	4	5	8	9	1	3	6
9	8	6	7	4	5	3	1	2
4	3	1	6	9	2	7	8	5
2	5	7	3	1	8	9	6	4
1	7	8	4	5	3	6	2	9
5	6	9	8	2	1	4	7	3
3	4	2	9	6	7	8	5	1

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Einna sérverslun landsins
með grill og garðhúsgögn

Grillbúðin

www.grillbudin.is

Komdu og fáðu ráðleggingar

Grillbúðin

Smiðjuvegi 2, Kópavogi | S. 554 0400 | Við hliðina á BÓNUS | grillbudin.is

MENNING

Umbrotatímar á íslensku leiksviði

Leikárinu lýkur formlega með afhendingu Grímuverðlauna í Borgarleikhúsinu í kvöld og því er hér stiklað á stóru á liðnu leikári.

Sigríður Jónsdóttir
leiklistargagnrýnandi Fréttablaðsins

Í kvöld verður Gríman 2015 haldin hátíðleg í Borgarleikhúsinu og verðlaun veitt fyrir bestu frammistöðuna, að mati dómnefndar, á þessu leikári. Ber að nefna að verðlaunaafhendingin er haldin í Borgarleikhúsinu annað árið í röð sem kemur á óvart en sú hefð hefur skapast að stóru leikhúsin tvö skiptist á að hýsa hátíðina. Engar opinberar útskýringar má finna fyrir breytingunni en eins og alltaf verður spennandi að sjá hverjir hreppa styttu. Á þessum hátíðardegi er tilvalið að fara yfir leikárið sem nú er ljúka. Hafa skal í huga að þessi pistill er alls ekki tæmandi, hugmyndin er að stikla á stóru.

Þjóðleikhúsið

Þjóðleikhúsið lagði af stað með „Íslenskan vetur“ þar sem íslensk sviðsverk af öllu tagi voru í fyrirrúmi. En þrátt fyrir frambærilega hugmynd og breiðan leikvöll byggðan á klassískum leikverkum, leikgerðum upp úr þekktum skáldskap og einstaka nýjum leikritum náði leikárið aldrei almennilegu flugi. Ævintýri í Latabæ átti að byrja veturinn með fítonskrafti en sýningin missti marks og lokaði fyrir áramót. Sjálfstætt fólk fékk ágætis gagnrýni en leið örlítið fyrir vinsældir Engla alheimsins sem sló svo rækilega í gegn á fyrra leikári. Leikgerðirnar Karitas og Konan við 1000° voru sterkar sýningar en hápunktar Þjóðleikhússins voru Segulsvið og samvinnusýningin Ofsi sem rædd verða frekar síðar í pistlinum. Kraftlaus Fjalla-Eyvindur og Halla lokaði síðan frekar dræmu leikári hjá Þjóðleikhúsinu.

Borgarleikhúsið

Hinum megin við Miklubrautina í Borgarleikhúsinu var annar og kraftmeiri bragur. Fjölbreytt dagskrá var í boði en Lína Langsokkur keyrði leikárið í gang, farsinn Beint í æð varð vinsæll og Öldin okkar í boði Hunds í óskilum lét leikhúsgesti veltast um úr hlátri. Dúkkuheimili Ibsens sýndi að klassísk verk hafa nær óendanlega möguleika á frumlegri framsetningu en sýningin varð því miður að víkja en aukasýningar verða næstkomandi haust. Ástæðan fyrir stuttum sýningartíma Dúkkuheimilis á stóra sviðinu var þrekvirkið Billy Elliott sem sló rækilega í gegn þar sem þrír ungir drengir stálu hjörtum landsmanna. Birgir Sigurðsson sneri aftur með leikritið Er ekki nóg að elska? sem sýndi að gölluð sýning heftir ekki vinsældir því miðarnir mokuðust út. Pólitíska verkið Peggy Pickett sér andlit guðs lokaði síðan sterku leikári hússins.

Sjálfstæði og samvinna

Samvinna sjálfstæðra sviðslistahópa, sem eiga kannski sinn heimavöll í Tjarnarbíói og að einhverju leyti í Gaflaraleikhúsinu í Hafnarfirði, við stóru húsin tvö hefur verið einkar frjó og skilað sér rækilega í tilnefningum þetta árið. Þjóðleikhúsið hýsti sviðslistahópinn Aldrei óstelandi og úr varð sýningin Ofsi sem var sniðug kúvending á leikgerðinni. Í Borgarleikhúsinu bar hæst samvinnusýningarnar Ekki hætta að anda með Háaloftinu og Hystory í boði Sokkabandsins, en síðari sýningin bar af. Einnig er nauðsynlegt að nefna Frystiklefann á Rifi sem er virkilega spennandi vettvangur fyrir sviðslistir.

En ekki er hægt að skrifa um samvinnu án þess að nefna hjónin Sigurð Pálsson skáld og Kristínu Jóhannesdóttur leikstjóra sérstaklega. Á einu leikári stóðu þau að þremur glæsilegum verkum; einu útvarpsverki, Segulsviði í Þjóðleikhúsinu og að lokum Endatafli í Tjarnarbíói, sem var algjört leikhúshnossgæti.

Allt þetta líf

Mikil gróska er í samtímadansi á Íslandi um þessar mundir, bæði hjá Íslenska dansflokknum sem og í sjálfstæða geiranum, t.d. sýningum Reykjavík Dance Festival sem nýlega tilkynnti samstarf við listahátíðina LÓKAL. Tjarnarbíó hefur einnig verið vettvangur sjálfstæðra sýninga af öllum gerðum en þarf kannski að skapa sér skýrari listræna stefnu fyrir næsta ár því að í heildina voru sýningarnar frekar misjafnar.

SLÓ Í GEGN Billy Elliot í leikstjórn Bergs Þórs Ingólfssonar í Borgarleikhúsinu var líkast til vinsælasta leiksýning ársins.

Endurkomur voru nokkuð áberandi þetta árið en Sigurður Sigurjónsson, Stefán Jónsson og Steinn Ármann Magnússon og Þór Tulinius sneru aftur á sviðsfjalirnar. Mikill happafengur er í þessum mönnum og vonandi fá leikkonurnar svipað tækifæri á næsta ári, Elva Ósk Ólafsdóttir sprettur strax upp í hugann. Leikgerðir hafa lengi verið vinsælar í leikhúsum landsins en virðast vera á einhverju undanhaldi ef marka má Grímutilnefningarnar því fleiri frumsamin handrit eru á lista yfir leikrit ársins en aðlagaðir textar. Barnasýningar eru nú fleiri og fjölbreyttari sem er mikið fagnaðarefni en Lífið – stórskemmtilegt drullumall sem Tíu fingur stóðu fyrir og Kuggur og leikhúsvélin í Þjóðleikhúsinu eru gott dæmi. Leikstjórar á borð við Hörpu Arnardóttur og Ólaf Egil Egilsson, nýliða í leikstjórnarstólnum, sýndu listrænt þor og uppskáru eftir því. Leikkonan Arndís Hrönn Egilsdóttir verður alltaf sterkari en Þorsteinn Bachmann og Þór Tulinius voru sérlega eftirminnilegir.

Útvarpsleikhúsið hélt sínu striki og á Viðar Eggertsson heiður skilið fyrir dagskrávinnu sína þar sem klassískum upptökum, þáttum um sviðslistir og nýjum íslenskum verkum er blandað saman á áhugaverðan hátt. Fleiri mættu taka sér tíma til að leggja við hlustir næsta haust.

Sviðslistir á Íslandi eru að ganga í gegnum ákveðna umbrotatíma en miklar breytingar hafa átt sér stað síðustu misseri. Guðmundur Ingi Þorvaldsson hefur nú verið eitt og hálft ár í starfi framkvæmdastjóra Tjarnarbíós, Kristín Eysteinsdóttir var ráðin listrænn stjórnandi Borgarleikhússins snemma árið 2014 og Ari Matthíasson var ráðinn þjóðleikhússtjóri, eftir tafir, síðastliðinn nóvember en tók við um áramótin.

Steinunn Birna Ragnarsdóttir er nýlega tekin við sem óperustjóri Íslensku óperunnar en ráðning hennar olli miklu fjaðrafoki. Íslenska óperan sætti gagnrýni vegna ráðningaraðferða stjórnarinnar. Steinunn á því á brattann að sækja, þá kannski sérstaklega vegna velgengni Don Carlo. Nú stendur yfir leit að nýjum listrænum stjórnanda fyrir Íslenska dansflokkinn en einnig gustaði um fyrrverandi stjórnanda hópsins. Umsækjendur voru átta, en líklegasti kandídatinn hlýtur að vera dansarinn og danshöfundurinn Erna Ómarsdóttir sem hefur verið listrænn ráðgjafi dansflokksins um tíma.

> **Gríman er uppskeruhátíð sviðslistar á Íslandi og þrátt fyrir þrengri rekstrargrundvöll en oft áður hefur þetta fagfólk og landsmenn allir miklu að fagna.**

Framundan

Af þessum sökum verður næsta leikár gríðarlega spennandi þar sem Guðmundur Ingi og Kristín fá tækifæri til að kynna nýtt verkefnaval byggt á sínum eigin áherslum, Ari og Steinunn stimpla sig inn og nýr stjórnandi Íslenska dansflokksins er enn óskrifað blað. Lítill vafi er á að sjálfstæðu sviðslistahóparnir koma líka sterkir inn þannig að samkeppnin er gríðarleg þar sem listrænn metnaður verður vonandi í fyrirrúmi.

Gríman er uppskeruhátíð sviðslistar á Íslandi og þrátt fyrir þrengri rekstrargrundvöll en oft áður hefur þetta fagfólk og landsmenn allir miklu að fagna. Íslendingar eru einna duglegastir þjóða að mæta á sviðslistaviðburði og vonandi verður næsta leikár ennþá betra.

Takk fyrir mig og gleðilega sviðslistahátíð!

AFREK Segulsvið eftir Sigurð Pálsson í leikstjórn Kristínar Jóhannesdóttur var eitt af afrekum þeirra hjóna á leikárinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sérfræðingar óskast

Sérfræðingar óskast í fullt starf hjá Rannís. Um tvær stöður er að ræða sem felast í umsjón með fagráðum Rannsóknasjóðs, auk annarra sjóða og verkefna. Menntun umsækjenda verður metin út frá þörfum Rannís og skilgreiningum Rannsóknasjóðs fyrir fagsvið.

Sækja skal um störfin á heimasíðu Rannís, á www.rannis.is/starfsemi/laus-storf/, en þar er að finna nánari upplýsingar um menntunar- og hæfniskröfur. Umsókn skal fylgja ferilskrá, kynningarbréf og prófskírteini.

Umsóknarfrestur er til kl 16:00 þann 18. júní 2015

Nánari upplýsingar um störfin veita:
Sigurður Björnsson, sviðsstjóri rannsókna- og nýsköpunarsviðs í síma 515 5801 eða netfanginu sigurdur.bjornsson@rannis.is.
Eiríkur Stephensen, sérfræðingur á rannsókna- og nýsköpunarsviði, í síma 515 5819 eða netfanginu eirikur.stephensen@rannis.is

Rannís er miðstöð stuðningskerfis vísinda- og tæknisamfélagsins, menntunar og þróunar mannauðs, menningar og skapandi greina. Rannís stuðlar að þróun þekkingarsamfélagsins í gegnum rekstur samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum. Hlutverk Rannís er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs.

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

rannís
Borgartúni 30, 105 Reykjavík,
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

JIBBÍ JEI

Gerðu þér glaðan dag á 17. júní

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

PIPAR\TBWA • SÍA

OG ALLT HITT FYRIR FULLKOMINN 17. JÚNÍ

Candy Floss með tatto

Sleikjósnuð

Íslenski fáninn

Nammibar

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

Það er fljótlegt að **reikna dæmið á 365.is**

Hvað getur þú **SPARAÐ MIKIÐ** með því að flytja fjarskiptin yfir til 365?

Fjarskipti og hellingur af vönduðu sjónvarpsefni fyrir alla fjölskylduna

365

ÞAÐ ER EINFALT AÐ REIKNA **DÆMIÐ!**

Með því að færa fjarskiptin yfir til okkar færðu til viðbótar sneisafullan sjónvarpspakka og greiðir líklega svipað fyrir og þú myndir gera fyrir fjarskiptin ein og sér hjá samkeppnisaðilum. Því ekki að fá fullt af frábæru sjónvarpsefni með í kaupunum?

Á 365.is er **reiknivél** sem sýnir þér að ef þú færir fjarskiptin yfir til 365 getur þú fengið vandað sjónvarpsefni á fáránlega góðu verði. Fjarskiptin eru internet, GSM og heimasími. **Reiknaðu dæmið!**

GSM

10 GB NÝTT
GAGNAMAGN FYLGIR Á **0 KR.***

INTERNET

20 GB
GAGNAMAGN FYLGIR Á **0 KR.***

Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is

*Með völdum sjónvarpsáskriftum.





MARAÞON

Taktu maraþon af **Curb Your Enthusiasm** eða **Mad Men.** Á Stöð 2 Maraþon finnur þú meira en 500 þætti af íslenskum og erlendum seríum.

Frábærar **kvikmyndir á Bíórásinni**



Fríðindakerfi 365

Áskrifendur Skemmtipakkans fá sjálfvirkan afslátt hjá fjölda samstarfsfyrirtækja sem bjóða upp á vandaðar vörur og frábæra þjónustu.

Vild



Í Skemmtipakkanum eru sex frábærar sjónvarpsstöðvar, Stöð 2 Maraþon og Vild, fríðindakerfi 365

Stöð 2 · 3 · Krakka stöðin · Bíórásin · G · BRAVO · Vild · MARAÞON · 365

©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

SAMBÍÓIN SAMbio.is

FRÁ FRAMLEIÐANDANUM STEVEN SPIELBERG KEMUR EIN FLOTTASTA MYND SUMARSINS

SUMARSTÓRMYNDIR VERÐA EKKI STÆRRI EN ÞESSI! FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA OG BRETLANDI.

DWAYNE JOHNSON

GEORGE CLOONEY

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

JURASSIC WORLD 3D	KL. 5:20 - 8 - 10:40
JURASSIC WORLD 2D VIP	KL. 5:20 - 8 - 10:40
SAN ANDREAS 3D	KL. 5:30 - 8 - 10:30
TOMORROWLAND	KL. 5:20 - 8 - 10:40
GOOD KILL	KL. 10:55
MAD MAX: FURY ROAD 2D	KL. 5:20 - 8 - 10:40
AVENGERS 2 2D	KL. 5 - 8

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

JURASSIC WORLD 3D	KL. 5:30 - 10:30
SPY	KL. 10:20
SAN ANDREAS 2D	KL. 8
TOMORROWLAND	KL. 5:20

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

JURASSIC WORLD 3D	KL. 5:20 - 8 - 10:35
SAN ANDREAS 3D	KL. 5:30 - 8 - 10:30
SPY	KL. 5:20 - 8 - 10:35
TOMORROWLAND	KL. 5:20
MAD MAX: FURY ROAD 2D	KL. 8 - 10:30

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

SAN ANDREAS 2D	KL. 5:30 - 8 - 10:30
TOMORROWLAND	KL. 5:20
MAD MAX: FURY ROAD 2D	KL. 8 - 10:40

SAMBÍÓIN AKUREYRI

SAN ANDREAS 3D	KL. 5:30 - 8 - 10:30
TOMORROWLAND	KL. 5:30
MAD MAX: FURY ROAD 2D	KL. 8 - 10:30

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

FRÁ LEIKSTJÓRA BRIDESMAIDS OG THE HEAT

HRÚTAR

Daily with english subtitle at 17.30 at Haskolabio University Cinema

Sýningartímar á eMiði.is og miði.is

LAUGARÁS BÍÓ

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

Coca-Cola

POWERSÝNING KL. 10:35

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

HRÚTAR

PITCH PERFECT 2

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
JURASSIC WORLD 2D	5, 8, 10:30
HRÚTAR	4, 6, 8
SPY	8
PITCH PERFECT 2	5, 10

VINSÆL Myndin Jurassic World hefur fengið frábærar viðtökur.

Jurassic World slær öll met

Kvikmyndin Jurassic World hefur slegið öll met í innkomu á fyrstu helgi kvikmyndar í sýningu. Alls halaði myndin inn 511 milljónir Bandaríkjadala, eða tæplega 68 milljarða króna. Hún er fyrsta myndin sem fer yfir 500 milljón dala markið fyrstu sýningarhelgina og sló met myndarinnar Harry Potter and the Deathly Hallows – Part 2, sem halaði inn 483 milljónir dala fyrstu helgina í sýningu, eða um 64 milljarða króna. Myndin hefur fengið góða dóma frá fjölda gagnrýnenda og er með meðaleinkunnina 7,7 á kvikmyndagagnagrunninum IMDb.com. - kak

STJARNA Chris Pratt hefur skotið upp á stjörnuhimininn með góðri frammistöðu í stórmyndum. Hann lék áður í þáttunum Parks and Recreation.

Pratt næsti Indiana Jones?

Leikarinn Chris Pratt, sem hefur slegið í gegn fyrir frammistöðu sína í Jurassic World, þykir líklegur sem næsti Indiana Jones. Leikstjórinn og framleiðandinn Steven Spielberg er sagður hrifinn af Pratt, en Spielberg, sem er maðurinn á bak við Jurassic Park-myndirnar, vann að Jurassic World og myndunum um Indiana Jones. Harrison Ford hefur hingað til túlkað fornleifafræðinginn Henry „Indiana" Jones jr. á hvíta tjaldinu. River Phoenix túlkaði Jones þegar hann var sýndur á yngri árum sínum í myndinni Indiana Jones and the Last Crusade. Pratt hefur blásið á þennan orðróm hingað til, en bandarískir fjölmiðlar segjast þó hafa heimildir fyrir því að þessi hugmynd sé uppi á borðinu. - kak

FERÐALANGAR Logi Ingimarsson tökumaður, Snævar S. Sölvason, leikstjóri og handritshöfundur, Guðgeir Arngrímsson framleiðandi og Ævar Örn Jóhannsson leikari splæsa í sjálfu á forsýningarferðalaginu um landið. MYND/AÐSEND

Hægt með hjálp almennings

Söfnuðu fyrir eftirvinnsluferli Albatross á Karolina Fund og gefa nú til baka með forsýningum um allt land.

„Þessi mynd er eins lókal og hún getur orðið, stútfull af heimamönnum eins og Pálma Gestssyni og Mugga, pabba tónlistarmannsins Mugisons, ásamt vinum og vandamönnum úr öllum áttum," segir Ævar Örn Jóhannsson, aðalleikari og framleiðandi kvikmyndarinnar Albatross, sem forsýnd verður í kvöld í Hátíðarsal Háskólabíós og lokar þannig forsýningarhring hópsins. „Við fjármögnuðum myndina á Karolina Fund og margar hendur unnu létt verk, því nú er hún komin í bíó og við viljum þakka fyrir okkur með því að bjóða þeim sem stóðu við bakið á okkur með því að blása til forsýninga," útskýrir Ævar.

Nú þegar hefur hópurinn haldið tvær sýningar á Bolungarvík, þar sem tökur fóru fram, og mættu fjögur hundruð manns til að sjá myndina og rass í hverju sæti eins og Ævar lýsti. Í gærkvöldi var myndin svo sýnd á Akureyri. „Þetta er fólkið sem gerði okkur kleift að koma myndinni á koppinn og heldur hvað mest með okkur," útskýrir Ævar og bætir við að enginn hafi komið með stóra summu heldur hafi fjölmörg smærri framlög safnast saman.

„Við erum náttúrulega nýgræðingar í þessum bransa og það kom á daginn að ekki er eins auðvelt að fjármagna svona eftirvinnsluferli til að koma myndum í bíó eins og við héldum, verandi með engin sambönd og svoleiðis," útskýrir Ævar og heldur áfram: „Eftir dálitla biðstöðu ákváðum við að setja þetta í hendur almennings og þá skotgekk þetta."

Gekk reyndar svo vel að safnaðist töluvert umfram markmiðið. „Sá peningur var þá nýttur til að vinna tónlistarmyndband úr myndinni, sem Halldór Gunnar Fjallabróðir sá um og fékk Sverri Bergmann til að syngja, svo nú höfum við tónlistarmyndband líka," sagði Ævar glaður í bragði.

Myndin hefur fengið gríðarlega góð viðbrögð, en Ævar segir það ekki endilega að marka, þar sem flestir þeirra sem hafa séð myndina séu velunnarar hópsins.

„Það verður spennandi að sjá hvernig almenningur tekur í þessa frumraun okkar, en myndin fer í almenna sýningu á föstudaginn, 19. júní," segir hann og bætir við að hvað taki við hjá þeim í framhaldinu velti dálítið á viðbrögðunum: „Þá sjáum við hvort þetta er eitthvað sem við eigum erindi í, ég veit að okkur langar alla að gera þetta aftur."

> **Við erum náttúrulega nýgræðingar í þessum bransa og það kom á daginn að ekki er eins auðvelt að fjármagna svona eftirvinnsluferli til að koma myndum í bíó eins og við héldum, verandi með engin sambönd og svoleiðis.**

gudrun@frettabladid.is

TAKTU ÞÁTT Í SKEMMTILEGUM LEIK
og þú átt möguleika á
GLÆSILEGUM VINNINGUM!

Þátttaka er einföld. Þú verslar í Fjarðarkaupum, fyllir út miða og setur hann í sérmerktan kassa í versluninni og ert þar með komin/n í pottinn.

VINNINGAR

- Borgarferð fyrir 2 til Sevilla með Heimsferðum
- 2 fullorðins reiðhjól frá Ellingsen
- iPhone og iPad frá Epli
- Gjafakort frá ÓB
- Gjafakort frá Fjarðarkaupum

Heimsferðir · EPLI · Ellingsen · ÓB

VISA

Opið til 19:00 í dag
Fjarðarkaup er lokað á morgun, 17. júní.
Við óskum landsmönnum öllum gleðilegs þjóðhátíðardags.

www.fjardarkaup.is

FK
FJARÐARKAUP

Heldur sigurganga Blika áfram?

FÓTBOLTI Sjöttu umferð Pepsi-deildar kvenna lýkur í kvöld með fjórum leikjum. Þar ber helst að nefna leik Vals og Breiðabliks á Vodafone-vellinum. Blikakonur eru með 13 stig á toppi deildarinnar og geta með sigri endurheimt fjögurra stiga forskot á Stjörnuna sem vann öruggan 5-1 sigur á Þór/KA í fyrradag. Breiðablik hefur skorað flest mörk allra í deildinni (16) og Valsvarnarinnar bíður erfitt verkefni að stoppa Fanndísi Friðriksdóttur og Thelmu Hjaltalín Þrastardóttur og stöllur þeirra í framlínu Blika.

Selfoss getur unnið fimmta leikinn í röð þegar Afturelding kemur í heimsókn en Sunnlendingar eru aðeins einu stigi á eftir Breiðabliki. ÍBV getur líka stimplað sig fyrir alvöru inn í toppbaráttuna með því að vinna Fylki á útivelli. Þá mætast KR og Þróttur í botnslag vestur í bæ en bæði lið eru aðeins með eitt stig, líkt og Afturelding. - ibs

Fjölnismenn komnir upp í 3. sætið

FÓTBOLTI Áttundu umferð Pepsi-deildar karla í fótbolta lauk í gærkvöldi með þremur leikjum.

Fjölnismenn lyftu sér upp í 3. sæti deildarinnar með 3-0 sigri á Leikni í Grafarvoginum. Aron Sigurðarson skoraði tvö mörk og Þórir Guðjónsson eitt fyrir Fjölni sem hefur aðeins fengið á sig eitt mark á heimavelli í sumar. Leiknismenn hafa hins vegar tapað þremur leikjum í röð. Þeir voru ósáttir við nokkrar ákvarðanir dómaratríósins í gær en svo virtist sem löglegt mark hefði verið tekið af þeim í stöðunni 1-0 í seinni hálfleik.

Stjörnumenn gerðu góða ferð í Árbæinn og unnu 0-2 sigur en þetta var fyrsti deildarsigur Íslandsmeistaranna síðan 10. maí. Jón Arnar Barðdal og Halldór Orri Björnsson skoruðu mörk Stjörnunnar en mark þess fyrrnefnda var hans fyrsta í efstu deild.

KR og ÍA skildu jöfn, 1-1, á KR-vellinum. Ásgeir Marteinsson kom ÍA yfir á 44. mínútu en Almarr Ormarsson jafnaði eftir rúmlega klukkutíma leik. Vesturbæingar eru í 5. sæti deildarinnar, fimm stigum á eftir toppliði FH, en ÍA er með sex stig í 10. sæti, tveimur stigum frá fallsæti. - ibs

HEITUR Þórir Guðjónsson skoraði annað mark Fjölnis. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

HM 2018

Styrkleikaflokkar fyrir undankeppni HM 2018 miða við stöðu liða á styrkleikalista FIFA sem kemur ú 9. júlí. Hér má sjá niðurröðunina samkvæmt útreikningum Dale Johnson hjá ESPN miðað við úrslit síðustu leikja.

1. STYRKLEIKAFLOKKUR
Þýskaland, Belgía, Holland, Rúmenía, England, Wales, Portúgal, Spánn og Króatía/Ítalía.

2. STYRKLEIKAFLOKKUR
Króatía/Ítalía, Slóvakía, Austurríki, Sviss, Tékkland, Frakkland, **Ísland**, Danmör og Bosnía.

3. STYRKLEIKAFLOKKUR
Pólland, Úkraína, Skotland, Ungverjaland, Svíþjóð, Albanía, N-Írland, Serbía og Grikkland.

4. STYRKLEIKAFLOKKUR
Tyrkland, Slóvenía, Ísrael, Írland, Noregur, Búlgaría, Færeyjar, Svartfjallaland, Eistland.

5. STYRKLEIKAFLOKKUR
Kýpur, Lettland, Armenía, Finnland, Hvíta-Rússland, Makedónía, Aserbaídsjan, Litháen, Moldóva.

6. STYRKLEIKAFLOKKUR
Kasakstan, Lúxemborg, Liechtenstein, Georgía, Malta, San Marínó og Andorra.

PEPSI-DEILDIN 2015

STAÐAN

FH	8	6	1	1	19-8	19
Breiðablik	8	5	3	0	15-5	18
Fjölnir	8	5	2	1	12-7	17
Valur	8	4	2	2	15-10	14
KR	8	4	2	2	14-10	14
Stjarnan	8	3	3	2	10-10	12
Fylkir	8	2	3	3	9-11	9
Leiknir R	8	2	2	4	10-11	8
Víkingur	8	1	3	4	11-16	6
ÍA	8	1	3	4	4-10	6
Keflavík	8	1	1	6	7-17	4
ÍBV	8	1	1	6	7-18	4

NÆSTU LEIKIR

Sunnudagur 21. júní: 17.00 Valur - ÍBV, 20.00 FH - Breiðablik. **Mánudagur 22. júní**: 19.15 Leiknir - Fylkir, Víkingur - Fjölnir, ÍA - Keflavík, 20.00 Stjarnan - KR.

Því ég þekki sjálfur þær fyrirætlanir sem ég hef í hyggju með yður, segir Drottinn, **fyrirætlanir til heilla en ekki til óhamingju**, að veita yður vonarríka framtíð...

www.versdagsins.is

Öskubuskuævintýri Evrópu

Ísland er ekki eina landið sem hefur rokið upp styrkleikalista FIFA undanfarin ár. Wales og Rúmenía eru á mikilli siglingu og skjóta mörgum stórþjóðum ref fyrir rass. Færeyjar láta einnig til sín taka svo um munar.

FÓTBOLTI Knattspyrnuáhugamenn á Íslandi svífa enn um á bleiku skýi eftir magnaðan sigur strákanna okkar á Tékkum á Laugardalsvellinum á föstudag. Með sigrinum komst Ísland á topp riðilsins og upp í annan styrkleikaflokk fyrir undankeppni HM 2018 en dregið verður í riðla í næsta mánuði. Markatalan ein og sér [14-3] sýnir hvers konar gæðaflokki íslenska knattspyrnulandsliðið er komið í.

Hróður íslenska landsliðsins er fyrir löngu farinn að berast út um allar trissur og hefur árangurinn vakið verðskuldaða athygli. En öskubuskuævintýrin gerast víðar en á Íslandi og óvænt úrslit hafa víða litið dagsins ljós.

Töframaðurinn Gareth Bale

Fyrir fjórum árum var knattspyrnan í Wales á mjög svipuðum slóðum og sú íslenska. Staða liðanna á lista FIFA var svo slæm að bæði voru í allra neðsta styrkleikaflokki þegar dregið var í riðla – þar sem lið eins og San Marínó, Andorra, Lúxemborg og Liechtenstein eru fastagestir.

Wales var í 112. sæti og Ísland í 121. sæti. Á meðan okkar menn blómstruðu og fóru alla leið í umspilið þar sem þeir töpuðu fyrir Króatíu voru þeir velsku í basli í sínum riðli og voru í næstneðsta sæti hans. Meðal annars mátti Wales þola 6-1 tap fyrir Serbíu.

Síðan þá hefur uppgangur liðsins verið jafn og þéttur. Það hefur aðeins tapað einum leik í tæp tvö ár (vináttuleik gegn Hollandi í júní í fyrra) og um leið rokið upp styrkleikatöfluna. Sigur liðsins á Belgíu á föstudag, þar sem hinn magnaði Gareth Bale skoraði eina mark leiksins, mun væntanlega fleyta liðinu alla leið upp í sjöunda sæti næsta styrkleikalista FIFA og þar með upp í efsta styrkleikaflokk fyrir HM-dráttinn í næsta mánuði. Bale hefur skorað fimm af þrettán mörkum Wales í keppninni til þessa.

Wales hefur aðeins einu sinni komist á stórmót – á HM 1958. „Þetta sýnir hversu langt við höfum náð sem þjóð," sagði Liverpool-maðurinn Joe Allen um árangurinn. „Og það er frábær tilfinning að sjá allt erfiðið borga sig."

Rúmenar svífa hátt

Rúmenía þekkir það vel að spila á stórmótum en eftir HM 1994, þar sem Gheorghe Hagi fór með eftirminnilegt lið Rúmena í 8-liða úrslitin, hefur liðið tvisvar komist á stórmót.

Rúmenar hafa þó oftast staðið sig afar vel í undankeppnunum og aldrei fallið langt niður á styrkleikalista FIFA. Þó að engin stórstjarna sé í liðinu og fáir spili með evrópskum stórliðum hafa úrslitin sannað að fáir standast Rúmenum snúning þessa stundina. Liðið er enn ósigrað í sínum riðli í undankeppni EM og verður, rétt eins og Wales, í efsta styrkleikaflokki fyrir undankeppni HM 2018 sem fjórða besta Evrópuþjóðin.

Færeyjar í fjórða flokki

Fleiri ævintýri hafa verið að gerast víða um Evrópu og eitt besta og nærtækasta dæmið er í Færeyjum. Sigur liðsins á Grikkjum um helgina kom á hárréttum tíma því samkvæmt útreikningum spekinga um FIFA-listann verða Færeyjar í fyrsta sinn á meðal 100 efstu þjóða á listanum og í fjórða styrkleikaflokki fyrir undankeppni HM 2018.

Í þeim flokki verða einnig öflugar knattspyrnuþjóðir eins og Tyrkland, Slóvenía, Írland og Noregur. Þar á bæ þykir mörgum það sjálfsagt slæmur vitnisburður að vera settur í sama flokk og smálið Færeyja en það ber vitni um hversu góður árangur þessarar 50 þúsund manna þjóðar í raun er.

Dregið verður í riðla í undankeppni EM í St. Pétursborg þann 25. júlí og verður þá stuðst við nýjasta styrkleikalista FIFA sem ekki kemur út fyrr en 9. júlí. En hér til hliðar má sjá hvernig flokkarnir líta út miðað við útreikninga Dales Johnson, blaðamanns ESPN.

eirikur@frettabladid.is

ÆVINTÝRIN GERAST VÍÐA Eins og sakir standa gætu Wales og Ísland dregist saman í riðil í undankeppni HM 2018 sem tvö hæst skrifuðu liðin. Færeyjar gætu svo bæst í hópinn sem fjórða sterkasta liðið. Frá vinstri eru Aron Einar Gunnarsson, fyrirliði Íslands, Gunnar Nielsen, markvörður Stjörnunnar og færeyska liðsins, og Gareth Bale, stórstjarna Wales. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR/GETTY

0-2 — **Fylkisvöllur** — Áhorf: 977 — **Guðmundur Ársæll G. (6)**

Mörkin: 0-1 Jón Arnar Barðdal (42.), 0-2 Halldór Orri Björnsson (72.).

FYLKIR (4-3-3): Bjarni Þórður Halldórsson 6 - Stefán Ragnar Guðlaugsson 5, Tonci Radovnikovic 6, Ásgeir Eyþórsson 7, Tómas Joð Þorsteinsson 7 - Jóhannes Karl Guðjónsson 6 (86. Ásgeir Örn Arnþórsson -), Ásgeir Börkur Ásgeirsson 5, Oddur Ingi Guðmundsson 4 (67. Ingimundur Níels Óskarsson 6) - Ragnar Bragi Sveinsson 5, Andrés Már Jóhannesson 6 (80. Hákon Ingi Jónsson -), Albert Brynjar Ingason 5.

STJARNAN (4-3-3): Sveinn Sigurður Jóhannesson 7 - Heiðar Ægisson 7, ***Brynjar Gauti Guðjónsson 8**, Daníel Laxdal 7, Hörður Árnason 8 - Þorri Geir Rúnarsson 4, Michael Præst 5, Jón Arnar Barðdal 6 (89. Atli Jóhannesson -) - Arnar Már Björgvinsson 4 (46. Halldór Orri Björnsson 7), Ólafur Karl Finsen 6, Jeppe Hansen 4 (81. Veigar Páll Gunnarsson -).

Skot (á mark): 13-7 (4-5) **Horn**: 5-1

Varin skot: Bjarni 3 - Sveinn 4

1-1 — **KR-völlur** — Áhorf: 1477 — **Þorvaldur Árnason (7)**

Mörkin: 0-1 Ásgeir Marteinsson (44.), 1-1 Almarr Ormarsson (61.).

KR (4-3-3): Stefán Logi Magnússon 4 - Aron Bjarki Jósepsson 5 (85. Gonzalo Balbi -), Skúli Jón Friðgeirsson 6, Grétar Sigfinnur Sigurðarson 5, Gunnar Þór Gunnarsson 5 - Kristinn Jóhannes Magnússon 5, Pálmi Rafn Pálmason 6, Jacob Schoop 6 - Almarr Ormarsson 7, Óskar Örn Hauksson 6, Sören Fredriksen 5 (75. Þorsteinn Már Ragnarsson -).

ÍA (4-3-3): Árni Snær Ólafsson 5 - Þórður Þorsteinn Þórðarson 6, Ármann Smári Björnsson 6, Gylfi Veigar Gylfason 6, Darren Lough 5 - Ingimar Elí Hlynsson 5, Albert Hafsteinsson 5, ***Jón Vilhelm Ákason 7** - Ólafur Valur Valdimarsson 7 (87. Hallur Flosason -), Arsenij Buinickij 5, Ásgeir Marteinsson 7 (71. Steinar Þorsteinsson -).

Skot (á mark): 13-10 (6-6) **Horn**: 11-2

Varin skot: Stefán Logi 5 - Árni Snær 4

3-0 — **Fjölnisvöllur** — Áhorf: 1347 — **Þóroddur Hjaltalín (3)**

Mörkin: 1-0 Aron Sigurðarson (59.), 2-0 Þórir Guðjónsson (88.), 3-0 Aron (90.).

FJÖLNIR (4-3-3): Þórður Ingason 6 - Arnór Eyvar Ólafsson 6, Daniel Ivanovski 7 (87. Atli Már Þorbergsson -), Bergsveinn Ólafsson 5, Viðar Ari Jónsson 6 - Ólafur Páll Snorrason 7 (90. Ægir Jarl Jónasson -), Emil Pálsson 6, Gunnar Már Guðmundsson 6 - ***Aron Sigurðarson 8**, Þórir Guðjónsson 7, Guðmundur Karl Guðmundsson 6 (70. Ragnar Leósson -).

LEIKNIR (4-3-3): Eyjólfur Tómasson 5 - Eiríkur Ingi Magnússon 5, Halldór Kristinn Halldórsson 5, Óttar Bjarni Guðmundsson 4, Charley Fomen 5 - Atli Arnarsson 4, Sindri Björnsson 5 (82. Elvar Páll Sigurðsson -), Hilmar Árni Halldórsson 6 - Amath Diedhiou 4 (59. Kolbeinn Kárason 5), Kristján Páll Jónsson 4 (82. Elvar Páll Sigurðsson -), Ólafur Hrannar Kristjánsson 4.

Skot (á mark): 18-8 (6-4) **Horn**: 3-6

Varin skot: Þórður 4 - Eyjólfur 3

SJÓÐHEITT KOLAGRILL

í garðinn, á pallinn eða í ferðalagið.

Verð frá kr. 34.000,-

FASTUS

Veit á vandaða lausn

Opið mán - fös 8.30 - 17.00 • Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

SUMARIÐ ER TÍMINN

OG STUNDUM ER TÍMINN EINS OG VATNIÐ

20% AFSLÁTTUR*

AF REGNFÖTUM

FRÁ GÆÐAMERKINU

DIDRIKSONS 1913

Grundsund SWEDEN

ÁRNASYNIR

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

ÚTILÍF

síðan 1974

GLÆSIBÆ KRINGLUNNI SMÁRALIND

utilif.is

Komu í heiminn á sama spítalanum

Körfuboltakapparnir **Stephen Curry og LeBron James** hafa slegið hvert metið á fætur öðru í úrslitakeppninni en þeir eiga fleira sameiginlegt en að vera að endurskrifa NBA-söguna og vera komnir með liðin sína alla leið í úrslitaleikina um NBA-meistaratitilinn. Golden State Warriors, lið Currys, getur tryggt sér fyrsta titil sinn í 40 ár með sigri á heimavelli Cleveland í sjötta leiknum í kvöld.

KÖRFUBOLTI LeBron James og félagar í Cleveland Cavaliers eru komnir upp að vegg eftir tvö töp í röð í úrslitum NBA-deildarinnar í körfubolta og Golden State Warriors geta kórónað magnað nýliðatímabil þjálfarans Steve Kerr með því að tryggja sér langþráðan NBA-titilinn með sigri í sjötta leiknum sem fer fram í Quicken Loans-höllinni og verður í beinni á Stöð 2 Sport í kvöld.

Það er ekkert skrýtið að körfuboltaspekingar jafnt sem körfuboltaáhugafólk hafi stillt upp þessum lokaúrslitum í ár sem einvígi á milli LeBrons James og Stephens Curry sem eru án vafa einstakir leikmenn í sögu NBA og eiga ótal met sem sanna þá fullyrðingu. Styrkur, leikskilningur, sprengikraftur og stöðugar framfarir LeBrons James hafa fyrir löngu gert hann að besta körfuboltamanni heims en á móti kemur að heimurinn hefur líklega aldrei áður séð skotmann eins og hinn 191 sentímetra háa Stephen Curry.

Það að leikmaður geti rakið boltann betur en flestir í deildinni, búið til skotið sitt upp úr engu og sé fljótari en flestir að skjóta boltanum þegar færið gefst er einstakt í körfuboltadeild þeirra bestu í heimi alveg eins og maður byggður eins og ruðningskappi sem hefur boltameðferð og hraða bakvarðar í bland við sendingagetu bestu leikstjórnenda.

Summa Akron City spítalinn

En magnaðasta staðreyndin og jafnvel enn skemmtilegri en öll stigin, allar stoðsendingarnar og öll metin hjá þessum frábæru en ólíku leikmönnum er sú ótrúlega tilviljun að þeir James og Curry komu í heiminn á sama spítalanum í Akron í Ohio-ríki.

LeBron James hefur alla tíð talað stoltur um æskustöðvar sínar í Akron og það er hann sem er nú kominn nær því en nokkur annar að færa Cleveland sinn fyrsta NBA-titil. Það er hins vegar annar körfuboltamaður sem fæddist á Summa Akron City sjúkrahúsinu sem gerir sig nú líklegan til að koma í veg fyrir að draumur LeBrons rætist og vinna sinn fyrsta NBA-titil í næsta nágrenni við þar sem hann fæddist fyrir rúmum 27 árum.

Anthony McClelland og Gloria Marie James eignuðust Lebron James á Summa Akron City spítalanum 30. desember 1984 og þar bjó hann þar til að hann sveik lit og gekk til liðs við Miami Heat sumarið 2010. James varð tvisvar meistari með Miami-liðinu en ákvað að snúa heim fyrir þetta tímabil. Dell og Sonya Curry eignuðust Stephen Curry 14. mars 1988 á sama spítala en Dell Curry og kona hans bjuggu nálægt spítalanum á þessum tíma þegar hann spilaði sitt eina tímabil með Cleveland Cavaliers.

Ættu að vakta fæðingardeildina

Dell Curry grínaðist með það við blaðamenn fyrir lokaúrslitin að kannski væri ekki óvitlaust fyrir njósnara að fara að leita að framtíðarmönnum á fæðingardeildinni á Summa Akron City spítalanum. Dell Curry spilaði þó bara þetta eina tímabil með Cleveland og eyddi næstu tíu tímabilum hjá Charlotte Hornets.

Það leit þó allt út fyrir að Lebron James væri að fara alla leið með Cleveland-liðið þar sem liðið var komið í 2-1 í einvíginu. Eftir þrjá leiki þar sem Ástralinn Matthew Dellavedova stal sviðsljósinu frá besta leikmanni tímabilsins, Stephen Curry, hefur þessi snaggaralegi skotmaður sýnt snilli sína á ný í síðustu leikjum.

Stephen Curry lék svo sem ekki illa í fyrstu leikjunum en á sama tíma var LeBron James að skila tölum sem enginn hafði áður séð á stærsta sviði NBA-deildarinnar. Það var ekki fyrr en í fjórða leikhlutanum í fimmta leiknum í fyrrinótt þar sem fólk sá af hverju hann var kosinn mikilvægasti leikmaður tímabilsins.

Stephen Curry skoraði 17 af 37 stigum sínum í fjórða leikhlutanum, þar af fimmtán þeirra eftir að Lebron James kom Cleveland í 80-79 þegar sjö mínútur og 47 sekúndur voru eftir af leiknum.

Rosalegar tölur hjá Lebron

Fram að þessari tæplega átta mínútna sýningu Currys var það allt eins líklegt að Lebron James myndi bæði taka titilinn og útnefninguna besti leikmaður úrslitanna þrátt fyrir að vera nánast einn síns liðs að leiða vængbrotið lið Cleveland sem hefur misst tvo stjörnuleikmenn í meiðsli í úrslitakeppninni.

Frammistaða LeBrons James er þegar komin í hóp þeirra allra bestu í sögu lokaúrslitanna og með sigri í seríunni færi hann langt með að tryggja sér sæti við hlið Michaels Jordan við borð þeirra allra bestu í NBA-sögunni. En ef 40 stiga, 14 frákasta og 11 stoðsendinga leikur er ekki nóg, hvað dugar þá?

Stephen Curry skoraði sjö þrista í síðasta leik og þá alla með varnarmenn Cleveland-liðsins andandi ofan í hálsmálið. Það var ekki nóg því eins og á einnig við um Lebron James þá er nánast ómögulegt að stoppa Stephen Curry þegar hann skiptir í stórstjörnugírinn.

Draumur um úrslitaleik

Hreinn úrslitaleikur um NBA-titilinn væri draumaendir á skemmtilegri seríu og það er ekki annað að heyra en að Lebron James hafi sjálfur trú á þessu ennþá ef marka má viðtal við hann eftir síðasta leik.

„Ég missi aldrei trúna af því að ég er besti leikmaðurinn í heiminum. Leikur sex er á okkar heimavelli og við höfum nóg af vopnum í okkar liði til að vinna hann," sagði LeBron James og ef einhver getur komið jafn löskuðu liði og Cleveland í sjöunda leik þá er það kóngurinn af Akron.

ooj@frettabladid.is

TVEIR FRÁBÆRIR LEIKMENN Lebron James og Stephen Curry hafa sýnt snilli sína í úrslitakeppninni í ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Í hópi fastagesta á EM

HANDBOLTI Íslenska karlalandsliðið í handbolta tryggði sér um helgina sæti á Evrópumótinu í handbolta með flottum tólf marka sigri á Svartfellingum í Höllinni og handboltaliðið kom Íslandi um leið í fámennan hóp handboltarisa álfunnar á þessari öld.

Strákarnir okkar hafa nú verið með á níu Evrópumótum í röð eða öllum Evrópukeppnum karlahandboltans á 21. öldinni. Því hafa aðeins fimm aðrar þjóðir náð eða Danmörk, Frakkland, Króatía, Spánn og Rússland sem öll eru með meira en fjórar milljónir íbúa.

Guðjón Valur Sigurðsson, fyrirliði íslenska liðsins, var með á EM í Króatíu 2000 og getur því tekið þátt í sínu níunda Evrópumóti eftir sex mánuði en Guðjón Valur verður 36 ára í ágúst.

Frakkar, Spánverjar, Króatar og Rússar hafa verið með á öllum Evrópukeppnum sögunnar og það breyttist ekki núna. Danir hafa bara misst af einu Evrópumóti (1998) alveg eins og Svíar (2006) og Þjóðverjar (2014). Ísland er í 10. sætinu á þeim lista. - óój

NÍUNDA EM? Guðjón Valur Sigurðsson hefur spilað alla leiki Íslands á EM karla nema tvo eða 48 af 50 leikjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

→ Þjóðir sem hafa verið með á níu Evrópumótum í handbolta í röð

ÍSLAND	330 PÚSUND ÍBÚAR
KRÓATÍA	4,3 MILLJÓNIR
DANMÖRK	5,7 MILLJÓNIR
SPÁNN	46,4 MILLJÓNIR
FRAKKLAND	66,1 MILLJÓN
RÚSSLAND	146 MILLJÓNIR

→ Flest Evrópumót þjóða

12 EVRÓPUMÓT
Króatía, Spánn, Frakkland, Rússland

11 EVRÓPUMÓT
Danmörk, Þýskaland, Svíþjóð

10 EVRÓPUMÓT
Ungverjaland, Slóvenía

9 EVRÓPUMÓT
Ísland, Serbía

AEG

TILBOÐSDAGAR

20% afsláttur

af öllum AEG vörum í nokkra daga

LOKADAGAR

ALLRA SÍÐUSTU FORVÖÐ!

Þeir, sem fá tilboð í dag þriðjudag og á fimmtudag 18. júní hafa 10 daga til að taka tilboðinu og njóta hagstæðustu greiðslukjara. Við erum sveigjanlegir í samningum.

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

ormsson.is

ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

ORMSSON	ORMSSON	KS	SR BYGG	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	GEISLI	TÆKNIBORG	OMNIS
KEFLAVÍK	ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI	SAUÐÁRKRÓKI	SIGLUFIRÐI	AKUREYRI	HÚSAVÍK	VÍK -EGILSSTÖÐUM	PAN-NESKAUPSSTAÐ	ÁRVIRKINN-SELFOSSI	VESTMANNAEYJUM	BORGARNESI	AKRANESI
SÍMI 421 1535	SÍMI 456 4751	SÍMI 455 4500	SÍMI 467 1559	SÍMI 461 5000	SÍMI 464 1515	SÍMI 4712038	SÍMI 477 1900	SÍMI 480 1160	SÍMI 481 3333	SÍMI 422 2211	SÍMI 433 0300

DAGSKRÁ

3 | 21:00

ORANGE IS THE NEW BLACK

Þriðja þáttaröðin af þessum frábæru verðlaunaþáttum um Piper Chapman sem lendir í fangelsi fyrir glæp sem hún framdi mörgum árum fyrr. Nýja þáttaröðin er sýnd í heild sinni 16. og 17. júní á Stöð 3 frá kl. 21 og svo öll mánudagskvöld á Stöð 2.

FRÁBÆR ÞRIÐJUDAGUR

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365

2 | 19:40

CATASTROPHE

Ný bresk þáttaröð um hinn ameríska Rob og hina írsku Sharon sem hittast á skemmtistað í London þar sem örlög þeirra ráðast.

2 | 20:05

WHITE COLLAR

Sjarmörinn og svikahrappurinn Neil Caffrey hjálpar lögreglunni að góma aðra svikahrappa til þess að komast hjá fangelsisvist sjálfur.

2 | 20:50

VEEP

Bráðfyndnir gamanþættir þar sem Julia Louis-Dreyfus er í hlutverki þingmanns sem ratar í starf forseta Bandaríkjanna.

2 | 22:05

MURDER IN THE FIRST

Hörkuspennandi þættir þar sem eitt stórt og flókið sakamál er til umfjöllunar frá upphafi til enda út þáttaröðina.

22:00

THE NORMAL HEART

Áhrifamikil mynd um ungan mann sem reynir að vekja athygli á AIDS og hættum þess.

Krakkastöðin | 07:00 - 20:30

BARNAEFNI ALLA DAGA

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.

©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. Nánari upplýsingar á **365.is**

STÖÐ 2

07:00 **Barnatími Stöðvar 2**
08:05 **The Middle**
08:30 **Restaurant Startup**
09:15 **Bold and the Beautiful**
09:35 **The Doctors**
10:15 **Are You There, Chelsea?**
10:40 **Suits**
11:25 **Friends With Better Lives**
11:50 **Flipping Out**
12:35 **Nágrannar**
13:00 **X-factor UK**
14:55 **X-factor UK**
15:45 **Touch**
16:30 **Teen Titans Go**
16:55 **Ground Floor** Gamanþættir frá sömu framleiðendum Scrubs og Cougar Town.
17:20 **Bold and the Beautiful**
17:40 **Nágrannar**
18:05 **Pepsímörkin á Stöð 2**
18:30 **Fréttir Stöðvar 2**
18:47 **Íþróttir**
18:55 **Ísland í dag**
19:40 **Catastrophe** *(3:6)* Ný bresk þáttaröð um hinn ameríska Rob og hina írsku Sharon sem hittast á skemmtistað í London þar sem örlög þeirra ráðast og líf þeirra tekur óvænta stefnu.
20:05 **White Collar**
20:50 **Veep**
21:20 **A.D.: Kingdom and Empire**
22:05 **Murder in the First**
22:50 **Last Week Tonight with John Oliver** Spjallþáttur með John Oliver sem fer yfir atburði vikunnar með á sinn einstaka hátt en hann er þekktur fyrir sinn hárbeitta og beinskeytta húmor eins og glöggir áhorfendur muna úr þáttunum Daily Show en þar sló hann í gegn með regluleg innslög sem urðu til þess að hann fékk sinn eigin spjallþátt.
23:20 **Louie**
23:45 **Weird Loners**
00:15 **Outlander**
01:10 **Major Crimes**
01:55 **Weeds**
02:25 **Five Star Day**
04:00 **Priest**
05:25 **Fréttir og Ísland í dag**

SPORT *besta sætið*

07:00 **Fjölnir - Leiknir R.**
08:50 **Pepsímörkin**
11:10 **Euro 2016**
12:05 **Demantamótaröðin - Ósló**
14:05 **Fjölnir - Leiknir R.**
15:55 **Pepsímörkin 2015**
17:10 **Kasakstan - Tyrkland**
18:50 **Lettland - Holland**
20:30 **Euro 2016**
21:25 **Goðsagnir - Guðmundur Steinsson**
22:00 **UFC Countdown**
22:45 **UFC 188: Velasquez vs. Werdum**
01:00 **Cleveland - Golden State. Leikur 6 -** Bein útsending

SPORT 2 *enski boltinn*

10:10 **WBA - Leicester**
12:00 **Premier League World 2014**
12:30 **Chelsea - Man. Utd.**
14:20 **Fjölnir - Leiknir R.**
16:10 **Pepsímörkin 2015**
17:25 **Crystal Palace - Man. City**
19:10 **Euro 2016 - Markaþáttur**
20:00 **Sigurður Helgason -** Guðmundur Benediktsson hittir glerharða stuðningsmenn ensku stórliðanna.
20:30 **Real Madrid - Man. City**
21:00 **Season Highlights 2014/2015**
21:55 **Everton - Leicester**
23:40 **Crystal Palace - Swansea**

INN

20.00 **Hrafnaþing**
21.00 **Lífæð Íslands**
21.30 **Stjórnarráðið**

STÖÐ 3

18:20 **Silicon Valley**
18:45 **The World's Strictest Parents**
19:45 **Suburgatory**
20:10 **One Born Every Minute UK**
21:00 **Orange is the New Black**
21:55 **Orange is the New Black**
22:50 **Orange is the New Black**
23:45 **Orange is the New Black**
00:40 **Orange is the New Black**
01:35 **Orange is the New Black**
02:30 **Orange is the New Black**
03:25 **Awake.**
04:10 **The Originals**
04:50 **The 100**
05:35 **Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

Krakkastöðin

07.00 Dóra könnuður **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Sumardalsmyllan **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveinsson **08.49** Tommi og Jenni **08.55** UKI **09.00** Brunabílarnir **09.22** Kalli á þakinu **09.47** Ævintýraferðin **10.00** Strumparnir **10.25** Latibær **10.47** Elías **11.00** Dóra könnuður **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Sumardalsmyllan **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveinsson **12.49** Tommi og Jenni **12.55** UKI **13.00** Brunabílarnir **13.22** Kalli á þakinu **13.47** Ævintýraferðin **14.00** Strumparnir **14.25** Latibær **14.47** Elías **15.00** Dóra könnuður **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Sumardalsmyllan **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveinsson **16.49** Tommi og Jenni **16.55** UKI **17.00** Brunabílarnir **17.22** Kalli á þakinu **17.47** Ævintýraferðin **18.00** Strumparnir **18.25** Latibær **18.47** Elías **19:00** Fuglaborgin

GULLSTÖÐIN

17:40 **Friends**
18:05 **Modern Family**
18:30 **Mike & Molly**
18:55 **The Big Bang Theory**
19:15 **Veggfóður**
20:00 **Eitthvað annað**
20:35 **Grimm**
21:20 **True Detective**
22:20 **Curb Your Enthusiasm**
22:50 **Chuck**
23:35 **Veggfóður** Vala Matt og Hálfdan Steinþórsson halda áfram að fjalla á lifandi og skemmtilegan máta um allt það nýjasta í heimi hönnunar og lífstíls. Þau taka hús á smekklegum Íslendingum og kynna sniðugar hugmyndir og lausnir við allra hæfi.
00:15 **Eitthvað annað** Lóa Pind Aldísardóttir fjallar um fólkið á bak við íslensk sprotafyrirtæki, fólk sem þorir að stíga út úr þægindaramma launþegans og láta drauminn um að gera „eitthvað annað" rætast.
00:50 **Grimm**
01:35 **True Detective**
02:30 **Curb Your Enthusiasm**
03:05 **Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

BÍÓSTÖÐIN

09:55 **Jack the Giant Slayer**
11:50 **Presumed Innocent**
13:55 **Silver Linings Playbook**
15:55 **Jack the Giant Slayer**
17:50 **Presumed Innocent**
19:55 **Silver Linings Playbook**
22:00 **The Normal Heart**
00:15 **Trust** Dramatísk mynd með Clive Owen og Catherine Keener í aðalhlutverkum. Líf úthverfafjölskyldu breytist þegar hin fjórtán ára gamla Annie kynnist fyrsta kærasta sínum á netinu. Eftir nokkurra mánaða netspjall við Charlie, en svo segist pilturinn heita, samþykkir Annie að hitta hann í eigin persónu og veit auðvitað ekki hvers konar martröð bíður hennar.
02:00 **Paranoia**
03:45 **The Normal Heart**
06:45 **Diana**

RÚV

16.30 **Downton Abbey**
17.20 **Dótalæknir**
17.43 **Robbi og skrímsli**
18.06 **Millý spyr**
18.15 **Táknmálsfréttir**
18.25 **Vísindahorn Ævars**
18.30 **Melissa og Joey**
18.50 **Öldin hennar e.**
19.00 **Fréttir**
19.25 **Íþróttir**
19.30 **Veðurfréttir**
19.35 **Kastljós**
20.00 **Gríman 2015** Bein útsending frá afhendingu Grímuverðlaunanna í Borgarleikhúsinu. Kynnar: Árni Pétur og Kjartan Guðjónssynir. Dagskrárgerð: Egill Eðvarðsson.
21.30 **Golfið**
22.00 **Tíufréttir**
22.15 **Veðurfréttir**
22.20 **Gárur á vatninu**
23.10 **Dicte**
23.55 **Barnaby ræður gátuna – Sverð Vilhjálms**
01.25 **Kastljós**
01.50 **Fréttir**
02.05 **Dagskrárlok**

SKJÁREINN

06:00 **Pepsi MAX tónlist**
08:00 **Everybody Loves Raymond**
08:20 **Dr. Phil**
09:00 **The Talk**
09:45 **Pepsi MAX tónlist**
13:35 **Cheers**
14:00 **Dr. Phil**
14:40 **Benched.**
15:05 **Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course**
15:35 **My Kitchen Rules**
16:20 **Eureka**
17:05 **Black-ish**
17:30 **The Odd Couple**
17:50 **Dr. Phil**
18:30 **The Talk**
19:10 **Design Star**
19:55 **Kirstie**
20:15 **Reign** Mary, drottningu Skotlands, er ætlað að giftast frönskum prinsi og tryggja þar með bandalag Frakklands og Skotlands.
21:00 **Parenthood**
21:45 **Nurse Jackie** *(3:12)* Margverðlaunuð bandarísk þáttaröð um hjúkrunarfræðinginn Jackie sem er snjöll í sínu starfi en er háð verkjalyfjum.
22:10 **Californication**
22:40 **Sex & the City**
23:05 **Ray Donovan**
23:50 **Franklin & Bash**
00:35 **The Bridge**
01:20 **Parenthood**
02:05 **Nurse Jackie**
02:30 **Californication**
03:00 **Sex & the City**
03:25 **Pepsi MAX tónlist**

Golfstöðin

08.00 PGA Tour 2015 **12.00** PGA Tour 2015 **12.55** PGA Tour 2015 **18.00** Golfing World 2015 **18.50** PGA Tour 2015 **22.50** Champions Tour Highlights **23.45** Golfing World 2015

HRINGBRAUT

04.00 Lífsstíll **04.30** Kíkt í skúrinn **05.00** Úr smiðju Páls Steingrímssonar **06.00** Lífsstíll **06.30** Kíkt í skúrinn **07.00** Úr smiðju Páls Steingrímssonar **08.00** Lífsstíll **08.30** Kíkt í skúrinn **09.00** Úr smiðju Páls Steingrímssonar **10.00** Lífsstíll **10.30** Kíkt í skúrinn **11.00** Úr smiðju Páls Steingrímssonar **12.00** Lífsstíll **12.30** Kíkt í skúrinn **13.00** Úr smiðju Páls Steingrímssonar **14.00** Lífsstíll **14.30** Kíkt í skúrinn **15.00** Úr smiðju Páls Steingrímssonar **16.00** Lífsstíll **16.30** Kíkt í skúrinn **17.00** Úr smiðju Páls Steingrímssonar **18.00** Lífsstíll **18.30** Kíkt í skúrinn **19.00** Úr smiðju Páls Steingrímssonar **20.00** Fólk með Sirrý **21.00** Atvinnulífið **21.30** Ritstjórarnir **22.00** Fólk með Sirrý **23.00** Atvinnulífið **23.30** Ritsjórarnir

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

Afmælistónleikar

19. september 2015

MAGGI EIRÍKS 70 ára

Reyndu aftur

Braggablús

Elska þig

Vegurinn heim

Samferða

Ó, þú

Magnús Eiríksson fagnar sjötíu ára afmæli sínu með stórtónleikum í Eldborg, þann 19. september. Dregnir verða fram gimsteinar, konfektmolar og blúsaðar perlur úr óviðjafnanlegu lagasafni Magnúsar sem fyrir löngu er samofið þjóðarsál Íslendinga. Nýir og gamlir vinir líta við s.s. KK, Ellen Kristjánsdóttir, Valdimar Guðmundsson, Pálmi Gunnarsson o.fl. Hljómsveit ásamt strengjasveit leikur undir stjórn Þóris Úlfarssonar.

Ómissandi tónleikar fyrir ómissandi fólk.

Aukatónleikar

Kl. 21 – Uppselt
Kl. 17 – Aukatónleikar

Miðasala hafin á aukatónleika: harpa.is | 528 5050 | tix.is

HARPA DÆGURFLUGAN

BESTI BITINN

„Nautaborgarinn á Gló í Faxafeni. Hann er þess virði að hætta sér yfir Snorrabraut. Maður getur líka loksins borðað hamborgara án þess að vera með samviskubit.“

Unnsteinn Manúel Stefánsson

Böðuðu sig í alvöru kindablóði í Blood Burst

Nýjasta myndband Mammúts er stútfullt af rokki og blóði. Kindablóðið endurspeglar hrylling, segir Katrína.

„Það er mikill hryllingur í blóði en á sama tíma er þetta vökvinn sem heldur okkur á lífi,“ segir Katrína Mogensen, söngkona hljómsveitarinnar Mammút, sem á dögunum gaf út sitt fyrsta myndband þar sem sungið er á ensku. Myndbandið er við lagið Blood Burst (Blóðberg) og má með sanni segja að mikið rokk og ról sé í gangi, ásamt blóði.

„Já, þetta er kindablóð,“ segir Katrína og bætir við að þær Sunneva Ása Weisappel, sem er leikstjóri myndbandsins, hafi báðar notast mikið við kindablóð í sinni listsköpun, en Mammút baðaði hár sitt í kindablóði þegar hljómsveitin kom fram á Iceland Airwaves-hátíðinni í fyrra. „Sunneva fékk algjörlega frjálsar hendur í hugmyndavinnu og í gerð myndbandsins. Anni Ólafsdóttir og Sunneva klipptu það einnig,“ útskýrir Katrína, sem er gríðarlega ánægð með útkomuna. „Við gerðum þetta bara, þegar tilgangurinn er sköpun fer adrenalínið að stjórna. Það er ekki fyrr en eftir á sem maður fer að sjá hversu sjúkt og firrt það er að leika sér að blóði,“ segir Katrína.

Hljómsveitin er nú í óðaönn að semja efni fyrir nýja plötu sem væntanleg er næsta vor, en nýlega gerði bandið samning við Bella Union-útgáfuna í Bretlandi. Er Mammút því komin um borð í sama útgáfuskip og Fleet Foxes, The Flaming Lips, John Grant og Father John Misty.

- ga

BLÓÐSÚPA Katrína segir meðlimi bandsins ekki hafa sett kindablóðið fyrir sig. MYND/AÐSEND

JEMIMA KIRKE Girls-leikkonan mætti með brúsk undir höndunum á CFDA-verðlaunin, án teljandi andkafa almennings, sem segir þó meira en mörg orð.

MILEY CYRUS Flaggar lubbanum þegar henni hentar.

Hárugir handarkrikar næsta skref byltingar

„Ég held að þetta snúist fyrst og fremst um að konur séu að gera kröfu um að fá aftur stjórnina yfir eigin líkama,“ segir Inga Mekkin um útspil stjarnanna.

„Ég myndi segja að þetta væri næsta skrefið í þessari jafnréttisbyltingu sem nú er í gangi,“ segir Inga Mekkin, sem heldur úti síðunni Loðin í kjól, sem hefur það að markmiði að storka kynbundnum staðalímyndum um hárvöxt.

„Ég held að þetta snúist fyrst og fremst um að konur séu að gera kröfu um að fá aftur stjórnina yfir eigin líkama, og þetta er bara partur af því,“ segir Inga.

Hún segist þess fullviss að mörgum þyki nóg um og allt að óþægilegt, en bendir á að einu sinni þótti óbærilegt að konur klæddust buxum.

„Í mínum augum er þetta æðisleg þróun, og það að þessar þekktu konur séu að birta myndir af sér er gríðarlega þýðingarmikið,“ útskýrir Inga og bætir við að hún vilji gjarnan sjá fleiri á rauða dreglinum nýta fjölmiðlaathyglina á þennan hátt.

Girls-stjörnurnar Lena Dunham og Jemima Kirke hafa farið í broddi fylkingar og hvatt konur til að safna hárum undir höndunum og birta af því myndir á samfélagsmiðlum, jafnvel undir myllumerkinu #armpithairidontcare, eða hár undir höndunum og mér er skítsama. Dunham birti lista á Instagram-reikningi sínum þar sem hún þuldi upp markmið sumarsins, og efst á blaði var að safna lubba í handarkrikunum.

Miley Cyrus hefur stokkið á vagninn og undirstrikað hárprýðina með lit, og setti allt á annan endann þegar hún birtist á síðum Paper í síðustu viku, þar sem hún skartaði lituðum hárbrúsk undir höndunum.

gudrun@frettabladid.is

SNÝST UM VALDIÐ Inga Mekkin er ánægð með stjörnurnar.

JULIA ROBERTS Leikkonan reyndi þetta fyrir nokkrum árum og var slátrað í fjölmiðlum.

LENA DUNHAM Lena hefur verið dugleg við að gefa samfélagslega samþykktum gildum löngutöngina. Nú safnar hún hárum undir hendur.

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **PJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

KFC

VILTU BJÓÐA BRAGÐLAUKUNUM Í VEISLU?

Nýtt

SWEET & FIRE

SWEET & FIRE
Glóðheitur Zinger-borgari með káli, sjóðheitri 2HOT4U-sósu og krassandi sinnepssósu.
1.079 KR

SWEET & FIRE-borgari, 3 Hot Wings, franskar, gos og Florida-stykki.
1.849 KR

SVOOO GOTT

PIPAR\TBWA - SÍA - 151359

#KOLICELAND

WOW AIR OG PE

KINGS O

MIÐASALA HEFST Í

EPSI MAX KYNNA
OF LEON
DAG KL.10 Á TIX.IS!
sena
NÁNAR Á SENA.IS/KOL

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 800 1177

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

BAKÞANKAR
Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

Aftaka á miðju torgi

Mig renndi ekki í grun hvaða undur áttu eftir að eiga sér stað þennan sólbjarta sunnudag þegar ég keypti mér dagblaðið El País í söluturni einum. Fór ég því léttur í lund og settist undir svokölluðu jacaranda-tré við kaffihús eitt og pantaði mér kaffi sóló.

PEGAR ég er að lesa um spillinguna skellur slumma á myndina af Rajoy forsætisráðherra. Leit ég upp og sá fjaðraðan sökudólginn. Fannst mér þetta vel til fundið hjá honum en ég færði ég mig þó aðeins um set því þessi skrítla yrði kannski ekki jafn skemmtileg næst.

EN hvað haldið þið? Þegar ég er kominn á menningarsíðurnar skellur aftur í blaðinu og deginum ljósara að ófögnuðurinn kom aftur úr skuti þessa fugls sem byrsti nú brjóst, greinilega til alls líklegur. Ég sýndi honum hnefann og bölvaði á okkar ylhýra. Ekki gat ég þó fært mig aftur því borðin við kaffihúsið voru öll setin. Ég var því í hættu staddur.

AUGNABLIKI síðar heyri ég dynk mikinn við trjárætturnar og þótti mér sá vængjaði þá heldur stórtækur. En þegar ég ætla að líta ósköpin blasir fuglinn sjálfur við mér á jörðinni í dauðakippum. Þá rifjast upp fyrir mér atvikið þegar við strákarnir á Bíldudal fundum vængbrotinn máv og fórum með hann til smiðs sem við kölluðum aldrei annað en Graeme Souness enda nauðlíkur samnefndum harðjaxli Liverpool. Smiðurinn benti á Byltuna og sagði, „sjáið þið“. Þegar við litum svo aftur til smiðsins var mávurinn orðinn minning ein. Nú fannst mér ég þurfa að taka Graeme Souness á þetta til að binda enda á þjáningar fuglsins. Ég tek hann því upp, flóttalegur eins og þjófur að nóttu, og er að fara að snúa upp á hann en þá heyri ég lítinn dreng segja: „Mamma, hvað er hann að gera við fuglinn?“

ÉG horfði á fuglinn og spurði, hvorn okkar er verið að taka af lífi?



YFIRBURÐIR

Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðallestur á tölublað 18–49 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, jan.– mar. 2015

Allt sem þú þarft ...

GERÐU GÆÐA-OG VERÐSAMANBURÐ

Nýtt

FEYDOM

RAÐAÐU SAMAN ÞÍNUM EIGIN SVEFNSÓFA

Það nýjasta í dag... einingar sem hægt er að raða saman á ótal vegu. Breyttu, bættu við eða stækkaðu svefnsófann. Sterkt áklæði sem auðvelt er að þrífa - Margar gerðir og litir.

BONBONS S
2 grunneiningar:
4 sæta sófi/
tvöfalt rúm með
2 púðum /
kodda kr. 169.950.-

FAYDOM BONBON M kr. 229.900.-

KÍKTU Á FEYDOM.COM OG SJÁÐU MÖGULEIKANA

BODYPRINT - IQ CARE

BYLTING Í HEILSUDÝNUM

ein allra besta heilsudýna sem hægt er að fá í dag!

Ný marg-svæðisskipt hönnun sem gefur einstakan stuðning við allan líkamann.

BODYPRINT er með nýjan opnari efniseiginleika sem gerir það að verkum að hún andar miklu betur (svitnar síður).

BODYPRINTer með nýja sterkari þrýstijöfnunar-efnablöndu sem endist lengur og mótast betur að líkamanum.

BODYPRINT aðlagast svo til samstundis að líkamanum og tryggir betra blóðflæði. Þú nærð því dýpri og betri svefni. Auðvelt er að snúa sér á heilsudýnunni.

BODYPRINT er samvinnuverkefni Veldeman Bedding og Eupen verksmiðjanna í Belgíu.

BODYPRINT er með innbyggðan stuðningspúða sem gefur betri stuðning við lágbakið.

BODYPRINT er með mjúkt útskorið axlasvæði sem gefur vel eftir við axlir.

BODYPRINT leitast við að halda hryggsúlunni í beinni stöðu og gefur réttan stuðning við allan líkamann.

Réttur stuðningur og þrýstijöfnun
Settu heilsuna í fyrsta sæti

Reverie

Vönduð stillanleg
HEILSURÚM
með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu

- Inndraganlegur sterkur stálbotn
- Rúm dregst upp að vegg þegar baki er lyft upp
- 10 mismunandi nuddstillingar
- Hljóðlátir og krafmiklir mótorar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur.
- Val um dökkan eða ljósan lit í bólstrun

Kíktu á www.reverie.com

RECOGNIZED FOR EXCELLENCE WOMEN CERTIFIED

IQ-CARE
Svæðisskipt þrýstijöfnunardýna sem veitir fullkominn stuðning.
Einnig úrval af heilsukoddum

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

Svefn & heilsa

Baldursnesi 6 - Akureyri

Listhúsið - Reykjavík

*3.5% lántökugjald

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum